



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. nóvember 2008 — 323. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

ÞRIÐJUDAGUR

45 ár í bransanum

Rúni Júl frestar hrörnuninni með morgungöngu-túrum í hvaða veðri sem er.

FÓLK 22



Konur sjá ný tækifæri

Félagsmálaráðuneytið ver auknu fé í atvinnurekstur kvenna.

TÍMAMÓT 18

Öldur reiðinnar

„Opin og almenn umræða og fjölsóttir borgarafundir eru það besta sem hægt er að hugsa sér í núverandi aðstæðum,“ skrifar Jónína Michaelsdóttir.


Í DAG 16

Vill fara til FCK

Rúnar Káráson stefnir á að fá samning hjá danska stórliðinu FCK og kom sér sjálfur á framfæri við félagið.


ÍPRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA NOKKUÐ BJART Framan af degi verður stíf vestan átt á landinu, 8-15 m/s. Það lægir smám saman síðdegis eða í kvöld. Bjart með köflum sunnan og austan til, annars skýjaðra og yfirleitt þurr. Kólnandi.

VEÐUR 4



Fréttablaðið er með 112% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft... alla daga

Þjóðin vill flýta kosningum

Tæplega 64 prósent vilja kosningar í vor eða fyrr. Sjö prósent vilja kosningar eftir vorið, en áður en kjörtímabilið rennur út. Tæplega þrjátíu prósent vilja bíða með kosningar til 2011 þegar kjörtímabilinu lýkur.

SKOÐANAKÖNNUN Tæplega sjöttíu prósent segjast vilja flýta alþingiskosningum, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 5,9 prósent segjast vilja kosningar fyrir áramót. 19,0 prósent vilja kosningar í ársbyrjun 2009. Stærsti hópurinn, eða 38,6 prósent, vilja kosningar vorið 2009. 7,2 prósent segjast vilja flýta kosningum, en þó þannig að þær fari fram eftir næsta vor, en áður en kjörtímabilið rennur út. 29,3 prósent vilja ekki nýjar kosningar fyrr en árið 2011 þegar kjörtímabilinu lýkur.

Lítill sem enginn munur er á afstöðu eftir kyni, en íbúar höfuðborgarsvæðisins eru óþolin-

móðari eftir kosningum en íbúar landsbyggðarinnar. Ef lítið er á óskir um kosningar eftir stuðningi við stjórnvaldaflokka vilja nánast allir kjósendur Framsóknarflokksins kosningar eftir áramót eða í vor. 85,7 prósent Vinstri grænna vilja kosningar í síðasta lagi í vor, en 10,5 prósent þeirra vilja bíða fram til 2011 þegar kjörtímabilinu lýkur. Af þeim sem ekki gefa upp stuðning við flokk vilja 63,9 prósent kosningar í síðasta lagi í vor, en 28,0 prósent vilja bíða fram til 2011.


Ef lítið er til stuðningsmanna stjórnarflokka er meiri stuðningur fyrir því að flýta alþingiskosningum meðal kjósenda

Samfylkingarinnar en kjósenda Sjálfstæðisflokks.

71,3 prósent kjósenda Sjálfstæðisflokks vilja ekki flýta kosningum en 23,3 prósent vilja kosningar í síðasta lagi í vor. 27,6 prósent samfylkingarfólks vilja hins vegar ekki flýta kosningum, en 63,7 prósent þeirra vilja kosningar í síðasta lagi í vor.

Hringt var í 800 manns laugardaginn 22. nóvember og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var: Hvenær telur þú að eigi að ganga næst til kosninga? 90,8 prósent aðspurðra tóku afstöðu til spurningarinnar.

HVENÆR Á AÐ KJÓSA?



- 55



RÁÐHERRARNIR SKAMMADIR Átta af tólf ráðherra ríkisstjórnarinnar mættu á borgarafund í Háskólabíó í gærkvöldi. Davíð Oddsson seðlabankastjóri mætti ekki. Troðfullt var langt út úr dyrum og mikill hiti var í viðstöddum. Hér hlýða ráðherrarinn á orð Benedikts Sigurðarsonar framkvæmdastjóra, sem meðal annars kallaði vörðrygginguna vísíslvél andskotans.

sjá síðu 2

Sigurður Einarsson reynir að finna nýja eigendur að Kaupþingi í Lúxemborg:

Aðstoðar við sölu bankans

VIÐSKIPTI Sigurður Einarsson er ennþá stjórnarformaður Kaupþings í Lúxemborg og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vinnur hann að því hörðum höndum að koma bankanum í hendur nýrra eigenda. Takist það ekki innan tíu daga, segir heimildarmaður Fréttablaðsins, er bankinn kominn í þrot.

Frá skilanefnd Kaupþings fengust hins vegar þau svör að Sigurður væri stjórnarformaður Kaupþings í Lúxemborg „að nafninu

til“ og ólíklegt væri að hann fengi aðgang að gögnum bankans.

Knútur Þórhallsson, sem sæti á í skilanefnd, segir jafnvel að Sigurður hafi ekki greiðari aðgang að gögnum bankans frekar en allur almenningur. Það stangast á við svör háttsetts starfsmanns bankans í Lúxemborg sem segir Sigurð hafa aðgang að gögnum bankans sem stjórnarformaður hans þar í landi.

Hreiðar Már Sigurðsson hefur hins vegar hætt öllum afskiptum

af bankanum. Hann hefur ekki komið í höfuðstöðvarnar í Lúxemborg eftir bankahrunið og kemur ekki að kaupum eða sölu bankans samkvæmt heimildum blaðsins.

Leitað hefur verið að kaupendum að bankanum víða um heim, án árangurs enn sem komið er, en viðræður standa nú yfir við fjárfesta og eru miklar vonir bundnar við þær. 180 starfsmenn vinna hjá bankanum og átján íslenskar fjölskyldur vinna þar fyrir sér.

- jse

litill pastaréttur og brauðstöng

390 kr.

Stjórnotorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 www.sbarro.is • sími 517 7750

Alþingi í gær:

Vantraust á báða bóga

STJÓRN MÁL Vantrausttillaga á ríkisstjórnina var felld eftir fimm klukkustunda umræður á Alþingi í gær þar sem vantrausti var lýst á báða bóga. 18 greiddu atkvæði með tillöggunni en 42 á móti. Meðal þeirra sem greiddu atkvæði á móti tillöggunni var Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Frjálslynda flokksins. „Ég tel kosningar nú ótímabærar enda yrðu það kosningar á grundvelli sögusagna og æsinga en ekki á málefnalegum forsendum,“ sagði hann í samtali við Fréttablaðið.

Þingmönnum var mörgum hverjum heitt í hamsi og áttu sumir þeirra erfitt með að sitja þöglir í sætum sínum. Fólk sem fylgdist með af pöllum lét einnig í sér heyra og var nokkrum stjórnarandstæðingum klappað lof í löfa fyrir málflytingu sinn og oft þurfti að sussa á þá.

Geir H. Haarde forsætisráðherra sat heldur ekki hljóður undir málflytingu andstæðinga sinna og lýsti hann yfir allsherjar vantrausti á stjórnarandstöðuna. - bps / sjá síðu 8

Ifö **TENGI**

Mikið úrval af upphengdum salernum

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 tengi.is

Smíðjuvegi 76 • Kópavogi Baldursnesi 6 • Akureyri

OFURDAGUR
BENSÍNORKUNNAR

FÁÐU ÞÉR ÖRSMÁAN LYKIL AÐ MIKLU MEIRI SPARNAÐI



Í dag er Ofurdagur á Orkustöðvunum

-5 kr.

af dæluverði á öllum
stöðvum fyrir handhafa
Orkulykla

Fáðu þér
lykil að
sparnaði

Alltaf
2 króna
afsláttur


af dæluverði Bensínorkunnar
sem kannanir sýna að er
læggra en hjá öðrum aftur
og aftur og enn aftur!

Taktu svoltið
bleikari afstöðu
- spáðu í hvað
þú sparar!

Vertu með og veldu sparnað. Pantaðu nýja Orkulykilinn á www.orkan.is eða í síma 533 5123 og við sendum hann um hæl þér að kostnaðarlausu með innbyggðum 2 króna afslætti og 5 króna afslætti við fyrstu áfyllingu og á Ofurdögum Bensínorkunnar. Vertu bleikari og fáðu ódýrara eldsneyti!

Byrjaðu sparnaðinn á www.orkan.is

Á Ofurdögum gilda ekki aðrir afslættir. Viðskiptavinur fær ávallt þann afslátt sem hagstæðastur er hverju sinni.



SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!



GOTT FOLK 137516

HÉR VIRKAR **HEIMAVÖRNIN** BEST

Fólk er sjaldnast heima hjá sér þegar innbrot á sér stað. Með Heimavörn Securitas er heimilið verndað allan sólarhringinn, allt árið um kring. – Njóttu þess að vera að heiman.

Hafðu samband í síma 580 7000 og fáðu heimsókn frá öryggisráðgjafa.
Nánari upplýsingar er einnig að finna á vefsíðu okkar, www.securitas.is.



HEIMAVÖRN



KJÖRKASSINN

Fannst þér lögregla ganga á langt með því að nota píparúða á mótmælendur á laugardag?

Já	45,9%
Nei	54,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Fórst þú á eða fylgdist með borgarafundi í Háskólabíói?

Segðu skoðun þína á visir.is

Landssamband íslenskra útvegsmanna hótar úrsögn úr Samtökum atvinnulífsins: Klofningur í aðsigi innan SA

EVROPUMÁL Landssamband íslenskra útvegsmanna flugar að segja sig úr Samtökum atvinnulífsins, ef þau beiti sér beint fyrir inngöngu í Evrópusambandið. „25 til 30 prósent félagsmanna Samtaka atvinnulífsins eru andvíg inngöngu í Evrópusambandið. Að samtökin ætli að beita sér í andstöðu við þennan hóp félagsmanna er óeðlilegt og hefur aldrei gerst áður,“ segir Adolf Guðmundsson, formaður LIÚ.

Samtök atvinnulífsins hafa nú í vinnslu skóðanakönnun meðal aðildarfyrirtækja um hvort fyrirtækin vilji að samtökin beiti sér fyrir aðild að Evrópusambandinu.

Adolf segir ekki hægt að lesa annað úr því en að samtökin ætli sér að taka afstöðu, þótt það hafi legið fyrir frá stofnun þeirra að þau beiti sér ekki gegn grundvallarhagsmunum aðildarfélaga sinna.

Adolf segir algjöran einhug ríkja innan LIÚ um að ekki skuli sótt um aðild að Evrópusambandinu. Hins vegar séu misjafnar skoðanir um upptöku annars gjaldmiðils meðal aðildarfélaga. Sú leið hafi þó ekki verið rædd á vettvangi sambandsins. Skýr stefna þess sé að mikilvægasta verkefnið nú sé að styrkja íslensku krónuna.

- hhs



ADOLF GUÐMUNDSSON Formaður LIÚ segir óviðunandi ef Samtök atvinnulífsins ætli að beita sér fyrir inngöngu í Evrópusambandið.

Héraðsdómur Reykjavíkur: Fjórir mánuðir fyrir fjáarkúgun

DÓMSMÁL Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að kúga samtals 130 þúsund krónur út úr þremur mönnum.

Hann hótaði mönnum þremur að birta nöfn þeirra opinberlega, myndir af nöktum kynfærum þeirra á vefsíðu og saka þá um að vera barnaniðinga. Myndirnar höfðu mennirnir þrjú tekið sjálfir og sent í netsamskiptum til mannsins, en hann kvaðst hafa sagt þeim að hann væri unglingsstúlka.

Kona sem var einnig ákærð í málinu fyrir að hafa tekið á móti fjárumunum inn á reikning sinn var sýknuð.

- jss


Áfallið og stórfjölskyldan

Grand Hótel – þriðjudaginn 25. nóvember frá kl. 18:30–20:00

- Fjölskylduhjúkrun**
Sigrún Þoroddsdóttir hjúkrunarfræðingur krabbameinsteymis Barnaspítala Hringins.
- Áfallið og stórfjölskyldan**
Vigfús Bjarni Albertsson prestur á LSH.
- Kaffiveitingar**
- Frá sjónarhóli afa**
Gunnar Tómasson afi krabbameinssjúks drengs lýsir sinni reynslu.
- Umræður**

Fundarstjóri: Gunnar Ragnarsson, formaður Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna.

Allir velkomnir



HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS

Lagadeild

Málstofa

Baráttan gegn ólöglegum fiskveiðum

Háskóla Íslands, Lögbergi, stofu 101, miðvikudaginn 26. nóvember 2008 kl. 12.30-14.00

Dagskrá:

- 12.30 Inngangur: Tómas H. Heiðar, þjóðréttarfræðingur í utanríkisráðuneytinu, forstöðumaður Hafréttarstofnunar Íslands.
- 12.45 Framsöguerindi: Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri HB Granda hf.
- 13.05 Framsöguerindi: Dr. Rosemary Rayfuse, prófessor í þjóðarétti við Háskólann í New South Wales, Sydney, Ástralíu.
- 13.35 Fyrirspurnir og umræður.
- 14.00 Slit.

ALLIR VELKOMNIR

3,6 billjónum meiri lán

Útlán bankanna jukust hratt árið 2007 eftir þrengingar fyrra árs. Aukning á þessu ári skýrist af falli krónunnar. Aukning Landsbanka og Glitnis er nærri jafnmikil.

VÍDSKIPTI Útlán Kaupþings, Glitnis og Landsbankans jukust um tæplega 3.616 milljarða króna milli annars ársfjórðungs í fyrra og annars fjórðungs þessa árs, samkvæmt uppgjörum bankanna. Aukning Kaupþings er mest, nemur rúmum 1.560 milljörðum króna. Svo kemur Glitnir með tæpa 1.050 milljarða og Landsbankinn með tæpa 1.004.

Sem hlutfall af heildareignum var aukningin minnst hjá Glitni á tímabilinu, eða tvö prósentustig.

Edda Rós Karlsdóttir, hagfræðingur hjá Landsbankanum, segir að þegar bankarnir hafi tekið að fjármagna sig á ný eftir „Íslandskrisuna“ svonefndu hafi um tíma verið mjög mikil eftirspurn eftir skuldabréfum þeirra. „Þegar bankarnir tóku svo að fjármagna sig á ný með skuldabréfum þá gekk sú sala afar vel. Svo hækkaði líka um tíma láns-

hæfiseinkunn bankanna hjá Moody's og rosaleg eftirspurn varð til. Þá báru skuldabréf þeirra hátt álag miðað við aðra banka með sambærilegt lánsþæfi,“ segir Edda, en þetta stóraukna aðgengi bankanna að fjármagni segir hún hafa kynnt undir vexti á nýjan leik. „Menn kunnu sér ekki hóf, sem var synd eftir áfallið 2006.“

Þegar skoðaðar eru tölur um útlán segir Edda Rós samt að hafa verið í huga að gengi krónunnar hafi áhrif, þar sem reikningar bankanna séu jú í krónum, þótt lán séu að stórum hluta í annarri mynt. „Árið 2007 var gengið samt ekki mikið að stríða. Aukning á þessu ári skýrist hins vegar einvörðungu af hreyfingu krónunnar. Bankarnir voru allir að dragast saman í evrum.“

Sveiflur á gengi krónunnar gera

að verkum að erfiðara er að bera saman vöxt bankanna við aðra sambærilega. Heimildir innan bankageirans telja að þegar leiðrétt hefur verið fyrir krónunni komi í ljós að vöxtur þeirra hafi líkast til verið sambærilegur við aðra norræna banka eftir að undirmálslánakrisan kom upp í ágúst í fyrra, þótt áður hafi þeir vaxið mun hraðar. Sérstafa Glitnis sé þó að þar hafi útlánvöxtur ekki tekið kipp fyrr en á þriðja fjórðungi síðasta árs, mun síðar en hjá hinum bönkunum. Um leið er bent á að bankarnir hafi auknið við lausafé sitt eftir 2006 og því ekki farið jafngeyst og áður. Þá hafi þeir staðið af sér 13 mánuði þar sem fjármögnunarmarkaðir hafi verið lokaðir. Þótt bankarnir hafi ekki þolað slíkt ástand nema í tvo til þrjá mánuði.

olikr@markadurinn.is

Grænlandingar ganga til atkvæða í dag um breytt tengsl við Danmörku: Kosið um ný sjálfstjórnarlög

GRÆNLAND Yfirgnæfandi líkur eru til þess að Grænlandingar samþykki ný sjálfstjórnarlög í atkvæðagreiðslu, sem haldin verður í dag. Verði lögin samþykkt tekur grænlandska stjórnin að sér fleiri verkefni frá dönskum stjórnvöldum og munar þar mestu um dómsmálin.

Auk þess er opnuð leið til þess að Grænland fái fullt sjálfstæði frá Danmörku. Sú leið er byggð á því að tekjur Grænlandinga af náttúruauðindum, einkum væntanlega af olíuvinnslu, muni aukast svo mjög að ekki verði lengur þörf á fjárframlagi frá Danmörku.

Í lögunum er ákvæði um að tekjur af náttúruauðindum á Grænlandi renni að óbreyttu til



FRÁ GRÆNLANDI Verði sjálfstjórnarlögin samþykkt taka þau gildi 21. júní á næsta ári, en um leið falla úr gildi grænlandska heimastjórnarlögin frá 1979.

NORDICPHOTOS/AFP

til Grænlands um helming af viðbótartekjunum.

Verði tekjur af náttúruauðindum helmingi meiri en núverandi fjárframlög frá Danmörku, þannig að danska framlagið fellur alveg niður, þá skal semja upp á nýtt og geta Grænlandingar þá sóst eftir fullu sjálfstæði.

Samkvæmt niðurstöðum skóðanakönnunar, sem voru birtar á vefsíðu grænlandska dagblaðsins Sermitsiak, ætlar 61 prósent að samþykka sjálfstjórnarlögin, en 19 prósent ætla að hafna þeim. Fimmtán prósent kjósenda höfðu ekki gert upp hug sinn, en 5 prósent ætluðu ekki að greiða atkvæði.

- gb

„...fyrst á visir.is“

visir.is

...ég sá það á visir.is

Í þessum
fiskréttum er
einungis fyrsta flokks
hráefni og hef ég ásamt
matreiðslumeisturum
á Þremur frökkum
kappkostað að ná öllu
því besta fram í
braðlaukunum.
Verði þér að góðu!

Úlfar Eysteinnsson
veitingamaður
á Þremur frökkum

NÝTT
í Hagkaup

NÝIR FISKRÉTTIR

Frábærir nýir réttir frá
Úlfari á Þremur Frökkum



Ýsa í rjómasinnepssósu
með grænmeti



Steinbítur í austur-
lenskri sósu með
grænmeti



Lax í gráðostasósu
með grænmeti



Lax í súrsætri sósu
með grænmeti



Plokkfiskur
í sparifötunum

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



GÓMSÆT GJÖF FYRIR SÆLKERA

*Falleg gjafakarfa með úrvali af bragðgóðum
íslenskum ostum er tilvalin jólagjöf
handa starfsfólki og viðskiptavinum*



*Á vefsíðu okkar www.ostur.is er að finna nánari upplýsingar
um sækeraostakörfurnar okkar og ostana sem í þeim eru.*

Þú færð ráðgjöf og tilboð hjá sölufulltrúum
okkar í eftirfarandi símanúmerum;
Söludeild Reykjavík s. 569 2200 og söludeild Akureyri s. 460 9610.

Einnig geturðu sent fyrirspurnir á netföngin ostakorfur@ms.is
og soludeild@ms.is eða með bréfsíma í númer 569 2222.



www.ostur.is

MJÓLKURSAMSALAN

FRÉTTASKÝRING: Umræða um vantraust á ríkisstjórnina



TRAUST Fimm ráðherrar grúfðu sig ofan í pappíra á meðan Valgerður Sverrisdóttir skammaði þá. Umræður og atkvæðagreiðsla á Alþingi í gær leiddu í ljós traust 42 stjórnarliða og eins stjórnarandstæðings á ríkisstjórninni.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Algjört vantraust

**Skylmast var um stjórn-
málin í fimm tíma löngum
umræðum á Alþingi í gær.
Stjórnarliðar mærdi eigin
verk en stjórnarandstaðan
fann þeim allt til foráttu.
Vantrausti var lýst á báðar
hendur. Átján greiddu
atkvæði með vantrauststil-
lögu.**

Ríkisstjórnin er enn við völd – hvorki veikari né sterkari – eftir umræður gærdagsins um vantrauststillögu stjórnarandstöðunnar.

Í fimm klukkustundir ráku stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar hornin hvorir í aðra án annarrar niðurstöðu en þeirrar að stjórnarandstaðan vill ríkisstjórnina frá og kosningar sem fyrst en stjórnarliðar, og þá ekki síst ráðherrar, telja sig réttu mennina til að halda um stjórnrautana.

Þjóst einhver við öðru? Stjórnarandstæðingar notuðu öll orðin í orðabókinni til að lýsa því hve vonlaus ríkisstjórnin væri. Bent var á að hún nyti ekki trausts samkvæmt skoðanakönnunum, kröfur um að hún færi frá bærust alls staðar að, hún væri sundurlynd, verkfælin og bara að öllu leyti vanhæf til að takast á við verkefni fram undan.

Á móti fengu stjórnarandstæðingar að heyra að þeir sjálfir væru æði sundurlyndir, hefðu engar tillögur eða hugmyndir um hvernig takast ætti á við vandann og hefði þar að auki stutt viðamiklar aðgerðir ríkisstjórnarinnar á borð við neyðarlögin og aðstoðina frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Við lok umræðunnar lýsti svo forsætis-



NIÐUR MEÐ RÍKISSTJÓRNINA Fólk lét álit sitt á stjórnvöldum í ljós við umræðurnar. Oft þurfti að sussa á gesti á þöllumum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

ráðherra yfir einu allsherjar vantrausti á stjórnarandstöðuna.

Gagnrýnin

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, sagði við upphaf umræðunnar að ríkisstjórninni væru mislagðar hendur í björgunaraðgerðum sínum sem aðallega fælust í gríðarlegum lántökum og þar með skuldsætningu komandi kynslóða.

Valgerður Sverrisdóttir, formaður Framsóknarflokksins, benti á að þriðjungur ráðherra Samfylkingarinnar og margir þingmenn flokksins vildu kosningar. Þá furðaði hún sig á að forsætisráðherra hefði frekar treyst orðum bankastjóra viðskiptabankanna um að allt væri í himnalagi, fremur en viðvörunarorðum seðlabankastjóra.

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslyndra, sagði að ríkisstjórnin væri rúin trausti og það væri sjálfsgætt réttur þjóðarinnar að fá að kjósa sér nýja forystu. Gagnrýndi hann ráðherra fyrir að halda upplýsingum um bága stöðu efnahagsmála og banka-anna leyndum.

Vörnin

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði að vantrauststillagan virtist vanhugsuð og einkum setta fram til að valda óróa. Ekkert vit væri í að steypa þjóðinni út í kosningabárta núna. Þá væri tillagan gölluð að forminu til því í raun gerði hún ráð fyrir kosningum á gamlársdag. Fjallaði hann um aðdraganda bankahrunsins og sagði marga hafa haft uppi varnaðarorð. Þeim varnaðarorðum hefðu þó sjaldnast fylgt tillögur um úrbætur. Miklu fleiri hafi hins vegar verið þeirrar skoðunar að bankakerfið stæði traustum fótum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra kvaðst fagna að fá tækifæri til að fara yfir stöðuna og ræða ástæður þess að þjóðin stæði í þeim sporum sem hún stendur í. Sömuleiðis að fá tækifæri til að útskýra hvað ríkisstjórnin aðhefðist til að byggja samfélagið upp á ný. Að því búnu furðaði hún sig á að Valgerður Sverrisdóttir væri að spyrja hvernig þjóðin gæti verið komin í þá stöðu sem hún væri í. Hún sjálf ætti að svara því þar sem vandræðin hefðu komið upp á hennar vakt.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BÝSNA AFGERANDI

Atkvæðagreiðslan um vantrauststillögunu var gerð með nafnakalli. Flestir þingmenn svöruðu úr sætum sínum en sumir kusu að gera grein fyrir atkvæði sínu. Þegar upp var staðið voru niðurstöðurnar afgerandi: 18 á móti en 42 með. Þrír voru fjarverandi.

Stemningin

Sjaldgæft er að klappað sé í þingsalnum en það gerðist nokkrum sinnum í gær. Gestir á þingpöllum voru svo hrifnir af ræðum nokkurra stjórnarandstæðinga að þeir gátu ekki annað. Aldrei var klappað fyrir stjórnarliðum. Oft þurfti þingforseti að berja í bjöllu sína og sussa á fólk, ekki bara vegna klappsins heldur líka vegna frammíhalla. Fór svo að lokaviðvörðun var gefin og fólk gert ljóst að pallarnir yrðu rýmdir ef ekki fengist vinnufriður. Reyndar var fólk á þöllumum ekki eitt ábyrgt fyrir háreysti því þingmenn áttu sumir hverjir erfitt með að sitja þögulir undir ræðum pólitískra andstæðinga. Gjamm og köll voru tíð.



FRÉTTASKÝRING

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is

Kristinn af mælendaskrá Frjálslyndra

Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, greiddi atkvæði gegn tillögu formanna stjórnarandstöðuflokkanna um vantraust á ríkisstjórnina og nýjar kosningar. „Ég tel kosningar nú ótímabærar enda yrðu það kosningar á grundvelli sögusagna og æsinga en ekki á málefnalegum forsendum,” sagði Kristinn í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi.

„Til að fólk geti gert upp þessi mál og kosið þurfa upplýsingar um aðdraganda og málsatvik, bæði þátt fólks og fyrirtækja, að liggja fyrir. Þegar þær liggja fyrir og flokkarnir hafa unnið úr þeim og endur-



KRISTINN H. GUNNARSSON

GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON

metið stöðu sína getur fólk tekið ákvörðun.

Kristinn var ekki á mælendaskrá Frjálslyndra í umræðunum. „Mér var boðið að tala en þegar ég gerði for-

manninum grein fyrir afstöðu minni var ég sviptur málfrelsinu. Það þótti mér miður.”

„Enginn sviptir Kristín H. Gunnarsson málfrelsi,” sagði Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins. „En sá sem ekki ætlar að mæla fyrir tillögu getur ekki talað fyrir henni.”

Hvorugur gat sagt fyrir um líkleg áhrif þessa á störf Kristins í þingflokknum. „Nú þarf að leggja flokksmál og innanflokksmál til hliðar,” sagði Kristinn og vísaði til ástandans í þjóðfélaginu. „Ég veit ekki hvaða áhrif þetta kann að hafa,” sagði Guðjón.

EVRRUR TIL BAKA!

Powered by  ambi light



**NÚ FÆRÐU ALLT
AÐ 500 EVRUR TIL
BAKA VIÐ KAUP Á
PHILIPS AMBILIGHT
SJÓNVARPI**

www.cash-back.nu



SVONA VIRKAR PHILIPS AMBILIGHT TILBOÐIÐ

Þú kaupir PHILIPS sjónvarp með Ambilight baklýsingu hjá Heimilistækjum eða söluaðilum um land allt og passar upp á kvittunina. Ferð inn á www.cash-back.nu og prentar út beiðnina. Fyllir út beiðnina og sendir til PHILIPS ásamt kvittun og raðnúmeri, sem mun svo láta millifæra peninginn á þinn reikning.

32" PHILIPS	100 evrur
37" PHILIPS	100 evrur
42" PHILIPS	200 evrur
47" PHILIPS	300 evrur
52" PHILIPS	400 evrur
PHILIPS Aurea	500 evrur

TILBOÐIÐ GILDIR TIL 6. DESEMBER
HJÁ HEIMILISTÆKJUM OG SÖLUAÐILUM UM LAND ALLT

PHILIPS

sense and simplicity

REYKJAVÍK

SUDURLANDBRAUT 26
SÍMI 569 1500

AKUREYRI

GLERÁRGÖTU 36
460 3380

HÚSAVÍK

GARÐARBRAUT 18A
464 1600

SELFÖSS

EYRARVEGI 21
480 3700



Heimilistæki

ht.is



JÓLALJÓS Í BERLÍN Jólaljósín voru tendruð við kirkju Vilhjálms keisara í Berlín í Þýskalandi í gær en þá voru flestir jólamarkaðir í Þýsku höfuðborginni opnaðir. NORDICPHOTOS/AFP

Obama skýrði í gær frá vali sínu á fjármálaráðherra:

Bush ráðfærði sig við Obama

BANDARÍKIN, AP Barack Obama, sem tekur við forsetaembætti Bandaríkjanna 20. janúar næstkomandi, skýrði í gær frá því hverjir muni fara með stjórn efnahagsmála eftir að nýja stjórnin tekur við.

Timothy Geithner verður fjármálaráðherra í ríkisstjórn Obama, en tveir helstu ráðgjafar hans í efnahagsmálum verða Christina Romer og Lawrence Summers.

Þeirra bíður það erfiða verkefni að takast á við afleiðingar fjármálakreppunnar, sem skall á í haust.

George W. Bush, fráfari forseti, hafði á sunnudag samráð við

Obama áður en hann tók ákvörðun um að koma Citigroup, sem er næststærsti banki Bandaríkjanna, til bjargar. Bankinn hafði ríðað til falls, en stjórnin ákvað að veita honum 20 milljarða dala í aðstoð.

Bush sagðist með þessu hafa staðið við loforð sitt um að hafa náð samstarf við Obama síðustu mánuði sína í embætti.

Obama er þessa dagana í óða önn að velja sér ráðherra í ríkisstjórn sína. Frágengið er að Hillary Clinton verður utanríkisráðherra, en annar fyrrverandi mótherji Obama í baráttunni um útnefningu sem forsetaefni demókrata, Bill Richardson, ríkisstjóri



CLINTON OG OBAMA Clinton féllst á að verða utanríkisráðherra í stjórn Obama eftir að hafa verið fullvissuð um að hún fengi nokkuð frjálsar hendur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

í Mexíkó, verður væntanlega viðskiptaráðherra. -gb

Byggingariðnaður í Noregi: Atvinnuleysi eykst árið 2009

NOREGUR Atvinnuástandið í byggingariðnaði snarversnar í Noregi á næsta ári. Horfur eru á því að íbúðir seljist ekki og atvinnuleysi verður innan byggingariðnaðarins, að sögn norska blaðsins Teknisk Ukeblad.

Byggingariðnaðurinn í Noregi náði sögulegum hæðum árin 2004-2007. Starfsmenn í byggingariðnaði voru 192 þúsund talsins árið 2007 og nú er búist við að fækki um 28 þúsund manns á næsta ári og aðeins 164 þúsund verði starfandi í greininni. Þetta þýðir að um 70-80 þúsund manns verða atvinnulausir í framkvæmdageiranum í Noregi. -ghs



Hefur þú skaðast í slysi?

Slys breyta aðstæðum í starfi og frítíma. Gættu réttar þíns.

Við könnum rétt þinn á bótum!



FULLTINGI

slysa- og skaðabótamál

Fulltingi þér við hlið / www.fulltingi.is / sími 533 2050

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



LANDSPÍTALINN Forsvarsmenn fagfélaga heilbrigðisgeirans segja að auka ætti framlög til velferðarmála í ljósi yfirvofandi heilbrigðisvanda vegna kreppu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Auka þyrfti framlög en ekki skerða

Forsvarsmenn fagfélaga heilbrigðisgeirans eru samþykka um að svigrúm til niðurskurðar sé lítið sem ekkert. Fjármálaráðuneytið útilokar ekki tíu prósentu flatan niðurskurð til allra stofnana.

HEILBRIGÐISMÁL Forsvarsmenn stærstu fagfélaga innan heilbrigðisgeirans telja svigrúm til niðurskurðar í málaflokknum lítinn sem engan og eðlilegt væri að auka framlög með tilliti til áhrifa fjármálakreppu á andlega og líkamlega líðan almennings.

Fjármálaráðuneytið lét þau boð út ganga á dögunum að öll ráðuneyti kæmu með hugmyndir um tíu prósent niðurskurð af ársveltu. Ekki hefur verið tekið ákvörðun um að stofnanir heilbrigðiskerfisins, eða önnur ráðuneyti, þurfi að beita flötum niðurskurði en það er hins vegar ekki útilokað, samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu. Skilningur allra forsvarsmanna stærstu heilbrigðisstofnana landsins er sá að hver stofnun eigi að skera niður um tíu prósent. Það sama á við um forsvarsmenn fagfélaga í heilbrigðisstétt. Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra hefur hins

BIRNA JÓNSDÓTTIR



ELSA B. FRÍÐFINNSDÓTTIR



KRISTÍN Á. GUÐMUNDSDÓTTIR

vegar sagt að leitað sé hugmynda að sparnaði en engar ákvarðanir hafi verið teknar um hvernig hann komi niður á einstakar stofnanir. Elsa B. Friðfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, segir málið einfalt. „Ef það er í deigluinu að skera mikið niður í heilbrigðisþjónustunni þá er óumflýjanlegt að komi til mikils niðurskurðar á starfsemi og fjöldauppsagna starfsfólks. Mitt mat er að ef til slíks niðurskurðar kemur sé verið að veita þannig að kerfinu í heild að þjónustustigið verði fært aftur um fjölda ára.“

Birna Jónsdóttir, formaður Læknafélags Íslands, segir það fyrirséð að fjárhagslegt skipbrot muni hafa neikvæð áhrif á heilsu þúsunda Íslendinga. Stjórn félagsins leggi því áherslu á að framlög til heilbrigðismála verði aukin, ekki skorin niður, til þess að hægt verði að mæta þeim heilbrigðisvandamálum sem munu fylgja fjármálakreppunni. „Oft var þörf en nú er nauðsyn að nota peningana í það sem skiptir máli,“ segir Birna. Hún segist hafa ítrekað þessa skoðun við heilbrigðisráðherra persónulega og treystir sér ekki til að tjá sig um yfirlýsingar hans um að mögulegt sé að skera niður í heilbrigðismálum án þess að skerða þjónustustigið. „Það sem ég er að hugsa um er ekki prenthæft.“

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, segist hafa rætt við forsvarsmenn lítilla heilbrigðisstofnana úti um land sem hafi frábeðið sér að koma með niðurskurðarhugmyndir um hvernig ætti „að rústa“ stofnanir sem væru svo skuldatast að ekkert svigrúm væri til niðurskurðar.

svavar@frettabladid.is

Íslenskir unglingar:
Neyta meira koffíns en aðrir

HEILBRIGÐISMÁL Íslenskir unglingar drekka meira af gosdrykkjum en unglingar annars staðar á Norðurlöndum og um helmingur unglinga á Íslandi neytir umtalsvert meira af gosdrykkjum en unglingar í nágrannalöndum okkar. Þetta kemur fram í norrænni skýrslu um áhættumat vegna neyslu koffíns sem birtist í október. Skýrslan er liður í samstarfi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Matvælastofnun heldur opinn fræðslufund um koffín í dag, í umdæmisskrifstofu stofnunarinnar í Reykjavík að Stórhöfða 23 klukkan 15.00. - kg

Neytendur: Játningar „styrktaraðila“ líkamsræktarstöðvar

Keypti kort til þriggja ára en mætti einu sinni!



DR. GUNNI
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Alltof margir greiða fyrir líkamsrækt sem þeir stunda ekki. Björn er ýkt dæmi um slíkan „styrktaraðila“. Hann skrifar: „Ég keypti kort hjá Hreyfingu í júní 2007 og þá var dregið af vísa-kortinu mínu 3.690 kr. á mánuði. Ég mætti reyndar ekki í einn tíma eftir að ég keypti kortið og ári seinna sé ég á vísa-reikningnum að ég var að borga 6.900 kr. á mánuði. Þegar ég ætlaði að segja kortinu upp var mér tjáð að ég hefði bundið mig til 36 mánaða og þar sem ég hafi ekki gert athugasemdir við hækkinguna þá hafi þau tekið hana sem samþykkt. Mér var boðið að borga 47.610 kr. í riftunarsamning. Ég spyr: Er hægt að binda fólk í svona langan tíma? Er ekki hámarkstími 6 mánuðir? Og er

þetta lögleg hækkun úr 3.690 í 6.900 kr.?”

Ágústa Johnson svarar: „Hreyfing leggur mikla áherslu á að skilmálar samninga við viðskiptavinum séu skýrir, vel læsilegir og sanngjarnir. Á framhlið samningsins kemur fram klausa sem Björn kvittaði sérstaklega fyrir að hafa lesið. Þar kom fram að starfsemi Hreyfingar væri að flytja í nýtt og betra húsnæði og að breytingar yrðu á verðskránni á þeim tímamótum. Ef óskað væri eftir að slíta



samningi vegna hækkingarinnar var heimilt að gera það í janúar 2008 gegn 5.000 kr. riftungargjaldi.

Okkur þykir leitt að Björn skyldi ekki nýta kortið sitt í Hreyfingu og við hvetjum hann til að koma til okkar sem fyrst og byrja að æfa og nýta kortið sitt. Innifalið í aðildinni hans er einnig sundkort sem gildir í allar sundlaugar ÍTR svo hann gæti verið að fá mikið fyrir peninginn sinn ef hann bara kysir það.“

Forysta Framsóknarflokksins:
Birkir vill verða varaformaður

STJÓRNMÁL Birkir Jón Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins og fulltrúi hans í bæjarstjórn Fjallabyggðar, sækist eftir embætti varaformanns Framsóknarflokksins.

Forystukjör verður á flokksþingi Framsóknar í janúar.

Í tilkynningu kveðst Birkir hafa fengið margar áskoranir um að sækjast eftir forystuhlutverki í flokknum. Segir hann ákvörðun um að gefa kost á sér í embætti varaformanns hafa verið tekna að vel ígrunduðu máli.

Birkir er 29 ára Siglfirðingur. Hann hefur setið á þingi í fimm ár en var áður aðstoðarmaður félagsmálaráðherra. - bps



BIRKIR JÓN JÓNSSON



DREGNIR FYRIR DÓM Átta sómalskir sjóræningjar eru í haldi í Kenía. NORDICPHOTOS/AFP

Leiðtogi Arababandalagsins:
Vill aðgerðir gegn sjóránnum

SÓMALÍA, AP Amr Moussa, leiðtogi Arababandalagsins, hvetur arabaríki til að beita sjóher sínum gegn sjóræningjum við austurhorn Afríku.

„Það ætti að vera sameiginlegur herafli arabaríkja sem byggður er á ákvæðum og anda arabaráðstefnanna,“ sagði Moussa í gær í Kaíró í Egyptalandi, og vísaði til varnarsamnings arabaríkjanna.

Herskip frá NATO, Bandaríkjunum og fleiri ríkjum fylgjast með siglingaferðum á sjóræningjaslóðunum út af Sómalíu, en flest þessi herskip hafa afar takmarkað umboð til að bregðast við. - gb

SKIPULAGSMÁL

Hafna lóð fyrir slökkvistöð

Stjórn Slökkvistöðvar höfuðborgarsvæðisins hefur hafnað boði fyrir-tækisins Tréfags um kaup á byggingu undir slökkvistöð við Víkurharf í Kópavogi. Stjórnin segir að staðsetningin og húsnæðið henti ekki.

ÁFRAM ÍSLAND
- fyrir hag heimilanna

Fundarherferð ASÍ um landið í samstarfi við aðildarfélögin

Í dag: Egilsstaðir, Hótel Hérað - kl. 20.00

Staðir: Selfoss, Hótel Selfoss - 26. nóvember kl. 18.00
Reykjavík - Útifundur á Ingólfstorgi - 27. nóvember kl. 17.00

Dagskrá: Áfram Ísland - fyrir hag heimilanna. Hvert skal halda?
Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ

Pallborð: Formenn landssambanda og stærstu félaga ASÍ sitja fyrir svörum
Tónlistaratriði, skipulagt í samvinnu við FÍH
Forystumaður stéttarfélags í heimabyggð kynnir drög að ályktun fundarins
Í lokin verður boðið upp á kaffispjall



Alþýðusamband Íslands



MEÐ SÓFA Á BAKINU í borginni Guiyang í Guizhu-héraði suðvestan til í Kína sást í gær til þessa manns, sem gekk um með sófa á bakinu og bros á vör í von um að einhver vildi kaupa húsgagnið.

NORDICPHOTOS/AFP

Sagnfræðingafélag Íslands: Fordómar gegn geðsjúkdómum

SAMFÉLAGSMÁL Óttar Guðmundsson læknir fjallar í dag um fordóma gegn geðsjúkdómum á síðustu öld.



**ÓTTAR
GUÐMUNDSSON**

Hann segir þá hafa verið víðtæka og stjórnmálamenn og rithöfundar hafi ekki hikað við að tala af lítilsvirðingu um sjúklinga á Kleppspítala.

„Þeir sem þurftu aðstoðar við voru stimplaðir klepparar og orð eins og klepptækur varð algengt. Sjúklingarnir þar voru taldir heimskir. Þetta breyttist þegar æ fleiri fengu reynslu af geðsjúkdómum.“ Fyrirlesturinn er í Þjóðminjasafninu og hefst klukkan 12.05.

- kóp

Kaupmáttur minnkar vegna launalækkana og verðbólgu

Áhrif launalækkana, verðbólgu og gengishrunsins á kjör Íslendinga eru mikil. Fasteignir rýrna í verði. Vegna þróunar íslensku krónunnar eru grunnlaun dansks gjaldkera nú rúmlega hálf milljón króna.

EFNAHAGSMÁL Laun á Íslandi hafa hækkað um 8,8 prósent síðasta árið. Hins vegar hefur verðbólga verið 15,9 prósent. Kaupmáttar geta Íslendinga hefur því rýrnað um sjö prósent á einu ári þrátt fyrir launahækkunir. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofnunni.

Vaxtahækkunir á Íslandi hafa haft í för með sér þyngri greiðsluþyrði svo sem af húsnæðislánum, bílalánum, námslánum og yfirdráttarlánum svo eitthvað sé nefnt.

Íslendingar þurfa vegna gengishrunsins að sætta sig við að samamburðurinn á launum þeirra við það sem gerist annars staðar er þeim mjög óhagstæður. Til að mynda eru grunnlaun dansks gjaldkera nú rúmlega hálf milljón íslenskra króna. Hafa verður þó í huga að kaupmáttur milli landa er ekki sá sami. Hins vegar er ljóst að stór hluti gengisbreytinga hefur ekki enn skilað sér inn í verðlagið á Íslandi. Þá má hafa í huga að fjöldi fólks hefur einnig þurft að taka á sig launalækkunir á síðustu vikum vegna þess hve mörg fyrirtæki standa höllum fæti nú. Þá eru þeir ótaldir sem hafa misst vinnuna.

Í Peningamálam Seðlabankans er svo spáð tæplega helmingslækkun á raunvirði fasteigna sé miðað við árin 2007 til 2011. Gengislækkunin gerir fólki svo enn erfiðara fyrir. Sá sem á hús sem var um það bil 40 milljónir að raunvirði og nær að selja það fyrir um 35 milljónir áður en hann

hyggur á að flytja til Danmerkur þyrfti að sætta sig við mikla rýrnun tækist á annað borð að skipta fénu úr íslenskum krónum í danskar. Milljónirnar 35, sem hefðu verið tæplegar þrjár milljónir danskra króna hefði þeim verið skipt 20. nóvember árið 2007, verða vegna gengisbreytinga aðeins 1,5 milljónir danskra króna hefði tekist að skipta svo miklum gjaldeyri í gær. Það er því ekki hlaupið að því fyrir fólk sem hefur komið sér upp þaki yfir höfuðið að flytja úr landi í leit að störfum.

Breska blaðið Daily Mail fjallaði um stöðu Íslendinga í gær. Íslendingar sæju nú afborganir af lánum vaxa um helming, verðbólgan geti komið til með að vaxa um 30 prósent til viðbótar á þessu ári og þá væri hverju mannsbarni gert að taka á sig gríðarlegar skuldir vegna bankahrunsins.

Mestur samdráttur hefur verið í byggingariðnaðinum á Íslandi. Á vegum Samiðnar, Sambands iðnfélaga, hafa verið kynnt atvinnutækifæri fyrir iðnaðarmenn annars staðar á Norðurlöndum. Finnbjörn A. Hermannsson, formaður Trésmiðafélags Íslands, segir að enn sem komið er hyggi flestir á að verða farandverkamenn enda ekki hlaupið að því að flytjast af landi brott. Þá sé staðan þannig að þótt einhver tækifæri séu fyrir hendi til að fá vinnu erlendis sé ekki ólíklegt að markaðurinn mettist innan tíðar.

karen@frettabladid.is



STAÐAN SLÆM EINS OG ER Vaxtahækkunir á Íslandi hafa haft í för með sér þyngri greiðsluþyrði svo sem af húsnæðislánum, bílalánum, námslánum og yfirdráttarlánum svo fátt eitt sé nefnt. Takist Íslendingi að selja fasteign sína og hann hyggist flytja úr landi eru líkur á að féð myndi rýrna um helming tækist að skipta því í annan gjaldeyri.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÁHRIF GENGISHRUNS Á LAUN

	Ísland	Danmörk
Grunnlaun gjaldkera	206 þús. ísl.kr.	548 þús. ísl.kr.
Meðallaun reyns hjúkrunarfræðings	400 þús. ísl.kr.	644 þús. ísl.kr.
Grunnlaun í umbrots- og graffikstörfum	327 þús. ísl.kr.	686 þús. ísl.kr.

Upphæðirnar eru námundaðar og fengnar af síðu Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja, Finansforbundet.dk, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Launakönnun VR og hk.dk. Miðað er við að gengi íslensku krónunnar sé 23 krónur danskar.

www.toyota.is

SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA **BETRI** EN AÐRIR

ÚRVALSBÍLL Kletthálsi 2



Toyota Corolla Sol MM
1600 bensín, 5 gíra MM
Á götuna: 05.07 Ekinn: 22.000 km
Verð: 2.670.000 kr. Skr.nr. KX-832
Tilboð 2.350.000 kr.

ÚRVALSBÍLL Nýbýlavegi 4



Toyota Avensis Sol
1800 bensín, sjálfsk.
Á götuna: 05.07 Ekinn: 36.000 km
Verð: 2.950.000 kr. Skr.nr. RG-651
Tilboð 2.650.000 kr.

ÚRVALSBÍLL Nýbýlavegi 4



Toyota Yaris Sol
1300 bensín, 5 gíra
Á götuna: 06.07 Ekinn: 37.000 km
Verð: 1.750.000 kr. Skr.nr. YN-013
Tilboð 1.590.000 kr.

ÚRVALSBÍLL Nýbýlavegi 4



Toyota RAV4 GX
2000 bensín, sjálfsk.
Á götuna: 11.06 Ekinn: 45.000 km
Verð: 3.270.000 kr. Skr.nr. YA-046
Tilboð 2.990.000 kr.

GÆDABÍLL Nýbýlavegi 4



Toyota Land Cruiser 120 GX
3000 dísel, 6 gíra
Á götuna: 11.04 Ekinn: 126.000 km
Verð: 3990.000 kr. Skr.nr. SU-367
Tilboð 3.490.000 kr.

ÚRVALSBÍLL Nýbýlavegi 4



Toyota Auris
1400 bensín, 5 gíra
Á götuna: 09.07 Ekinn: 15.000 km
Verð: 2.080.000 kr. Skr.nr. AB-J59
Tilboð 1.790.000 kr.

BNB-sölugreining

Bílnarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

Núna bjóðum við 6 betri notaða bíla með 12 mánaða viðbótarábyrgð.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

ÚRVALSBÍLL

GÆDABÍLL

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070


NÝTT ÚTIBÚ

Betri Notaðir Bílar
Kletthálsi 2
Reykjavík
Sími: 570-5220



Við stöndum vaktina á **115** **stöðum** á Íslandi

N1 er það fyrirtæki sem býður upp á flesta afgreiðslustaði á Íslandi. Við stöndum vaktina á 115 stöðum, allt frá höfuðborginni til Grímseyjar. Þessi góðu tengsl við fólkið og fyrirtækin í landinu minna á nauðsyn þess að standa vörð um innlenda framleiðslu og þjónustu.



Þótt N1 sé ungt fyrirtæki, þá byggjum við á traustum grunni. Það er einlægur ásetningur okkar að setja íslenskt í öndvegi eins og okkur er framast kostur. Við hvetjum Íslendinga til að standa saman. Vertu með.

Meira íslenskt í leiðinni



KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
637 +0,29%Fjöldi viðskipta: 42
Velta: 245 milljónir

MESTA HÆKKUN

CENTURY ALUM. +12,95%
MAREL +2,21%
BAKKAVÖR +1,91%

MESTA LÆKKUN

FØROYA BANKI -0,74%
ÖSSUR -0,72%

GENGISVÍSITALA KRÖUNNAR: 236,94 -0,52%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 3,80 +1,33% ... Atorka 0,50 +0,00% ... Bakkavör 2,13 +1,91% ... Eimskipafélagið 1,32 +0,76% ... Exista 4,62 +0,00% ... Icelandair Group 13,10 +0,00% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 78,60 +2,21% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 96,30 -0,72%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Of stór fyrir Seðlabankann

Pórlindur Kjartansson, formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna, fór mikinn í Markaðnum á Stöð 2 á laugardag og gagnrýndi harkalega þá þingmenn og ráðherra Samfylkingarinnar sem kallað hafa eftir kosningum. Sagði Pórlindur ódyrt að ætla að „innleysa þannig pólitískan hagnað“ með þeim hætti. Athyglisvert er að Geir H. Haarde forsætisráðherra greip til nákvæmlega sama orðalags í umræðum um vandræust á ríkisstjórnina á Alþingi í gær. Þykir þetta til marks um að formaður SUS sé sannarlega í innsta hringi á stjórnarheimilinu. Einmitt í því ljósi var athyglisvert að heyrja Pórlind halda því fram í þættinum, að alveg eins og sagt væri að bankarnir hefðu verið orðnir of stórir

fyrir Ísland og Seðlabankann, mætti segja um Davíð Oddsson að hann væri orðinn of stór fyrir Seðlabankann líka.

Hannesar jafni

Um tédan Davíð Oddsson má segja, að honum er jafnan lagið að verða miðpunktur umræðunnar í landinu og fara þar jafnvel með dagskrárvald. Rifjað er upp að á sextugsafmæli Davíðs í ráðhúsinu í janúar á þessu ári hélt Halldór Blöndal, formaður bankaráðs Seðlabankans og fyrrverandi ráðherra og alþingismaður, og sá sem á að hafa eftirlit með störfum bankastjóra Seðlabankans, magnþrungna ræðu, sem endaði á ljóði til afmælisbarnsins. Það var svona: „Þjóðskörungur / leiddi þjóð sína / ódeigur / inn í árþúsund / nýrra vona, / nýrra hugsjóna. / Heill sé þér Davíð / Hannesar jafni.“



Sókn gegn Bretum brostin

Yfirlýsingar Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra á fundi Viðskiptaráðs í síðustu viku, veikja forsendur málsóknar íslenskra stjórnvalda á hendur Bretum. Þetta segir breska dagblaðið Financial Times.

Eins og kunnugt er beittu bresk stjórnvöld fyrir sig hryðjuverkalögum til að frysta eignir Kaupþings og Landsbankans í Bretlandi eftir að íslenska ríkið tók starfsemi þeirra yfir í byrjun síðasta mánaðar.

Í kjölfarið sömdu íslensk stjórnvöld við lögfræðifyrirtækið Lovells, eina af helstu lögmannsstofum Lundúnaborgar, til að kanna möguleika á skaðabótakröfu á hendur breskum stjórnvöldum vegna þessa. Hluthafar gamla Kaupþings réðu lögfræðifyrirtækið Grundberg Mocatta Rakison til sömu starfa.

Forsendur málarekstursins brustu eftir að Davíð lýsti því yfir



á fundinum að hann vissi hvað hefði ráðið afstöðu Breta þegar þeir ákváðu að beita hryðjuverkalögum, að mati Financial Times og bætur við að þetta hafi verið í fyrsta sinn sem svo háttsettur maður í íslensku efnahagslífi gefi til kynna að það sé Íslendingum sjálfum að kenna að Bretar hafi gripið til hryðjuverkalaganna.

Hvorki náðist í Geir Haarde, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Árna Mathiesen né Björgvini G. Sigurðsson vegna málsins í gær. Kristján Kristjánsson, upplýsinga- og forsetisráðgjafi, sagði ólíklegt að Geir myndi tjá sig um málið að sinni.

- jab

SEÐLABANKASTJÓRINN Davíð Oddsson segist vita ástæðu þess að Bretar beittu hryðjuverkalögum gegn gömlu íslensku bönkunum en við Íslendinga sjálfa sé að sakast.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Eigendur fengu 275 milljarða

Fyrrverandi eigendur Glitnis, Landsbanka og Kaupþings skulduðu bönkunum samtals um 275 milljarða króna, um mitt árið, samkvæmt uppgjörum. Seðlabankastjóri sagði á dögum að einn aðili hefði fengið þúsund milljarða að láni í bönkunum þremur. Slíkar upplýsingar finnast ekki í uppgjörunum.

Samanlögð lán stóru viðskiptabankanna þriggja til eigenda sinna og annarra tengdra aðila námu um 275 milljörðum króna um mitt árið. Þetta kemur fram í hálfársuppgjörum bankanna.

Eigendur Kaupþings og aðrir beintengdir, skulduðu honum 146 milljarða króna.

Helstu eigendur Kaupþings voru Exista og Eгла, bæði skráð í Hollandi. Exista átti fjórðung og Eгла tíund. Á bak við þessi félög eru menn eins og Bakkavararbræður og Ólafur Ólafsson, kenndur við Samskip. Um 36,8 milljarðar króna af þessum lánnum voru til stjórnarmanna í Kaupþingi, annarra stjórnenda og fjölskyldna þeirra.

Eigendur Landsbankans, og aðrir tengdir aðilar, skulduðu bankanum 64,2 milljarða króna rúma um mitt árið. Þar af voru tæpir 50 milljarðar lánaðir til stjórnarmanna og fyrirtækja þeirra. Fram kemur í árs hlutauppgjöri bankans að Samson eignarhaldsfélag hafi ekkert fengið af þessu. Nú hefur komið fram að Landsbankinn eigi 36 milljarða króna kröfu á þrotabú

Samsonar vegna ábyrgðar Eimskips á XL Leisure.


Stærstu eigendur Landsbankans voru Samson, með ríflega 40 prósent hlut. Landsbankinn sjálfur átti svo þrettán prósent í viðbót og loks Straumur, annar banki sem Björgólfsfeðgar eiga í ráðandi hlut. Hluthafar og stjórnendur Glitnis skulduðu bankanum 33,7 milljarða króna um mitt árið, samkvæmt uppgjöri. Stærsti hluthafinn voru tvö eignarhaldsfélög FL Group sem bæði voru skráð í Hollandi og sjálft FL Group hér heima. Samanlagt átti FL Group tæp 30 prósent í bankanum eitt og sér. Tengd félög, svo sem segir í árs hlutareikningnum, skulduðu Glitni tæpalega 31 milljarð króna. Forstjóri og lykilstjórnendur skulduðu bankanum níu milljarða króna um mitt árið. Það mun hafa verið til hlutabréfa-kaupa.

Fólkið á bak við bankana hefur staðið í ýmiss konar fjárfestingum og rekstri, í gegnum önnur félög og kennitölur en finnast á hluthafalistum bankanna. Ekki virðist gera gerð sérstök grein fyrir slíkum lánveitingum í árs hlutauppgjörunum.

Davíð Oddsson seðlabankastjóri fullyrtaði í ræðu sinni hjá Viðskiptaráði að einn aðili hefði fengið þúsund milljarða að láni hjá bönkunum þremur. Bankastjórnarnir hlytu að hafa vitað þetta, því þeir þekktu ekki aðeins eigin lán, heldur einnig gögn vegna veðtöku. „Og eftirlitsaðilar hljóta að hafa vitað það líka og hafa því teygst sig með ólíkindum langt til að finna út að sami aðili væri óskyldur sjálfum sér við þessar aðstæður. Hvernig í ósköpunum gat þetta gerst?“

ingimar@markadurinn.is

Okkar mest seldu bækur á hálfvirði



Aðeins 2.495 kr. áður 4.990 kr.



Aðeins 1.190 kr. áður 2.380 kr.



Aðeins 1.245 kr. áður 2.490 kr.



Aðeins 1.690 kr. áður 3.380 kr.



Aðeins 2.495 kr. áður 4.990 kr.



Aðeins 1.445 kr. áður 2.890 kr.

Office 1 Superstore

Skeifan, Smáralind, Kringlan, Hafnarfjörður, Selfoss, Vestmannaeyjar, Egilsstaðir, Akureyri, Ísafjörður

Tilboðin gilda frá 21.11.08 til 27.11.08. Til þess að koma í veg fyrir að samkeppnisaðilar nýti sér tilboðin til innkaupa fyrir eigin verslanir má hver og einn viðskiptavinur aðeins versla þrjár bækur af einstaka titli.

Neitað að upplýsa um lán

Forsvarsmenn Landsbankans harðneita því að veita upplýsingar um lán til fyrrverandi eigenda bankans og fyrirtækja í þeirra eigu.

Markaðurinn sendi í gær erindi um að Glitnir, Kaupþing og Landsbanki auk skilaneftnda þeirra veiti upplýsingar um lán gömlu bankanna til eigenda sinna. Óskað var gagna úr lánabókum gömlu bankanna tvö ár aftur í tímann. Þegar hefur í Morgunblaðinu verið birtur hluti úr lánabókum Glitnis.

Lárus Welding, fyrrverandi bankastjóri, og Jón Ásgeir Jóhannesson, fyrrverandi eigandi, hafa kvartað undan því að bankaleynd hafi verið rofin.

Í beiðni Markaðarins um upplýsingar var vísað til þess að formaður bankastjórnar Seðlabankans segir að í málum af þessu tagi eigi bankaleynd

in ekki við, því mál verði að upplýsa. Undir það hafa aðrir tekið, til að mynda ráðherra í ríkisstjórninni.

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins sagði í Markaðnum með Birni Inga á laugardag að skilaneftndum yrði bent á að setja undir leka. Landsbankinn sagði ekki hvort það væri bankinn sjálfur eða skilaneftnd hans sem sýnaði beiðni Markaðarins. Enn fremur var svarið ekki rökstutt, þótt rökstuðningsins væri skilmerkilega óskað, með tilvísan í almannahagsmunum og þess að tortryggni verði eytt.

Markaðurinn hefur engin viðbrögð fengið frá hvorki Kaupþingi né Glitni við þessari upplýsingabeiðni.

Enn fremur hefur Markaðurinn skrif- að Fjármálaeftirlitinu og viðskiptaráðherra vegna málsins.

- ikh

Betra tilboð komið

Stjórnendur og stærstu hluthafar bresku verslanakeðjunnar Woolworths róa að því öllum árum að semja um sölu á smásöluhluta verslunarinnar til Hilco, félags sem sérhæfir sig í því að snúa rekstri verslana og fyrirtækja til betri vegar. Gangi það ekki er útlit fyrir að Woolworths fari í þrot á næstu dögum, að sögn vefmiðilsins Retail Week.

Hilco lagði fram tilboð upp á eitt pund í reksturinn í síðustu viku. Kaupsýslumaðurinn Ardeshir Naghshineh, stærsti hluthafi Woolworths, sem situr á rétt rúmlega yfir hlut Baugs í versluninni, var því hins vegar mótfallinn. Um helgina leit betra boð dagsins ljós. Það hljóðar upp á yfirtöku 300 milljóna



VERSUN WOOLWORTHS Hætta er á að verslanakeðjan Woolworths fari í þrot takist ekki að losa um skuldir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

punda skuldahalda. Það nemur 63 milljörðum íslenskra króna. Verði tilboðinu tekið stendur eftir innan Woolworths dreifingar fyrirtækið EUK og afþreyingarsalan 2Entertainment ásamt skuldum upp á 85 milljónir punda. - jab

Tryggja á jafnræði kröfuhafa

Gamla Kaupþing og gamli Glitnir fá greiðslustöðvun en halda starfsleyfum.

Héraðsdómur Reykjavíkur veitti gamla Kaupþingi og gamla Glitni í gær heimild til greiðslustöðvunar.

Í rökstuðningi skilaneftnda segir að þetta sé nauðsynlegt skref til að tryggja jafnræði kröfuhafa. Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, sem er yfir skilaneftndum gömlu bankanna, hafði tilkynnt í Markaðnum á Stöð 2 á laugardag, að tveir bankar myndu óska eftir greiðslustöðvun í vikunni.

Greiðslustöðvun veitir bönkunum nauðsynlega vernd gegn lögskönum, segir í tilkynningum frá bönkunum. Þar kemur einnig fram að bankarnir haldi starfsleyfi sínu

meðan á greiðslustöðvun stendur að því marki sem nauðsynlegt er til að viðhalda verðmæti eigna bankanna.

Ólafur Garðarsson hæstaréttarlögmaður hefur verið ráðinn aðstoðarmaður í greiðslustöðvun Kaupþings. Skilaneftnd fer þó áfram með valdheimildir stjórnar bankans.

Sama á við hjá Glitni, þar sem Steinunn Guðbjartsdóttir hæstaréttarlögmaður hefur verið skipuð aðstoðarmaður í greiðslustöðvun. Hjá báðum bönkunum gildir greiðslustöðvun til 13. febrúar 2009.



HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR Gamla Kaupþingi og gamla Glitni hefur fyrir dómi verið veitt heimild til greiðslustöðvunar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Minnsta velta á fasteignamarkaði í sjö ár

Velta í fasteignaviðskiptum á höfuðborgarsvæðinu í liðinni viku var sú minnsta í meira en sjö ár. Þetta kemur fram í tölum frá Fasteignamatinu. Heildarveltan var 943 milljónir króna, en meðalvelta undanfarinna tólf vikna er ríflega tvöföld sú upphæð. Meðalveltan fór undir milljarð um miðjan júní í sumar, en veltan hefur verið yfir milljarður á viku, allar götur frá því í upphafi ársins 2001, en lengra aftur ná tölur Fasteignamatsins ekki. - ikh

Horfur sagðar neikvæðar

„Þetta kemur út af fyrir sig ekki á óvart og er reist á helstu áhættuþáttunum fram undan,“ segir Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, um lækun Standard & Poor's á lánshæfiseinkunn ríkissjóðs.



ÓLAFUR ÍSLEIFSSON

Matsfyrirtækið lækkar einkunnina fyrir langtímaskuldbindingar í erlendri mynt úr BBB í BBB- vegna vaxandi skuldaþyrði hins opinbera. Horfur eru áfram neikvæðar.

Ólafur segir matsfyrirtækið gefa eignum gömlu bankanna sem komi á móti skuldum lítinn gaum. Þær eigi að hrökkva að verulegu leyti fyrir skuldbindingum vegna bankareikninga erlendis. - jab



BARACK OBAMA Verðandi forseti Bandaríkjanna ætlar að yta úr vör viðamikilli áætlun til bjargar bandarísku efnahagslífi til næstu tveggja ára. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Undirbúa nýjar neyðaraðgerðir

Demókratar undirbúa nú tillögur um risavaxnar björgunaraðgerðir sem teknar verða til umræðu um leið og Barack Obama tekur við embætti forseta, hinn 20. janúar. Charles Schumer, öldungadeildarþingmaður New York, hefur sagt að aðgerðirnar muni hljóða upp á allt að 700 milljarða dollara.

Í vikulegu útvarpsávarpi sínu um helgina sagði Obama að hann hefði í undirbúningi tveggja ára björgunaráætlun sem byggðist á stórfelldum fjárfestingum í innviðum, þar á meðal í vind- og sólarorkuverum. Lofaði hann að þessar aðgerðir myndu skapa 2,5 milljónir nýrra starfa. - msh

NÚ LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST!

BÍLAOUTLET

Gerðu betri kaup á notuðum á Korputorgi!

Nú erum við búnir að koma okkur vel og rækilega fyrir í nýja húsnæðinu okkar við Korputorg. Á planinu fyrir utan stendur fjöldi bíla en mestu munar um 2.200 m² salinn okkar sem er stútfullur af frábærum, notuðum bílum. Það er nóg að gera en við sjáum til þess að fylla jafnóðum á þannig að þú getur verið viss um að finna rétta bílinn fyrir þig!

Komdu og gerðu skynsamleg bílakaup í BílaOutlet! Við höfum opið til kl. sjö í kvöld!

CHRYSLER GRAND VOYAGER DVD
Ek. 103 þús. Nýskr. 07/02. Ssk. Verð áður: 1.880 þús. kr.

630 þús. í afslátt! **OUTLETVERÐ: 1.250 þús. kr.**

Nýr og miklu stærri salur!!!

 <p>SUBARU LEGACY GX Ek. 101 þús. Nýskr. 08/01. Ssk. Verð áður: 1.550 þús. kr.</p> <p>OUTLETVERÐ 990 þús. kr.</p>	 <p>NISSAN NAVARA SE Ek. 16 þús. Nýskr. 08/07. Ssk. Verð áður: 4.350 þús. kr.</p> <p>OUTLETVERÐ 2.990 þús. kr.</p>	 <p>NISSAN PATHFINDER 2.5 SE Ek. 50 þús. Nýskr. 12/05. Bsk. Verð áður: 4.550 þús. kr.</p> <p>OUTLETVERÐ 2.990 þús. kr.</p>	 <p>OPEL MERIVA Ek. 29 þús. Nýskr. 01/06. Bsk. Verð áður: 1.850 þús. kr.</p> <p>OUTLETVERÐ 1.190 þús. kr.</p>
 <p>RENAULT MEGANE II 1.6 Ek. 71 þús. Nýskr. 05/04. Bsk. Verð áður: 1.460 þús. kr.</p> <p>OUTLETVERÐ 990 þús. kr.</p>	 <p>NISSAN PATROL ELEGANCE 37" Ek. 66 þús. Nýskr. 06/05. Bsk. Verð áður: 5.290 þús. kr.</p> <p>OUTLETVERÐ 4.290 þús. kr.</p>	 <p>NISSAN ALMERA COMFORT Ek. 108 þús. Nýskr. 05/01. Bsk. Verð áður: 490 þús. kr.</p> <p>OUTLETVERÐ 290 þús. kr.</p>	 <p>NISSAN DOUBLE CAB Ek. 112 þús. Nýskr. 11/03. Bsk. Verð áður: 2.150 þús. kr.</p> <p>OUTLETVERÐ 1.590 þús. kr.</p>

MUNDU NÝJA STAÐINN: KORPUTORG →

Opið í dag: 11-19



Korputorgi. S: 575 12 30 | Opið: mán-fös 11-19, lau 10-18, sun 12-18 | www.bilaaoutlet.is

*Með fyrirvara um prentvillur.

Stjórnsýsluúttekt um Þjóðleikhús:

Nauðsyn á endurskipulagningu

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Þjóðleikhúsi vekur kröfu um að stjórnvöld taki til í leiklistarmálum. Þau hafa um langt skeið verið í kyrrstöðu og ber Sjálfstæðisflokkurinn ábyrgðina. Í úttektinni kemur í ljós að ráðamenn hafa lengi látið viðhald á húsinu dankast, hrun úr ytra byrði þess er ekki lengur hættulegt vegfarendum, og áhorfendasvæðum var breytt fyrir nær tveimur áratugum: aðalsvið, starfsmannaaðstaða og tækjabúnaður hafa beðið endurnýjunar og bíða enn.

Rekstur er gagnrýndur: vannýting á fastráðnum listamönnum og stjórnsýsluúttektir ekki við ákvæði um langtímaskipulag. Aðsókn er ekki fullnægjandi og sviðsetningar of margar sem skila litlu upp í stofnkostnað. Þótt Þjóðleikhúsið fái stærstan hlut opinberra styrkja til leiklistar hefur halli verið á rekstrinum með tilheyrandi fjármagnskostnaði. Náði hallinn um 90 milljónum í árslok 2005 og skýrist mest af halla á síðustu stjórnarárum Stefáns Baldurssonar.

Fjöl margar athugasemdir Ríkisendurskoðunar eru tæknileg eðlis og hlýtur þjóðleikhússtjóri að sinna þeim. Í tvennu vikur stofnunin að listrænum ramma: samstarfi við aðra, einkum á sviði listdans og söngverkaflutnings. Erfiður rekstur Íslensku óperunnar hefur leitt í ljós að gestafjöldi á kostnaðarsamar sýningar inniber í sér halla: raunar eru Óperan, Þjóðleikhúsið, Leikfélag Reykjavíkur og einkaaðilar sem hyggja á stórsýningar tilneydd að skoða í alvöru starfsemi í nýju tónlistarhúsi þegar þau er fullbyggt. Aðeins með svo stórum áhorfendasvæðum er fulltrygður rekstur á stærri sýningum.

Þá vikur Ríkisendurskoðun að því að lausráðnum listamönnum fjölgar og fastráðningum fækkar og vinnuframlag þeirra minnkar. Það er munaður sem Þjóðleikhúsið hefur ekki efni á. Er einsýnt að leikhúsið á að hverfa að eldra fyrirkomulagi og nýta fasta starfskrafta sem best, vanda meira til undirbúnings og fækka sviðsetningum, ekki síst í ljósi þess offramboðs sem er hér á leikhúsmarkaði.

Sú mismunur sem ríkir milli einkarekinna leikflokka þurfi leiðréttingar við. Stjórnvöld ættu að endurskoða hlutaskiptareglu í allri leiklistarstarfsemi. Skynsamlegt er að halda Þjóðleikhúsinu opnu allt árið, hvort sem það er með samstarfi við aðra aðila eða í nafni hússins.

Fyrirhuguð lokun smærri sviða er skynsamleg enda eru þau í óhagkvæmu húsnæði til bráðabirgða. Auk bættrar aðstöðu til stærri sýninga í tónlistarhúsi er aðstaða til leiksýninga víða að batna: á Akureyri og menningarhúsum. Það er óþarfi að láta stór hús standa auð en neyða leikflokka til starfa í óhagkvæmu húsnæði. Draumur um Þjóðaróperu í Kópavogi er nú fjarlægur, enda virðist sú aðstaða óþörf takist að klára tónlistarhúsið. En umfram allt verða stjórnvöld að ganga frá eðlilegu viðhaldi á Þjóðleikhúsinu og tryggja að markmiðalýsingar í samningi stjórnenda þess og ráðuneytis haldi. Jafnframt verður að marka stefnu til framtíðar í viðbyggingarmálum hússins.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar eht

FRÉTTABLAÐIÐ: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is AÐSTODARRITJÓRARI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðlum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Vonda fólkið

Sighvatur Björgvinsson, fyrrverandi þingmaður og ráðherra og núverandi framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, skrifaði snarpa grein í Fréttablaðið um helgina undir yfirskriftinni „Hér segir frá vondu fólki“. Greinin er viðbrögð við óánægjuröddum sem heimta afsagnar ráðamanna og væna þá jafnvel um spillingu. Sighvatur segir að frá því hann hóf þátttöku í stjórnmálum hafi lýðræðislega kjörnir fulltrúar ætíð þurft að sitja undir ávirðingum um vonsku og spillingu. „Ólánsöm er sú þjóð sem sjálf getur aldrei valið sér nema vont fólk til forystu,“ skrifar Sighvatur.

Övönduðu vinnubrögðin

Í árslok 2003, tveimur árum eftir að Sighvatur hætti á þingi, samþykktu þingmenn ný lög um eftirlaun ráðamanna. Markmið laganna var meðal annars sagt vera að draga úr sókn gamalla þingmanna í embætti í stjórnkerfinu. Hins vegar var ekkert í lögnum sem kom í veg fyrir að fyrrverandi þingmenn þægi eftirlaun og gegndu fullu starfi hjá hinu opinbera. Þetta var ekki tilgangurinn með lögnum, játuðu þingmenn, og vildu bæta úr þessum ágalla sem fyrst. Af því hefur ekki enn orðið og hefur eftirlaunamál-ið verið eitt umdeildasta pólitíska mál síðari ára.

Ólánsama þjóðin

En þó svo að þeir sem samþykktu nýja eftirlaunafurvarpið hafi ekki gert ráð fyrir að menn færðu sér þessa handvömm í nyl, kom það ekki í veg fyrir að gamlir þingmenn í fullu starfi hjá hinu opinbera nýttu sér þennan „áunna rétt“ sinn. Í þeim hópi var Sighvatur Björgvinsson, sem sá ekkert því til fyrirstöðu að þiggja eftirlaun sem fyrrverandi þingmaður um leið og hann gegndi starfi framkvæmdastjóra PSSÍ. Ekki nema von að Sighvati blöskri þjóguð réttlætiskennd hinnar ólánsömu þjóðar.

bergsteinn@frettabladid.is



Öldur reiðinnar

Umtalsverð gengishækkun hefur orðið á reiðinni síðustu vikur. Telst hún ótvírætt til tekna í yfirstandandi umróti. Um það vitna svör almennings í fjölmiðlum, hvort heldur er á mótmælafundum, vinnustöðum eða á götum úti.

Reiðin er guðspjall dagsins. Hún breiðist út eins og hver önnur umgangspes, einn smitar annan, ekki síst þar sem margir koma saman. Það er líka gaman að vera reiðir saman. Verða hluti af stærra samhengi og upplifa órofa samstöðukennd sem er nánast áþreifanleg. Þetta er öðrum þræði ævintýri, þótt tilefni sé efnahags-hrun. Þetta er líka sefjun.

Opin og almenn umræða og fjölsóttir borgarafundir eru það besta sem hægt er að hugsa sér í núverandi aðstæðum. Einöroð og opin skóðanaskipti geta bæði kveikt nýjar hugmyndir og fylkingar um tiltekin málafni. Sumt gagnlegt, annað ekki. Margar kröfur um breytingar á fólki í ábyrgðarstöðum eru eðlilegar, aðrar orka tvímælís. Það hlýtur fleirum en mér að þykja dálítið djárfert þegar stjórnmálamenn eða mótmælendur fullyrða að þeir tali í nafni

Þjóðarinnar: „Þetta er það sem þjóðin vill!“ Skoðanir einstaklinga eða hópa eru ekki endilega þjóðarvilji, þó að einhverjum þyki það kannski ótrúlegt. Þjóðin kys á fjögurra ára fresti. Kosningaréttur í lýðræðisríki eru forréttindi sem ber að taka alvarlega. Skipti menn um skoðun, geta þeir merkt við í samræmi við það í næstu kosningum.

Við og hinir-viðhorfið

Það er gaman að sjálfspottnum áhuga á því að taka þátt í skipulögðum mótmælafundum og borgarafundum, en óskemmtilegt að verða fyrir ágengum þrýstingi



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR Í DAG | Þjóðarsálin

vinnufélaga sem staðhæfa að það sé borgaraleg skylda að mæta á Austurvöll. Samstaðan er gefandi og krafturinn sem leysist úr læðingi skapandi. En ef menn eru ekki réttum megin við raunveruleikann getur sjáfsupphafningin lægst inn í sinnið. Við og hinir-viðhorfið. Við, góða og heiðarlega hugsjónafólkið, og hinir spilltu, sérgóðu ómerkingarnir. Svona einfalt er ekkert í lífinu

Eggjakastið virðist vera orðinn fastur liður. Hlýtur að vera mjög skemmtilegt fyrir krakkana sem barna eru með foreldrum sínum. Naumast fá þau að vera í svona leik heima hjá sér. Ef þau eiga eftir að reidast illa yfirvöldum í eigin skóla, til dæmis vegna mismununar, lélegrar kennslu eða ósanngjarnrar einkunnar, vita þau hvernig þau eiga að láta þá reiði í ljós.

Ög þótt þau myndu kasta kílóum af eggjum í skólann sinn og draga að hún mynd af apa, gerðu þau hvorki ráð fyrir að þurfa að þrifa eftir sig né fá kárinur. Af því að reiðin þeirra var svo réttlát. Ög réttlát reiði er dyggð.

Enginn skyldi vanmeta mátt fordæmisins.

Engli og vinir hans

Öllum getur orðið heitt í hamsi, ekki síst ef þeim finnst brotið á sér. Ööryggi og vanmáttur eru eldsneyti í reiðina og því eðlilegt að hún brjótist fram í núverandi

aðstæðum hér á landi. Hins vegar er ekki nauðsynlegt að leiða hana til öndvegis. Uppvaxandi kynslóð heyrir og sér í kringum sig svartsýni og ööryggi. Hún þarf ró og innra öryggi heima hjá sér. Börn eru eitt skilningarvit. Orðin ein duga ekki. Þau skynja líðan foreldra sinna og vanlíðan þeirra sekkur inn í þau og tekur sér þar bólfestu. Stundum til frambúðar. Þess vegna þurfum við að hlúa að gleði og jafnvægi í eigin ranni.

Börn eru yfirleitt jákvæð nema þeim sé kennt annað.

Fimm ára vinur minn sem byrjaði í Ísaksskóla í haust, heimsótti mig í vikunni.

Hann er mannblendinn, líflægur og eftirtektarsamur. Að þessu sinni vildi hann að við gerðum sögu saman. Hann myndi búa til söguna en ég slá hana inn í tölvuna og prenta síðan út. Ég ætla að botna þennan pistil með fyrsta kaflanum í hugarsmið fulltrúa framtíðarinnar, vegna gildismatsins sem þar birtist. Sagan heitir Engli og vinir hans:

„Einu sinni var engill, sem hét Engli. Allir hinir englarnir voru alltaf að stríða honum. Hann var fallegasti engillinn á himnum. Einn dag komu tveir englakrakkar og vildu vera vinir hans Engla, fallegasta engilsins. Tvö hrekkjusvín hræddu nýju englakrakkana í burtu.

Engli átti einn góðan vin. Hann hét Rafael. Þeir léku sér oft saman. Einn daginn komu hrekkjusvínin tvö aftur og sögðu: „Megum við vera vinir þínir líka?“ „Já, já,“ sagði Engli.

Allir krakkarnir voru í skemmtilegum englaskóla. Þau lærðu líka fullt af fallegum lögum. Í frjálsu tímunum máttu þeir teikna það sem þeir vildu. Engli teiknaði blóm fyrir kennarann, og þá gerðu vinir hans það líka.“

Við sem vorum gerð ábyrg

UMRÆÐAN

Þórhildur Halla Jónsdóttir skrifar um fjármálakreppuna

Ádögnum gáfust íslensk stjórnvöld upp ágegn kúgunaraðgerðum erlendrar stjórnmálaaflla og valdastofnana og gengust í skuldaábyrgð fyrir Icesave, innlánsreikninga Landsbankans í Bretlandi og Hollandi. Með þessari uppgjöf sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa gert sig seka um hefur íslensku þjóðinni verið steipt í slíkt skuldafan að ólíklegt er að við náum að krafla okkur þaðan upp á lífstíma þeirra miðaldra manna sem bera ábyrgðina.

Lagalegur ágreiningur hefur verið um ábyrgð íslenska ríkisins gagnvart skuldum Landsbankans í öðrum löndum sem urðu til í kjölfar bankakreppunnar. Spurningin um hvort íslenska ríkið hafi í raun verið ábyrgt fyrir sparnaði þúsunda Breta og Hollendinga verður hugsanlega aldrei svarað, ábyrgðinni var einfaldlega varpað yfir á okkur.

Þessar málalyktir, sem í fjölmiðlum eru kallaðar „lausn“ og „samkomulag“ þýða að ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt, þvert á allar yfirlýsingar forsætis-



ÞÓRHILDUR HALLA JÓNSDÓTTIR

ráðherra og utanríkisráðherra síðustu vikna, að hengja niðþungan skuldaklafa á íslensku þjóðina. Á það við um bæði núlifandi og komandi kynslóðir. Skuldaklafa sem íslensk þjóð þarf að bera næstu áratugin. Fyrir vikið verður mun erfiðara fyrir íslenskt efnahagslíf að rétta úr kútnum þegar krumulur kreppunnar lina takið.

Auðvitað hefði átt að láta reyna á lagalegu hliðina og reka málið fyrir dómstólum til að fá úr því skorið á skýran hátt hvort ábyrgðin lægi hjá íslenska ríkinu. En þrælsoði ríkisstjórnarinnar við að missa af láninu frá

Alþjóðagjaldeyrissjóðnum varð skynseminni yfirsterkari. Örvænting og örþrífarað hafa einkennt atburðarsína frá því í lok september þegar bankahrunið varð. Langtímaúrlausnir virðast ekki vera komnar í tísku núna þrátt fyrir að spilaborg skammtímalausna og skammtímahagsmuna sé hrunin og liggi fyrir fótum almennings sem kallar á lýðræði og kosningar niðri á Austurvelli á hverjum laugardegi. Það er fólkið sem mun ásamt börnum sínum þurfa að borga allar skuldirnar og enn hlustar enginn í stjórnarráðinu á það.

Höfundur er ritari Ungra vinstri grænna.

NICOTINELL

Fæst nú hjá okkur!

...alltaf opið!

www.10-11.is

Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins



JÓLASÝNING Árbæjarsafns verður opin þrjá sunnudaga í aðventu, hinn 7. desember, 14. desember og 21. desember. Jólasýningin hefur notið mikilla vinsælda síðustu ár enda gaman að fylgjast með undirbúningi jólanna eins og hann var í gamla daga.

ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

Árskort í tækjasal aðeins 3.333 kr. á mánuði*

* Skuldbinding í ár.

Heilsuakademían í Egilshöll - frábær tækjasalur, opnir tímar og landsins mesta úrval námskeiða
www.heilsuakademian.is - sími: 594 9666

heilsuakademían



Bergsteinn Jónsson segist betur í stakk búinn til að takast á við lífið og tilveruna eftir að hann tileinkaði sér boðskap Ananda Marga.

Patti húsgögn VERÐHRUN
landsins mesta úrval af sófasettum

Íslensk framleiðsla

Smíðum eftir þínum þörfum
Yfir 200 tegundir af sófasettum

Verðdæmi:

Bonn	Verð kr. 251.900,-
Köin	Verð Kr. 282.900,-
Aspen-Lux	Verð Kr. 313.900,-

Verð frá **149.900,-** kr.

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opnunartími: Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

Langar þig að breyta mataræðinu til batnaðar?
Veist þú ekki hvar þú átt að byrja?

Inga Kristjánsdóttir, næringarþerapisti D.E.T. leiðir ykkur í allan sannleikann um hversu auðvelt það er í raun að breyta mataræðinu til batnaðar.
Upplýsingar og skráning í síma: 899 5020 eða á eig@heima.is

Farið verður með einföldum hætti yfir:

- Hvernig við getum náð stjórn á blóðsykrinum!
- Hvernig verðum við okkur úti um þau næringarefni sem líkaminn þarfnast!
- Hvernig við getum auðveldlega öðlast meiri orku, vellíðan og heilbrigði!

Í lok fyrirlestrar fáið þið leiðbeiningar um val á heilsufæði. Innifalið í námskeiði er mappa með uppskriftum og fróðleik.

Námskeiðið verður þriðjud. 2. des. kl. 20-22. í Heilsuhúsinu Lágmúla. Verð aðeins kr. 3.500,-

náttúrulega

heilsuhúsið
Skólavörðustíg, Kringlunni, Smáratorgi, Lágmúla, Selfossi & Akureyri

Trúir á réttlátt samfélag

Bergsteinn Jónsson stundar þann andlega lífsstíl sem Ananda Marga-hreyfingin boðar og segir hugmyndafræðina hafa fært sér orku, kærleik og hugrekki til að takast á við áskoranir daglegs lífs.

„Hugmyndafræðin heillaði mig þar sem hún er heilsteypt og gengur ekki aðeins út á hugleiðslu og líkamsæfingar heldur líka síðfræði, þar sem rétt breytni er í hávegum höfð. Svo nær hún yfir hugmyndir um réttlátt samfélag,“ segir Bergsteinn Jónsson, verk-efnastjóri hjá Unicef, sem hefur stundað andlegan lífsstíl í Ananda Marga-hreyfingunni síðustu fjórtán ár.

Ananda Marga kemur frá Indlandi og gengur meðal annars út á ástundun jóga og hugleiðslu. Bergsteinn kynntist fræðunum nítján ára og hefur síðan þá iðkað hugleiðslu kvölds og morgna og jóga fimm til sex sinnum í viku ásamt því að kenna það í Kaffi Hljómalind þrisvar í viku.

„Þegar ég komst í snertingu við þetta var ég, eins og fleiri unglingar, haldinn ákveðnu rötleysi. Á þessum aldri fara spurningar um alheiminn að leita á mann og rétt-

lætiskennin verður sterkari. Maður getur verið rosalega þröngsýnn, upptekinn af því hverju má klæðast svo dæmi sé nefnt, og að sama skapi mjög opinn. Þráin eftir óendanleikanum vaknar. Menn hrærast í heiminum eftir einhverjum krafti, annaðhvort í áttina til hans eða frá. Ég leitaði í hann þar sem ég vildi tengjast honum og hefði í raun ekki getað enda annars staðar en þar sem ég er í dag.“

Bergsteinn varði fyrst meiri tíma í hugleiðslu, eða þar til hann stofnaði fjölskyldu. „Þá fór ég auðvitað að sinna meira fjölskyldunni, sem er líka í takt við þá speki að hugleiðsla og þjónusta verði að fara saman, því tileinki maður sér bara annaðhvort er hætt við að sjálfsefna ná yfirhöndinni.“ Hann bætir við að eiginkonan sé á sömu bylgjulengd þótt hún stundi lífsstíllinn ekki í eins miklum mæli.

„Égneytilíka hugleiðslumiðaðrar fæðu. Borða mikið grænmeti.

Laukur, hvítlaukur, sveppir og egg eru hins vegar á bannlista þar sem mælt er með að halda sig frá þeim fæðutegundum eigi að stunda djúpa hugleiðslu. Sú hugmynd er algengari á Indlandi heldur en á Vesturlöndum. Líkaminn bregst nefnilega við á ákveðinn máta þegar laukur er skorinn og hans neytt. Laukurinn og sveppirnir hita líkamann og hafa ertandi áhrif á miðtaugakerfið. Þetta verður reyndar til þess að oft er erfitt að fara út að borða,“ segir hann og hlær.

Spurður hvort ekki þurfi mikla sjálfstjórn og aga til að geta tileinkað sér þessa lífsspeki svarar Bergsteinn: „Maður gerir bara eins og fyrir mann er lagt, þar sem þetta er hluti af heildarpakkanum. Virki hann verður maður að gefa sig honum fullkomlega á vald. Annars er maður bara hálfur í þessu og útkoman er þá eftir því.“

roald@rettbladid.is



12 tommu kafbátur með grænmetisbuffi
...og öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

18 Subway staðir um allt land

SUBWAY í fínu formi

Vertu skynsamur, vertu hjartagóður. 7 kafbátar með 6 græmum af ritu. HjartaHeill

12 tommu tilboð

599 kr.

Gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir ekki í Stjórnunáli.

JÓLIN KOMA

ADVENTA hefst fjórða sunnudag fyrir jóladag og stendur í fjórar vikur. Í ár ber fyrsta sunnudag í adventu upp á 30. nóvember.



Péttikantar
framleiddir eftir máli á allar gerðir kælitækja.
NÝVAKI
Dvergshöfða 27 • S. 557 2530

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

Jól með Heims um ból

Katrín Sverrisdóttir sálfræðingur er víðförl kona og hefur sungið Heims um ból í sex borgum á fimm tungumálum. Fyrir henni er það ávallt hátíðleg stund þegar sálmurinn ljúfi hljómar, sama hvar það er.

„Ég hef búið í þremur löndum um jólatímamann og eru það Ísland, Kanada og Þýskaland. Síðan hef ég heimsótt önnur þrjú lönd um jóln og það eru: Danmörk, Chile og Perú. Þannig að ég hef sungið Heims um ból á íslensku, ensku, þýsku, dönsku og spænsku,“ útskýrir Katrín Sverrisdóttir sálfræðingur. „Yfirleitt hafa ferðalögin tengst því að ég hef verið að heimsækja vini og fjölskyldu en ferðin til Perú var eingöngu ferðalag.“

Katrín fór með frænku sinni í fjögurra daga göngu í Perú á inka-slóðir þar sem endað var í Machu Piccu sem er eitt af heimsundrum veraldar. „Síðasta daginn byrjar maður að ganga um sexleytið um morgun og endar í Machu Piccu þegar sólin er að koma upp. Við vorum þarna á aðfangadagsmorgun og þegar sólin steig upp fylltumst við af jólagleði,“ útskýrir Katrín með blik í augum og rifjar upp að á þessum tíma hafi hún verið að jafna sig eftir svæsna matareitrun og eftir erfiða göngu hafi sólaruppkoman verið tilkomin. „Við lukum deginum á að fara í miðnæturmessu til að sjá hvernig Perúbúar hylla Maríu mey. Þegar við ætluðum að votta Maríu mey virðingu okkar með því að krjúpa og gera krossmark eins og innfæddir þá vorum við með svo miklar harðsperrur að við gátum það eiginlega ekki,“ segir Katrín og hlær en jólamaturinn



Tíu ára sonur Katrínar, Aron Lúis Gilbertsson, hefur á sinni stuttu ævi haldið jólni í fjórum löndum – Þýskalandi, Íslandi, Danmörku og Chile. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

var pítsa og bjór með gönguhópnum og rann hann ljúflega niður.

Að sögn Katrínar skiptir hana mestu að vera með einhverjum sem henni þykir vænt um um jóln en hefðirnar má sveigja. „Ég held samt í ákveðnar hefðir eins og að halda upp á jóln á aðfangadagskvöld og snæða þá máltíð með einhverjum nákomnum og til að fá tilfinningu fyrir annarri menningu hef ég sótt í að fara í jólamessu og upplifa hvernig aðrir halda jóln. Þar kemur sálmurinn Heims um ból til sögunnar en hann hefur alltaf tengt mig við jóln.“

hrefna@frettabladid.is



Þessi mynd var tekin á aðfangadag í hinni fornu inkaborg Machu Piccu. Í gönguhópnum voru fjórir Íslendingar en auk Katrínar og Önnu Fjólu frænku hennar voru hinir tveir Íslendingarnir frændur. MYND/ÚR EINKASAFNI

Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvörumarkaður
Borgartún 24, Hæðarsmári 6
Hafnarborg Hafnarfirði

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

25. nóv. **Ævintýralíf**
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi

27. nóv. **Erum við andleg og líkamleg eiturefna-úrgangs-ruslaskrimsli**
Edda Björgvins leikkona

02. des. **Heilbrigði og hamingja**
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi

04. des. **Hátíðakökur og eftirréttir**
Auður Konráðsdóttir konditóri-meistari

Jóla kort

15% AFSLÁTTUR AF JÓLAKORTUM TIL 1. DES.

myndval
Kringubakka 4 • Sími 357 4870 • myndval@myndval.is • www.myndval.is

Ertu með eitthvað gott á þrjónunum?

Sjálfbóðaliðar í Kópavogsdeild Rauða krossins þrjóna og sauma ungbarnaföt fyrir börn í neyð. Hópurinn, sem kallast Föt sem framlag, mun hittast næst og þrjóna í sjálfbóðamiðstöðinni Hamraborg 11, 2. hæð, miðvikudaginn 26. nóvember kl. 16-18.

Á staðnum verða þrjónar, garn og gott fólk sem hittist reglulega og lætur gott af sér leiða. Velkomið er að taka með sér eigið þrjónadót. Þeir sem vilja gefa garn í verkefnið vinsamlega hafið samband. Kaffi á könnunni og með því.

Allar nánari upplýsingar í síma 554 6626.

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfbóðamiðstöð Hamraborg 11 • opið virka daga kl. 10-16 • sími 554 6626
kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur

Fyrir dömur og herra.

Nýkomið úrval af vönduðum kuldaskóm úr leðri, gæruskinnfóðraðir. Margar gerðir.

Dömustærðir: 36 - 43
Verð frá: **19.700.- til 21.700.-**

Herrastærðir: 41 - 48
Verð frá: **13.800.- til 24.775.-**

Misty skór
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 - 18 • lau: 10 - 14
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

Aðventuferðir Útivistar

Fjölskylduferð 28. - 30. nóv
Jeppadeildarferð 6. - 7. des

ÚTIVIST
Laugavegi 178. Sími 562 1000. www.utivist.is

ALLT HEIMILI
Mánudaga og fimmtudaga

ALLT MATUR
Alla föstudaga

512 Auglýsingasími **5050**

FRÉTTABLAÐIÐ
- Mest lesið



Teikning eftir Pál Stefán Magnússon.

Teikning eftir tíu ára

Svölurnar safna peningum til líknarmála með jólakortasölu og er hún þeirra aðalfjáröflun.

Í þetta sinn styrkja þær MS-félagið, MND-félagið og SEM-samtökin til hjálpartækjakaupa. Það var 10 ára drengur, Páll Stefán Magnússon,

sem teiknaði kortið að þessu sinni.

Svölurnar eru félag núverandi og fyrrverandi flugfreyja og það er að hefja 35. starfsár sitt. Það hefur alla tíð haft það markmið að styðja fjárhagslega við bakið á þeim sem minna mega sín.

- gun

Hlýlegar jólakveðjur

Persónuleg jólakort bera jafnan með sér hlýlegan blæ. Tilvalið er að setjast niður með fjölskyldu eða vinum og búa þau til sjálfur.

Garðheimar standa fyrir námskeiði í jólakortagerð á morgun milli klukkan 18-21. Námskeiðið fer fram á Stekkjarbakka 9 og verður boðið upp á léttar veitingar. Verð á námskeiðið eru 3.500 krónur og þar með er efni í þrjú kort innifalið. Einnig verður veittur 20 prósentu afsláttur af föndurvörum í versluninni meðan á námskeiðinu stendur.

Áhugasamir geta skráð sig með því að fylla út eyðublað í blómabúð Garðheima en einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið ninna@gardheimar.is.

- rat

HEYRNARÞJÓNUSTAN

HEYRN

Í sameiningu njótum við þess að...

ReSound HEYRN

heyra allt skyn skynja allt sitti upplífa lífsmátt

Samefling gerir gæfumuninn

Nýju ReSound Ziga heyrnartækin eru samefld þannig að þau skila meiru en nemur samnalagðri virkni þáttanna sem í þeim eru. Með Ziga geturðu vænst þess að heyra á notalegan og eðlilegan hátt, þau hafa framúrskarandi hljóðgæði, eru mjög þægileg og hraðvirk og með mikla aðlögun að þörfum notandans. Fáðu ReSound Ziga til reynslu í nokkra daga, nánari upplýsingar á www.heyrn.is

Byrjaðu sem fyrst að njóta sameflingar! Tímáparentanir 534-9600

Heyrnarþjónustan Heyrn ehf. Hlíðasmára 11, 201 Kópavogur, sími 534 9600, heyrn@heyrn.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

Viltu tala meiri íslensku?

Viltu kynnast nýju fólki?

Czy chcialbys mowic wiecej po islandzku?

Chcesz poznac nowych ludzi?

Do you want to speak more Icelandic?

Do you want to get to know new people?

Sjálfboðaliðar **Kópavogsdeildar Rauða krossins** hitta fólk sem vill æfa sig í íslensku eða tala saman á öðru tungumáli. Hægt er að gera eitthvað skemmtilegt saman eins og að fara á kaffihús og í gönguferðir. Sama fólk hittist einu sinni í viku eða eftir samkomulagi.

Ef þú hefur áhuga hafðu þá samband í síma 554 6626 eða á kopavogur@redcross.is.

Ef þú vilt gerast sjálfboðaliði hafðu einnig samband.

Wolontariusze **Czerwonego Krzyza w Kópavogur** spotykaja ludzi, ktorzy pragna pocwiczyz mowe w jezyku islandzkim badz chca porozmawiac w innym jezyku. Jest wiele mozliwosci, jak pojscie do kawiarni badz spacer. Grupy spotykaja sie raz w tygodniu lub po wzczesniejszym umowieniu sie.

Jesli jestes zainteresowany, mozesz zadzwonic na nr.554 6626 badz wyslac e-mail na kopavogur@redcross.is.

Czy chcialbys zostac wolontariuszem? Jesli chcesz zoztac wolontariuszem i spotykac ludzi, ktorym potrzebne jest towarzystwo, nie wahaj sie z nami skontaktowac.

You can meet a volunteer of the **Red Cross from the Kópavogur branch** and speak Icelandic or another language together. You can do something fun together like go to a café, for a walk etc. The same people meet once a week or make their own agreement.

If you are interested contact us by calling 554 6626 or write to kopavogur@redcross.is.

Please contact us also if you are interested in being a volunteer.

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

MATARKARFAN



TILBOÐIN

MENNINGARVIÐBURÐIR



FYRIR BÖRNIN



NAUÐSYNLEGT FYRIR NEYTENDUR

– FULLT AF FRÁBÆRUM TILBOÐUM

SPARNADUR




UPPSKRIFTIR



FATNAÐUR



FYRIR VEISLUNA



LÍKAMSRÆKT



HEIMILIÐ



FASTEIGNIR

TÓNLEIKAR



HEIMILISTÆKI



BORGARFERÐIR

BÍLAR



Í Fréttablaðinu færðu nýjustu upplýsingar um vörur og þjónustu, heitustu fréttirnar og bestu tilboðin. Á hverjum degi í langmest lesna dagblaði á Íslandi, Fréttablaðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

MARKAÐSTORG HEIMILANNA

LOKADAGAR KAUPAUKA

KORSELETT OG DVD FYLGIR FRÍTT MED EF VERLSAD ER FYRIR 7000 KR EDA MEIRA

BALTEK KÆLI MED STRENG
SMALL/MED MED/LARGE
Áður 6.995
2.995

EGG MED HULSU
KLASSÍSKT EGG MED HULSU
Áður 3.995
995

HÓBENTUR
VINS-ELASTA HJÁLPART/EKID Í DAG E/ÞÓR
5.995

HVERFILDUR
ÞRÁDLAUST FIBRILDI M/VIN DREGUR 20 M
5.995

SPENNANDI HEIMAKYNNINGAR
HEIMAKYNNING HJÁ OKKUR ER ÓKEYPIS

Rómantik.is
Hverfisgötu 62 Rvk. S: 586-8500 (Horninu á Frakkastíg)
Opíó: Virka daga 12-20 Laugardaga 12-18

-SÍMASPÁ- Les í Tarot ofl. Elísabet 663 0813.

Ólöf spámiðill
Er á landinu. Leiðsögn, spádómur. Vantar þig hlustanda eða ráðgjöf. Spái í spil, tarrot ofl. S. 901 5000 frá kl. 17-23, helgar 11-24. Geymið auglýsinguna.

Iðnaður

HÓLMUR ehf
Reyndir smiðir taka að sér öll smíða- verkferni. Sangj. verð. S: 772 8295

Rafvirkjun

Raflagna og dyrasímaþjónusta

Setjum upp dyrasímakerfi og gerum við eldri kerfi. Nýlagnir og endurnýjun raflagna. Gerum verðtilboð

Rafneisti s. 896 6025
löggildur rafverktaki.
rafneisti@rafneisti.is

Raflagnir Dyrasímar

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733

Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

KEYPT & SELT

Til sölu

Lagerhillukerfi

gott verð

Verzlunartækni
www.verslun.is
Sími: 5351300 Dragháls 4 110 RVK

Gull
Hreint gull 24 kcar til sölu. Silfur 999,9 í klumpum, smaræfðar (emeralds), rúbínar, safírar. Vottorð fylgja.
S. 615 4118

Þjónusta

Stendur þú í framkvæmdum?

Múrverk • Flísalögn • Trésímiðl • Pipulögn • Rafilögn • máln o.fl.
Aðhlíða byggingaþjónusta á einum stað. Fagmennska og sérhæfing í fyrirrúmi.

Strúctor
byggingaþjónusta

S: 024 0150 / 024 0160



Kreppuútsala!!!
Sendum um allt land! Frábært verð á gamla genginu. Takmarkað magn. Rafhjól á 10.000 kr. Rafbíll á 15.000 kr. Lampi 3500-kr Pantanir á póstverslun netlagerinn.is og í s. 865 4015. Er m/ lager í Hafnafirði og Vestmannaeyjum.

Evrur til sölu

Nokkuð magn gjaldeyris til sölu, t.d. Evrur, USD, DKK, GBP. Afhendist í seðlum hér- lendis.
6978827 - evrurtilsolu@ hushmail.com



LAGERÚTSALA Svefn & heilsu
Kletthálsi 13 S:660 0035. Rúm, hillur, hægindastólar, höfuðgafflar, barnagólf- teppi o.fl. 30-80% afsláttur. Opíó virka daga 14-18, laugardaga 12-15.



Til sölu ljósakrossar fyrir 12v, 24v, 32v og 220v. Plastiðjan Bjarg - lójulundur, Furuvöllum 1, 600 Akureyri, sími 461 4606 pbi@akureyri.is

Evrur og dollarar til sölu!
Evrur og dollarar til sölu, takmarkað magn til afhendingar hérlandis og erlendis. Uppl. í s. 618 7001
Uppl. í s. 618 7001

Vandaðir krossar á leiði!

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

JS Ljósakrossar

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósamiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502.

Ljósakrossar á leiði til sölu 12v-24v-32v. Uppl. í síma 898 3206.

Gefins
Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

Óskast keypt
Óska eftir að kaupa íslensk frímerki & tilefnismynt. S. 699-1159 & 821-1293.

Hljóðfæri

Dúndurtilboð!
Kassagítarar: 1/2 stærð kr.8.900
3/4 stærð kr. 9.900 Full stærð kr. 10.900 Pakkatilboð kr. 16.900
Trommusett kr. 59.900 með stól og diskum. Rafmagnsgítarpakki kr. 24.900
Hljómborð frá kr. 8.900 Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.git-arinn.is

Harmonikkur nýjar og notaðar. Mikið úrval. Harmonikkukennsla. EG tónar, Rvk. s. 824 7610 & Ak. s. 660 1648.

Tölvur

Er tölvun biluð?
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695-2095

Vélar og verkfæri

PON TRUCK WP60 - 1300Kg 24V/70Ah
Verð: 311.250 með VSK. PON ehf, S: 552 0110 http://www.pon.is

Til bygginga
Krossviður, timbur, dokar og fl. til sölu. S: 840-7273 og á www.ulfurinn.is

Verslun

Stærri limur betri limur

Löksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is

Heildsala

ALLT TIL INNÞÖKKUNARI!

PAPPÍR - SELLÓFAN
BORÐAR - ÖSKJUR
KÖRFLUR - POKAR
SÍMI 535-8800
WWW.FLORA.IS
SINGÖNGU SALÁ TEL FYRIRTEKJA

Ýmislegt

TIL SÖLU BÍLALYFTA
til sölu 2ja pósta bílalyfta Zippó í góðu standi. V. 250þ. Skoða skipti eða tilb. S. 899 9066.

Óskum eftir notuðum karlmannsginum og gömlum lagerum af karlmannsfötum og fylgihlutum. Sími 511-1817 virka daga milli 12 og 18.

HEILSA

Heilsuvörur
Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifstill.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Exclusive tantra massage
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

HEIMILIÐ

Dýrahald

22.7kg af hágæða fóðri á aðeins 8.900.- (392kr pr kg) -
Járnbur á frábæru verði - Bílagrind á tilboði. Gott úrval af leðurólum og taumum á góðu verði. Mikið af sérvöru fyrir hundinn þinn. Gerðu verðsam- anburð.
Hundaheimur - Sérverslun með hunda og kattavörur. Háholti 13 Mosfellsbæ (hlíð Krónunnar)

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Gisting

Glæsilegt orlofshús til leigu. Uppl. sum- arbusiðun.synthasite.com og s. 869 9964.

Jólaglaðningur

Fótsnyrting með lökkun verð: 4.500.-

SNYRTISTOFAN DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Opunartími:
Mánudag 9.00-18.00
Þvín 9.00-21.00
Laugard 10.00-18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

東方
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

SNYRTISTOFAN DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Opunartími:
Mánudag 9.00-18.00
Þvín 9.00-21.00
Laugard 10.00-18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

IH ICELANDAIRHOTELS

Til sölu

MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI

Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fánleg í netverslun Fleshlight.is

FLESHLIGHT.IS

Þjónusta

Hjá okkur öðlast leðrið nýtt líf!

Sérhæfum okkur í leðurlitun á bílsætum og húsgögnum. Heillitum og blettum. Viðurkennd efni - Áratuga reynsla

Leðurlitun

S. 024-1011 & 892-6890 • www.toms.is

SPORT
besta sætið

UEFA
CHAMPIONS
LEAGUE

HVERJIR KOMAST ÁFRAM?

Í KVÖLD KL. 19:30

ARSENAL – DYNAMO KIEV

Fallandi gengi
islensku krónunnar hefur
hækkað áskriftarverð á erlendum
íþróttastöðvum um allt að helming.
Það hefur aldrei verið hagstæðara
að velja íslenskar íþróttarásir.

SPORT
besta sætið

Í KVÖLD

KL. 17:20 Zenit – Juventus **SPORT**
KL. 19:20 Upphitun **SPORT**
KL. 19:35 Villarreal – Man. Utd. **SPORT**³
KL. 19:35 Bate – Real Madrid **SPORT**⁴
KL. 21:40 Meistaramörk **SPORT**

Á MIÐVIKUDAG

KL. 19:00 Upphitun **SPORT**
KL. 19:30 Liverpool – Marseille **SPORT**
KL. 19:35 Bordeaux – Chelsea **SPORT**³
KL. 19:35 Inter – Panathinaikos **SPORT**⁴
KL. 21:40 Meistaramörk **SPORT**

Gjaldgengan gjaldmiðil: Já takk

UMRÆÐAN

Eypór Arnalds skrifar um gjaldmiðilsmál

Sú hugmynd að taka einhliða upp nýja mynt var slegin út af borðinu sem óraunhæf framan af ári. Þótti mörgum ekki við hæfi að ein ríkasta og þróaðasta þjóð í heimi tæki einhliða upp mynt annarrar þjóðar. Nú hálfu ári síðar er staðan gjörbreytt á Íslandi. ESB-umræðan er góðra gjalda verð en hún mun ekki duga til að við náum tökum á ástandi því sem nú hefur skapast enda fæst evra ekki hér nema eftir mörg ár undir Maastricht-skilyrðum. Þetta finna þær þjóðir sem nú eru á leið inn í ESB



EYÞÓR ARNALDS

og eru í fjármálakreppunni miðri. Til þess að ná tökum á ástandinu þarf skjótar aðgerðir í gjaldveyrismálum. IMF leggur til að krónan verði sett á flot með ofurvöxtum. Sú leið mun verða afar þung fyrir fjölskyldur og fyrirtæki enda rekstrargrundvöllur ærið erfiður fyrir. Í síðasta mánuði tilkynnti IMF um gjaldeyrislán til Íslands en margt bendir til þess að ákveðnar þjóðir séu að tefja afgreiðslu lánsins vísivandi. Nú hafa þau tíðindi gerst að farið er að ræða um

einhlíða upptöku erlendra myntar í fullri alvöru og er það ekki síst rökstutt með hliðsjón af þeirri áhættu sem fleyting krónunnar hefur í för með sér. Gjaldveyrislán Íslendinga mundu verða notuð í fleytingunni til að verja gengið og tryggja viðskipti með krónuna. Með hliðsjón af því hversu erfitt það er fyrir ríkið að afla gjaldeyrislána og þeirri staðreynd að lán þarf að greiða er rétt að skoða aðrar leiðir þó ófullkomnar séu.

Heiðar Már Guðjónsson og Ársæll Valfells skrifuðu gagnmerka grein í Fréttablaðið nýlega þar sem þeir bentu á að ekki þarf að skipta út öllum umsvifum bankakerfisins heldur eingöngu grunninum. Þá telja þeir einhliða

upptöku evru ekki brjóta EES-samninginn. Þarna væri gott að fá viðhorf Evrópunefndar Alþingis þar sem skilaboð ESB hafa verið á annan veg. Áhættan við fleytingu krónunnar með gríðarþungum vöxtum er mikil fyrir þjóðina. Það er því rétt að hafa skoðað þessa leið ofan í kjölinn.

Auk evrunnar hafa bandarískur dalur, norsk króna og svissneskur franki einkum verið nefnd til sögunnar. Mikilvægt er að forystumenn stjórnmalaflokkanna láti skoða þessar leiðir fordómalaust með hagsmuni Íslands að leiðarljósi og menn festist ekki í „sinni laus“ fyrir fram. Sú staða sem við erum komin í kallar á ný vinnubrögð í stjórnmalum enda staðan

með eindæmum. Nú reynir á að menn nái saman að vinna að þeirri leið sem gagnast best fjölskyldum og fyrirtækjum strax enda er lítil tími til stefnu. Raunveruleg hætta er á fjöldaátvinnuleysi og fólksflótt. Þess vegna þurfa stjórnmalamenn að taka höndum saman um grunninn sem hlýtur að lúta að gjaldmiðlinum. Sá gjaldmiðill sem er ekki gjaldgengur er gagnslaus. Markmið gjaldmiðils er að varðveita verðmæti í viðskiptum. Í þeirri stöðu sem Ísland er komið í er betra að fá viðunandi niðurstöðu hið fyrsta fremur en fullkomna niðurstöðu seint um síðir.

Höfundur er framkvæmdastjóri og bæjarfulltrúi í Árborg.

Stjórn Seðla-banka þakkað

UMRÆÐAN

Helgi Hjörvar skrifar um stjórn Seðla-banka Íslands



HELGI HJÖRVAR

Í Fbl. á laugardag svarar bankastjórn Seðlabanka Íslands grein minni „Stjarnfræðilegt vanhæfi“ sem birtist í blaðinu á föstudag og var um bankann. Bankastjórn Seðlabankans reynir í 23 tölusetum liðum að verja aðgerðir sínar og aðgerðaleysi. Með svari sínu staðfestir bankastjórnin í öllum aðalatriðum gagnrýni mína og þarflaust að leiðrétta það sem rangt er farið með hjá henni, enda nóg samt. Gríðarlegt tjón bankans, viðbúnaðarleysi, viðvaningsháttur, fát í gengisákvörðunum, fum í vaxtaákvörðunum, ívilnanir við útpenslu bankanna, kolröng ráðgjöf um ríkisvæðingu Glitnis, árangursleysi peningamálastefnunnar og margítrekaðar óheppilegar yfirlýsingar – allt stendur það.

Það að bankastjórn Seðlabanka Íslands telji sig knúna til að verja sig í 23 tölusetum liðum vegna aðsendrar greinar í dagblaði sýnir best hve trausti rúinn bankinn er, bæði hjá öðrum og sjálfstrausti sínu. Allir eru á einu máli um að fátt er mikilvægara í þeim erfiðleikum sem fram undan eru en að endurreisa traust og trúverðuleika bankans, því hann mun gæta fjöreggs okkar. Það verður aðeins gert með því að setja bankanum faglega yfirstjórn. Þannig losnar bankinn einnig úr pólitískum átökum sem á degi hverjum skaða trúverðuleika hans og starfsemi alla.

Höfundur er alþingismaður.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

„...fyrst á visir.is“



visir.is

...ég sá það á visir.is



ELDVARNAÁTAKIÐ 2008

ALLTAF Á VAKTINNI



Rannsóknir sýna að á fjölda heimila eru alltof fáir reykskynjarar – jafnvel enginn. Þó vitum við að reykskynjarar hafa bjargað fjölda mannlífa.

Hlutverk slökkviliðsmanna er að bjarga fólki og verðmætum.

Þitt hlutverk er að gæta eigin öryggis og fjölskyldunnar.

Hættu að leika þér að eldinum. Leitaðu upplýsinga um eldvarnir hjá slökkviliðinu þínu eða á Isos.is



www.isos.is



www.tm.is





Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna stendur að Eldvarnaátakinu í samvinnu við TM og slökkviliðin í landinu. Aðrir helstu stuðningsaðilar átaksins eru Brunamálastofnun, 112 og Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.



Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar,

Einar G. Þorsteinsson
Suðurgötu 30, Hafnarfirði,

andaðist að St. Jósefsspítala 18. nóvember síðastliðinn. Útförin fer fram í Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 26. nóvember kl. 15.00.

Eiginkona, börn, tengdabörn, afa- og langafabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Svanhildur Stefánsdóttir
Aratúni 22,

andaðist 19. nóvember á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin fer fram frá Garðakirkju miðvikudaginn 26. nóvember kl. 13.00.

Guðmundur Rúnar Magnússon

Steinn Logi Guðmundsson
Kristbjörg Guðmundsdóttir
Sigurjón Guðmundsson
Hrönn Guðmundsdóttir
Stefán Magnús Guðmundsson
Ingibjörg Erna Sveinsdóttir
Magnús Árnason
Kristbjörg Elísdóttir
Ásgeir Þór Eiríksson
Alda Ragna Þorvaldsdóttir
og ömmubörn.



Okkar elskulegi sonur, pabbi og bróðir,

Kristinn Ísfeld Andreasen
til heimilis að Laufengi 2, 112 Reykjavík,

lést sunnudaginn 16. nóvember sl. Útför hans fer fram frá Laugarneskirkju, föstudaginn 28. nóvember kl. 13.00.

Elsabet Sigurðardóttir
Hörður Sævar Hauksson
Sunna Ísfeld Andreasen
Þorbjörn Eiríksson
Hólmsteinn Harðarson
Elsabet Ósk Harðardóttir
Sigurður Skúli Harðarson
Guðlaugur Ísfeld Andreasen
Magnús Ísfeld Andreasen



Okkar ástkæri,

Valdimar Jörgensson
Laugarnesvegi 87, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 17. nóvember. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 27. nóvember kl. 15.00. Þeim sem vildu minnst hans er bent á Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein.

Arndís Jónsdóttir
Jörgen H. Valdimarsson
Jórunn Valdimarsdóttir
Gunnar Valdimarsson
og barnabörn.
Björg Valsdóttir
Sigurður Freysson
Lára Á. Kristjánsdóttir



Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Marta María Jóhannsdóttir

er látin. Þeim sem vildu minnst hennar er bent á Míningarsjóð Skjól.

Puríður Halla Árnadóttir
Guðrún Árnadóttir
Árni Ármann Árnason
og barnabörn.
Atli Vagnsson
Ingibjörg Jónsdóttir



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Björn K. Örvar
úrsmiður

er lést 19. nóvember sl. á St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, verður jarðsönginn frá Kópavogskirkju föstudaginn 28. nóvember kl. 15.

Hanna Marta Vigfúsdóttir

Björg Örvar
Kjartan B. Örvar
Björn Lárus Örvar
Anna Birna Björnsdóttir
Unnur Þorsteinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Helgi Magnús Arngrímsson
Réttarholti, Borgarfirði eystri,

lést á Sjúkrahúsinu á Egilsstöðum laugardaginn 22. nóvember.

Bryndís Snjólfsdóttir
Birgitta Ósk Birgisdóttir
Hafþór Snjólfr Helgason
Elsa Arney Helgadóttir
Eyrún Hrefna Helgadóttir
og barnabörn.
Guttormur Pálsson
Berglind Ósk Guðgeirsdóttir
Gunnlaugur Garðarsson



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Ingvi Birkir Jónsson
matreiðslumaður

Hnotubergi 23, Hafnarfirði,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 20. nóvember, verður jarðsönginn frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði föstudaginn 28. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Bergmál líknar- og vínafélag.

Melkorka Sveinbjörnsdóttir

Sigríður Ingvadóttir
María Emilía Ingvadóttir
Kjartan Orri Ingvason
Elva Hrunn Ingvadóttir
Oddur Sigfússon
Kristján Pétur Sigmundsson
Gunnús Ýr Finnbogadóttir
og barnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Þorvaldur Halldórsson
skipstjóri og útgerðarmaður,

Vörum, Garði,

lést laugardaginn 22. nóvember. Útförin verður auglýst síðar.

Ingibjörg Jóhannsdóttir

Valgerður Þorvaldsdóttir
Halldór Kristján Þorvaldsson
Ingimar Jón Þorvaldsson
Vilberg Jóhann Þorvaldsson
Þorvaldur Þorvaldsson
Bragi Guðmundsson
Kolbrún Þórlindsdóttir
Elín Kjartansdóttir
Helena Rafnsdóttir
Mikkalína Þ.K.
Finnbjörnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jórunn Ragnheiður
Brynjólfur Karl Hauksson

kaupmaður frá Hrísey,

andaðist á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund 21. nóvember. Útförin verður auglýst síðar. Fyrir hönd aðstandenda,

Sigurveig Inga Hauksdóttir
Jóhanna Hauksdóttir
Brynhildur Hauksdóttir
og Brynjólfur Karl Hauksson.

ÞÓRÐUR HALLDÓRSSON FRÁ
DAGVERÐARÁ FÆDDIST PENNAN
DAG ÁRÍÐ 1905.

„Sterkasta aflið er andans
ró sem allt getur fyrirgefið.“

Þórður frá Dagverðará undir
Jökli á Snæfellsnesi var þekkt-
astur sem refaskytta og mál-
ari. Hann var náttúruunnandi
og heilsufrömuður og hafði
mikla trú á ölkelduvatni.



tímamót

timamot@frettabladid.is



GÓÐAR VIÐTÖKUR Ásdís rekur fjölda umsókna til vel heppnaðs kynningarstarfs Vinnumálastofnunar.

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ: STYRKIR KONUR

Nú er bara að nýta orkuna

„Þetta var mjög flottur fundur þar sem fjöldi kvenna var samankominn að fylgjast með þegar félags- og tryggingamálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, afhenti tíu hæstu styrkina,“ segir Ásdís Guðmundsdóttir, ráðgjafi í atvinnu- málum kvenna hjá Vinnumálastofnun, um styrkveitingar til atvinnureksturs kvenna á blaðamannafundi í bókasal Þjóðmenningarhússins í gær. Vinnumálastofnun hafa aldrei borist jafn margar umsóknir og í ár, eða 246 talsins, og eins hefur aldrei jafn miklu fé, 50 milljónum króna, verið varið í verkefnið.

Að sögn Ásdísar var það sett á laggirnar árið 1991 af þáverandi félagsmálaráðherra, Jóhannu Sigurðardóttur, til að yta undir atvinnurekstur kvenna og hefur Vinnumálastofnun haldið utan um það síðan 1997. „Þetta var hugsað sem mótvægisáðgerð við atvinnuleysi sem var sérstaklega hátt meðal kvenna á þeim tíma. Atvinnuleysi hefur reyndar ekki verið mikið í hópi kvenna síðustu fimm ár en þeim kverfni á móti ekki gengið sérstaklega vel að fjármagna verkefni sín. Þær hafa kannski ekki heldur verið duglegar að sækja um í hefðbundna sjóði.“

Alls hafa um 400 verkefni hlotið styrki frá upphafi og segir Ásdís fjölbreytni í fyrirrúmi í ár. „Þarna eru fyrirtæki innan félagsmála- og heilbrigðisgeirans, framleiðslufyrirtæki og menningartengd ferðaþjónusta. Fjölbreytnin sést af því að hvíldarinnlagnir ætlaðar Alzheimer-sjúklingum og miðstöð fyrir geitaræktun eru meðal þeirra verkefna sem hlutu hæstu styrkina að þessu sinni, eða tvær milljónir hvort. Innlagnirnar eru dæmi um hversu mikið konur sækja í þjónustugeirann. Þær sjá oft tækifæri í þjónustu sem hefur ef til vill ekki verið sinnt sem skyldi. Við erum því að reyna að mæta konunum á heimavelli og auka aðgengi þeirra að fjármagni.“

Fyrirtækin eru flest á frumstigi að sögn Ásdísar. „Sumar eru bara að sækja um að gera viðskiptaáætlun og vita ekki alveg hvernig hefjast á handa. Þær eru kannski að sækja um styrk til markaðssetningar eða vörubrúna,“ útskýrir hún og bætir við að þær geti svo leitað til sín eftir ráðgjöf og handleiðslu. „Ég hóf störf sem ráðgjafi í júní, sem var ekki áður fyrir hendi. Við opnuðum líka heimasíðuna www.atvinumalkvenna.is í september, sem á að vera vettvangur fyrir þessi mál. Nú get ég hellt mér út í að móta síðuna betur og hlakka til að geta gert það með þessum góðu konum. Nú er bara að nýta orkuna.“

roald@frettabladid.is



Frændi okkar og bróðir,

Jón Þ. Einarsson

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 17. nóvember. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 27. nóvember kl. 15.00.

Aðstandendur.

FRUMSÝND 28. NÓVEMBER

MADAGASCAR 2

SÝND MEÐ
ÍSLENSKU OG
ENSKU TALI!

Vinningar verða afhendir hjá ELKO Lindum - Skógarland 2. Með því að taka þátt eru kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.

9.
HVER VINNUR!

**SENDU SMS ESL MGB
Á NÚMERIÐ 1900**

- ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐA!
VINNINGAR: BÍÓMIÐAR, BOLIR, TÖLVULEIKIR,
DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA!

SAMBÍÓN

LAUGARÁS
BÍÓ



Eymundsson mælir með:



Margrét Lára: Trixin í takkaskónum

Verð: 2.999,-



Skapti

Verð: 1.999,-



Eymundsson

Bóksali frá 1872



NOKKUR ORÐ Freyr Gíjja Gunnarsson

Fátt er svo með öllu illt

Sundum hef ég velt því fyrir mér að verða grannur. Ég er að edlisfari frekar værukær og hef því ekki alveg nennt að skammta mér snakkið. Þannig að þrátt fyrir vangaveltur einstaka sinnum hefur lítið gerst í þeim málum síðan ég var og hét 80 kíló. Hin tæpu hundrað kíló eru á sínum stað.

Unnusta mín, sem ég vissi að væri ágætlega gefin en hefur nú síðustu vikur leitt mig í allan sannleik um að hún er bráðskörp (ef gera ætti einhvern að kreppumálaráðherra á það að vera kona sem talar um sykur og kakóbaunir sem gjaldmiðil), segir mér að ég þurfi núna ekkert að gera nema bíða. Bráðum verði allir grannir.

En þar sem ég bíð eftir því að verða grannur í því halleri sem koma skal velti ég því fyrir mér hvort fleiri hlutir sem ég hef ekki nennt að koma í verk muni einnig

fara að gerast svona sjálfkrafa næstu vikur. Ég spurði hana hvort það væri eitthvað fleira gott sem myndi gerast og hún sagði já: Að nú gæti hún lifað æskudrauminn sinn um að búa í ævintýrinu um Húsið á sléttunni, og tilkynnti mér um leið að hún hefði valið mig út frá því sjónarmiði: Með dökkan lubba og góðlegt andlit. Sem sagt; ég væri líkur Michael Landon.

Ég var nú kannski meira að meina hvort ruslið myndi fara út með sig sjálfkrafa. Hvort hlutir sem ég nennti ekki að gera myndu ekki bara gera sig sjálfir. Hún gat tínt til sitt hvað, svo sem minna búðarráp og meira um eftirlætismatinn minn á boðstólum; það yrði sem sagt minna um taflenskar tilraunir með bambus og kókosmjólk en meira um Royal-búðing, bjúgu, svið, slátur og uppstúf. Ég er því bara nokkuð sáttur við minn hlut.



myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Svo róleg og svo spennt

Á föstudagskvöldið var frumsýning í Hafnarfjarðarleikhúsinu á leikverki sem leikhópurinn Lab Loki nefnir „Steinar í djúpinu“ og byggir á skáldverkum Steinars Sigurjónssonar. Við fáum að kynna yktum myndum af persónum í sjávarþorpinu. Sjávarþorpið með öllu sínu fyllirí, löngun til þess að komast í burtu og þó ekki.

Hér eru málaðar stórar myndir af þessu fólki og helst til skrípa-legalar sem rýrir trúverðugleikann og dregur úr samúð með persónunum. Í upphafi er erfitt að gera sér grein fyrir hvort þetta verði dagskrá með atriðum eða hvert stefnir, en það er bara spennandi og hvernig útvarpið og hljóðmyndirnar elta hvor aðra eru smellnar lausnir.

Tónlistin var ljúf og hljóðmyndir allar smekklega samsettar en svo er nú þetta með það sem gott er, að öllu má nú ofgera. Það hefði mátt draga aðeins niður úr þessum endalausum náttúruhljóðum. Harpa Arnardóttir fer með hlutverk Láru, eiginkonu Kídda, sem er afskaplega íturvaxin snót komin af léttasta skeiði en engu síður óhemju vinsæl hjá karlpeningi sama á hvaða aldri hann er. Miðað við forsendurnar sem gefnar voru, það er, að hún er einhvers konar skrípamynd af svona kerlingu, vinnur Harpa ótrúlega vel úr efninu og má segja að hún ein og sér hafi verið eins og leikhúsi í leikhúsinu.

Eiginmann hennar leikur Árni Pétur Guðjónsson og með sköpun á þeim karakter hefur leikstjórinn einnig valið að teikna upp skrípamynd af manni í stað þess að fara þá leið að gefa áhorfendum tækifæri til þess að kenna til með þessari aumkunarverðu persónu. Hann telur sig kokkáláðan og afbrýðisemin nagar hann hverja stund.

Piltarnir í þorpinu sem fagna því mjög að geta keypt sér brennivín í landi sjá þeir Erling Jóhannesson og Ólafur Darri Ólafsson um að kynna fyrir okkur. Þó svo að þeir hafi verið skakkir og skældir með brenndar tennur þá voru þeir ekki skrípamyndir, þeir voru manneskjur. Til þorpsins kemur glæsipía sem verður fyrir gífurlegu ofbeldi þessara lúða sem ekkert hafa við að vera nema drekka brennivín og sulla í subbullegheitum. Birna Hafstein fer með hlutverk Önnu, þessarar heimskonu, og í síðari hluta verksins ljáir hún afturgöngu rödd sína og var það magnað svo vægt sé til orða tekið. Einstaklega heillandi og ógnvekjandi raddbeiting. Hjálmar Hjálmarsson fer með hlutverk Sjóna og er hann hér í hlutverki ekki ósvipuðu mörgum sem við höfum séð hann í áður, það er eins konar stjórnandi atburðarásar, milli þess sem hann steypir sér í það. Hér brá við viðkvæmum og fínstemmdum tón í túlkun Hjálmars.

Rödd Karls Guðmundssonar úr útvarpi þá er hann las sögu eftir Steinar Sigurjónsson í síðdegislestri Rásar 1 hljómar í gegnum útvarpstæki og Karl er einnig persóna í verkinu sem tekur þátt í lífinu í þessu þorpi. Þegar Karl

bregður sér í líki lítills barns var öllum mjög skemmt. Önnur hlutverk eru í höndum Tómas Lemarquis, Björns Inga Hilmarssonar og Steinunnar Knútsdóttur.

Tómas hefur ákaflega spennandi og litríka nærveru á sviði. Hann er fimur eins og köttur og augun í honum segja meira en margar sögur. Orðin áttu aftur á móti svolítið erfitt með að komast til skila. Lýsing Garðars Borgþórssonar var smekkleg og leikmynd Móeiðar Helgadóttur þjónaði einkar vel tilgangi sínum, bæði praktískt og hvað hughrif snertir.

Hér var flækst út um víðan völl og mikið filósóferað meðal annars um tímann. Þetta er spennandi

sýning og margar mjög góðar lausnir þannig að tíminn leið nokkuð hratt þó svo að það hefði ekki skaðað verkið að beita skærum á nokkur atriði. Það að gripa til gamla kæksins að láta leikarana afklæðast, klæða sig úr gervinu og verða að einhverri nakinni frumeind er rosalega þreytandi. Nærbuxnataugaveiklun af því tagi verður bara pínleg og asnaleg bæði fyrir áhorfendur og leikendur.

Á heildina litið var þetta engu síður mjög spennandi sýning og Rúnar Guðbrandsson á hrós skilið fyrir leikgerðina og tónlistarfólkið skilaði sínu verki af einstakri alúð. Þó svo að þau Guðni Franzson,



Daniel Þorsteinsson og Bryndís Halla Gylfadóttir hafi verið staðsett nokkuð til hliðar upp á vinstri kant var nærvera þeirra í myndinni samt sterk, eins og annað afl. Það er alveg óhætt að mæla með

LEIKLIST

Steinar úr djúpinu

Leikgerð og leikstjórn: Rúnar Guðbrandsson
Leikmynd: Móeiður Helgadóttir
Lýsing: Garðar Borgþórsson
Gervi: Ásta Hafþórsdóttir

★★★★

Spennandi leiksýning

Þessari sýningu, þar sem Harpa Arnardóttir í gervi Láru með glitrandi rodflyksur á vömbinni og spriklandi soðningu í lúkunum kitlar hverja hláturtaug í salnum.

Elisabet Brekkan

ÚTGEFANDI
WWW.RIGGI.IS
S 898-1010

NÝR GEISLADISKUR!

Í minningu Vilhjálmis Vilhjálmssonar

UPPTAKA FRÁ TÓNLEIKUM SEM HALDNIR
VORU Í SALNUM - KÓPAVOGI 28. MARS 2008

FÆST Í HELSTU
PLÖTUVERSLUNUM!

HUGLJÚF
JÓLAGJÖF!

FRÍÐRIK ÓMAR - STEFÁN HILMARSSON -
PÁLMI GUNNARSSON - GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR

VÍSIR.IS

“...ég sá það á vísi”

> GEORGE FYRIR DÓM

Fyrrum forspraki eitis-hljómsveitarinnar Culture Club, Boy George, er fyrir rétti um þessar mundir. Er söngvarinn ásakaður um mannrán á norsku fyrirsætunni Auðunni Carlsen. Fram kom við réttarhöldin í gær að George hefði handjárn að Carlsen við vegg skömmu eftir að hann tók nektarmyndir af Norðmanninum.



fólk

folk@frettabladid.is

Fræbbblarnir þrjátíu ára

Í dag er stór dagur fyrir íslenska pönkáhugamenn því þrjátíu ár eru liðin síðan Fræbbblarnir komu fram í fyrsta skipti. „Þetta var í Kópavogsbíói á Myrkramessu MK,“ segir Valgarður Guðjónsson, Valli í Fræbbblunum. „Það var menningarleg samkoma, ræður, ljóðalestur og kórinn söng. Við vorum auðvitað alveg út úr kú. Þurftum að hafa mikið fyrir því að fá að spila því skemmtinefndin reyndi með öllum tiltækum ráðum að útiloka okkur. Sem betur fer áttum við hæk í horni sem kom okkur inn.“ Fræbbblarnir spiluðu tvö Sex Pistols-lög og „Police &



VIÐ VORUM ALVEG ÚT ÚR KÚ Fræbbblarnir pönka í árdaga.

Thieves“ með The Clash. Síðar skrifaði Ingólfur A. Þorkelsson, skólameistari í Sögu MK: „Hávaðinn var ærandi og hljóðfærin voru barin án miskunnar.“

Söngurinn var sem öskur úr

ungum bola og söngstíllinn harður, allt að því ógnandi og framkoma sveitarinnar öll hin fáránlegasta.“

„Það voru samt einhverjir í salnum sem höfðu gaman af þessu og meira að segja

mamma eins vinar okkar, man ég,“ segir Valli. Fræbbblarnir starfa enn og 87 lög liggja eftir sveitina á plötum. „Við ætlum að þrjúskast við og gera allavega eina plötu í viðbót. Hún kemur líklega út á næsta ári og vinnuheitið er Puttinn. Textarnir voru upphaflega hugsaðir sem minningargreinar um drullusokka, bæði raunverulega og skáldaða, en ég veit ekki hvort ég held það þema út á heilli plötu.“

Fræbbblarnir spila á Grand Rokk á fimmtudagskvöldið, aðallega nýtt efni, en nokkra klassíkera í bland. Aðgangur er ókeypis. - drg

Ekki á dánarbeiði

„Það eru gróusögur um að við séum háð einum banka og ef hann fer þá förum við líka en það er bara ekki þannig,“ segir Rakel Garðarsdóttir hjá leikhópnum Vesturporti þar sem fjöldi verkefna er fram undan.

„Þegar við förum á festivöl borga þau okkur fyrir að koma og síðan erum við háð því að fá frá menntamálaráðuneytinu og höfum líka verið í samstarfi við Reykjavíkurborg. Það eru margir búnir að vera góðir við okkur og það er langt í frá, þótt einn banki fari á hausinn, að við deyjum,“ segir Rakel og bætir við að samstarf Vesturports við Landsbankann hafi klárast áður en efnahagskreppan skall á. Nefnir hún jafnframt Bílaleigu Akureyrar sem nýjan samstarfsaðila Vesturports.

Fram undan hjá leikhópnum er sýningin Dubbeldusch sem verður frumsýnd í Hafnarfjarðarleikhúsinu í janúar. Eftir það taka við sýningar á Faust í Hong Kong í febrúar



HAMSKIPTIN Vesturport sýnir leikritið Hamskiptin í Ástralíu og Tasmaníu á næsta ári.

og þar á eftir verður leikritið Hamskiptin sýnt í Ástralíu og Tasmaníu. Þar mun Lára Sveinsdóttir hlaupa í skarðið fyrir Nínu Dögg Filippusdóttur sem er upptekin við að leika í Don Juan í London. Gísli Örn Garðarsson, sem leikur á móti henni í Don Juan, fékk aftur á móti leyfi til að ferðast með Vesturporti og tekur hann því þátt í uppfærslunni í Ástralíu og Tasmaníu. - fb

Rúnar Júl staldrar við

Rúnar Júlíusson gerir upp feril sinn á þrefaldri plötu. Rúnar er enn að þrjátíu fyrir 45 ár í bransanum. Hann segist markvisst vinna að því að fresta hrörnuninni, eins og hann orðar það.

„Ég hef alltaf verið með nýja plötu á hverju ári, en nú staldra ég við og lít yfir farinn veg. Svo hefst leikurinn á ný eftir áramót,“ segir Rúnar Júlíusson, Hr. Rokk, en ferill hans er rakinn á þrefaldri plötu, Söngvar um lífið, sem er nýkomin út. „Fyrstu lögin á disknum eru frá 1966. Þá vorum við í útrás og náðum samningum við plötufyrirtæki Bítlanna, Parlophone, og Columbia í Bandaríkjunum, sem var og er ein stærsta útgáfa í heimi. Það var ansi mikil bjartsýni í loftinu á þessum tíma og sú bjartsýni hefur svo sem ekkert dofnað, að minnsta kosti ekki hvað mig varðar; draumurinn er enn þá til staðar.“

Rúnar kom í fyrsta skipti fram með Hljómum 5. október 1963 í Krossinum, þá 18 ára gamall. „Það var spilað streit í fimm tíma, einhver 100-200 lög. Ég var í feimniskasti og nýr á bassanum. Maður hafði ekki fullt sjálfs-traust, og maður er svo sem enn



LÍTUR YFIR FARINN VEG Söngvar um lífið er glæsileg þriggja diska útgáfa með Rúnari Júlíussyni. MYND/ÞORFINNUR SIGURGEIRSSON

þá að vinna í því. Ég hélt upp á 45 ár í bransanum nú í október og spilaði tvö gigg sama daginn, á hippahátíð í Vestmannaeyjum og með Karlakór Keflavíkur í Keflavík.“

Rúnar hefur ekki tölu á skiptunum sem hann hefur spilað. „Nei, ég hef enga hugmynd. Sum árin hafa þetta kannski verið 250-300 gigg á ári. Ég hef dregið aðeins úr þessu í seinni tíð. Maður hefur ekki sömu orkuna. Ég get ekki gert það sem ég gat áður og þá geri ég það bara öðruvísi. Ég

reyni samt að fresta hrörnuninni eins og ég get. Fer í morgungöngu í hvaða veðri sem er kl. 7 og lyfti síðan í Lífsstíl.“

Rúnar vonar það besta og er bjartsýnn að vanda. „Ég hef alltaf verið eigin herra og sé því ekki fram á atvinnuleysi. Ef maður er einhvers virði hefur maður alltaf eitthvað að gera. Maður vonar bara að það bresti ekki á með landsflotta því þá verður ekkert sérlega gaman fyrir þá sem eftir húka. Þjóðlífið þrífst á öðru fólk.“ drgunni@frettabladid.is

ÞAKKARGJÖRÐAR
KALKUNN
Á HÓTEL CABIN



Hin rómaða þakkargjörðarveisla Hótel Cabin verður haldin dagana 27. og 28. nóvember.

Í hádeginu 27. og 28. nóvember. Fimmtudagskvöldið 27. nóvember og föstudagskvöldið 28. nóvember.

Verð einungis: 2.550 kr. í hádeginu 2.950 kr. á kvöldin

Léttir djasstónar verða leiknir yfir borðhaldi á föstudagskvöldinu.

Borðapantanir í síma 511 6030

Stærri hópar (50 manns eða fleiri) geta fengið salinn á 7. hæð út af fyrir sig.

HOTEL CABIN

„Petta er spennandi.“

GERÐUR KRISTNÝ / MANNAMÁL, STÖÐ2

„... hrifandi frásögnin er haganlega fléttuð inn í meistaralega byggt verkið.“

EINAR FALUR INGÓLFSSON, MORGUNBLAÐIÐ

„... margslungin saga um ást, missi, og það að vera til.“

EIRÍKUR GUÐMUNDSSON

„Það er hrein unun að lesa texta sem er svona þaulunninn ...“

ÚLFHILDUR DAGSDÓTTIR, www.bokmenntir.is



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Seagal í sjónvarpið

Raunveruleikabættir um hasarmyndahetjuna Steven Seagal eru í bígerð fyrir bandarísku sjónvarpsstöðina A&E. Þættirnir fjalla um lítt þekkt störf hans sem löggæslumaður í Louisiana.

Seagal, sem er með sjöundu gráðu svarta belti í aikido, hefur meðfram leiklistinni starfað við löggæslustörf á svæðinu Jefferson Parish undanfarin tuttugu ár. Auk þess að sinna hefðbundnu eftirliti er Seagal afburða skytta og hefur hann starfað með sérsvæðisins og kennt henni að meðhöndla skotvopn.

Í sjónvarpsþáttinum Steven Seagal: Lawman verður fylgst með Seagal þar sem hann ásamt kollegum sínum reynir að stöðva glæpamenn. Einnig verður fylgst



STEVEN SEAGAL Hasarmyndahetjan Steven Seagal verður aðalpersónan í nýjum raunveruleikabáttum.

með einkalífi Seagal, þar á meðal tónlistarferli hans. „Mér finnst mikilvægt að sýna þjóðinni það jákvæða starf sem á sér starf hérna í Louisiana,“ sagði Seagal.

Rauð jólf hjá Benzínbræðrum

„Okkur langaði að gera vandaða og metnaðarfulla jóla-plötu á íslensku,“ segir Börkur Hrafn Birgisson um jóla-plötuna Rauð jólf. Hann og Daði bróðir hans útsettu plötuna í sameiningu, en bræðurnir reka útgáfuna og hljóðstúdíóið Benzín music ehf.

„Við ákváðum að finna okkar uppáhalds jóla-lög og fá uppáhaldssöngvarana okkar til að syngja þau. Við fengum Berg Ebba Benediktsson úr Sprengjuhöllinni til að gera íslenska texta við erlend lög, en svo eru líka tvö frumsamin lög eftir okkur Daða á plötunni,“ segir Börkur, en Bergur Ebba íslenskaði meðal annars textann við hið víðfræða Kóklag, I'd like to teach the world. „Eftir að við höfðum talað við Pál Óskar Hjálmtýsson og gert „demo“ af laginu með honum, lá beint við að leyfa Vífilfellsmönnum að heyrna hugmyndina. Þeim leist vel á og úr varð farsælt samstarf sem hefur gefið af sér þessa plötu,“ útskýrir Börkur.

„Á plötunni eru glænýjar útsetningar af gömlum lögum eins og One day at Christmas eftir Stevie Wonder, sem verður í íslenskri þýðingu Dag einn á jólum, í flutningi Stefáns Hilmarssonar. Elvis slagar-



NÝ JÓLAPLATA Bræðurnir Börkur Hrafn og Daði völdu sín uppáhaldsjóla-lög og settu í íslenskan buning með hjálp Bergs Ebba úr Sprengjuhöllinni.

inn Blue Christmas verður Blá jólf í flutningi Kristjönu Stefánsdóttur og svo er glænýtt lag á plötunni eftir Eyjólf Kristjánsson sem heitir Aldrei verða án hans haldin jólf, svo eitthvað sé nefnt,“ segir Börkur, en platan inniheldur alls tíu lög og er nú fánleg í verslunum Skífunnar. -ag



MANIC STREET PREACHERS Hljómsveitin hélt áfram störfum eftir hvarf Richey Edwards.

Edwards loks talinn af

Richey Edwards, fyrrverandi textahöfundur og gítarleikari hljómsveitarinnar Manic Street Preachers, hefur verið úrskurðaður látinn, fjórtán árum eftir að hann hvarf.

Þrátt fyrir að margir telji sig hafa séð Edwards síðan hann hvarf er talið að hann hafi framið sjálfsvíg, enda fannst bíll hans skammt frá Severn-brúnni í Englandi sem margir hafa stokkið fram af í gegnum árin. Áður óbirtir textar eftir Edwards verða notaðir á næstu plötu Manic Street Preachers, sem er væntanleg á næsta ári.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Þriðjudagur 25. nóvember 2008

→ Tónleikar

20.00 Háskólaóráðinn ásamt hljómsveit, flytur Messías eftir Georg Friedrich Händel í Neskirku við Hagatorg.

→ Síðustu Forvöð

Í **START ART listamannahúsi** stendur yfir sýning á verkum fimm listamanna sem lýkur á miðvikudag. Listamennirnir eru Gunnar Arnason, Guðbjörn Gunnarson, Sigríður Ágústsdóttir, Friðrika G. Geirsdóttir og Guðbjörg Ringsted. **START ART**, Laugavegi 12b. Opíð þri.-lau. kl. 13-17.

→ Bækur

17.15 Friðrik V., Júlíus Júlíusson og **Finnbogi Marinósson** kynna bók sýna „Meistarinn og áhugamaðurinn“ í Amtsbókasafninu, Brekkugötu 17, Akureyri.

20.00 Rithöfundurinn Benoît Duteurtre kynnir bók sína „Litla stúlkan og sigarettan“ ásamt Friðriki Rafnssyni þýðanda bókarinnar á Alliance Française, Tryggvagötu 8.

→ Myndlist

Ósk Vilhjálmssdóttir hefur opnað sýningu í Kubbum, sýningarsal myndlistardeildar LHI, Laugarnesvegi 91. Opíð 8.30-16 alla virka daga.



Tolli hefur opnað sýningu í Reykjavík Art Gallery við Skúlagötu 30 sem stendur til 25. des og er opin alla daga nema mán. frá kl. 14-17. Einnig er sýning á verkum hans í galleríinu Listamenn við Skúlagötu 32 en sú sýning stendur yfir aðeins í viku og er opin kl. 14-18.

Woman to go Myndlistarkonan Matilde ter Heijne sýnir verk í 101 Projects, Hverfisgötu 18a. Opíð mið.-lau. 14-17.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



NÝR DAGUR – NÝ HUGSUN

Ráðstefna um tækifæri framtíðarinnar

Mánudaginn 1. desember • Hilton Reykjavík Nordica • kl. 8.30–11.00



Adjedj Bakas



Claus Möller

Adjedj Bakas, framtíðarráðgjafi og forstjóri Trendwatcher, og **Claus Möller**, stjórnendaráðgjafi og stofnandi Time Manager International, munu horfa til framtíðar á tækifæri þjóðar á tímamótum á ráðstefnu Útflutningsráðs Íslands fullveldisdaginn 1. desember.

Í erindum sínum munu þessir þekktu fyrirlesarar velja upp hinum ýmsu möguleikum í atvinnulífinu og beina sjónum að þeim krafti sem býr í íslensku þjóðinni.

Dagskrá

Fundarsetning

Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Útflutningsráðs

Ávarp

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra

Framsöguerindi

A New Future for Iceland: Re-inventing the country's economy! – Adjedj Bakas

Fyrir ungt fólk og framtíðina – Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ

Í túnfætinum heima – Sóley Elíasdóttir frumkvöðull

Heart Work – Mobilizing everyone's energy to win – Claus Möller

Framtíðarlandið Ísland – Þór Sigfússon, formaður SA

Aðgangur ókeypis. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á netfangið utflutningsrad@utflutningsrad.is eða í síma 511 4000. Nánari upplýsingar um ráðstefnuna og hina erlendu fyrirlesara er að finna á www.utflutningsrad.is.



ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS

Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • www.utflutningsrad.is

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

FRUMSÝND Á FÖSTUDAGINN

SYNINGARTÍMAR	kl.	16	12
PRIDE AND GLORY	kl. 5, 7.45 og 10.15	16	
IGOR - 500 kr.	kl. 6		L
TRAITOR	kl. 8 og 10.15	12	
QUANTUM OF SOLACE	kl. 5, 7.45 og 10.15	12	

MADAGASCAR 2

FRUMSÝND Á FÖSTUDAGINN

DICAPRIO CROWE

BODY OF LIES

Frá leikstjóra Gladiator og American Gangster.

ALFABAKKA	SELFLOSS
BODY OF LIES DIGITAL kl. 5:50 - 8 - 10:40 16	QUANTUM OF SOLACE kl. 8 síð sýn 12
BODY OF LIES kl. 8 - 10:40 VIP	QUARANTINE kl. 10:20 síð sýn 16
PASSENGERS kl. 5:50 - 8 - 10:10 12	PATHOLOGY kl. 8 síð sýn 16
HOW TO LOSE FRI... kl. 5:50 - 8:30 - 10:40 12	RIGHTEOUS KILL kl. 10:20 síð sýn 16
RESCUE DAWN kl. 8:10 - 10:40 16	AKUREYRI
FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D kl. 6 DIGITAL-3D L	BODY OF LIES kl. 8 - 10:20 16
HIGH SCHOOL MUSICAL 3 kl. 5:30 - 8 L	HIGH SCHOOL MUSICAL kl. 8 L
EAGLE EYE kl. 10:30 12	RESCUE DAWN kl. 10:20 16
KRINGLUNNI	KEFLAVÍK
BODY OF LIES kl. 8 - 10:40 DIGITAL 16	BODY OF LIES kl. 8 - 10:30 16
W kl. 5:50 - 8 - 10:40 12	HOW TO LOSE ... kl. 8 12
PASSENGERS kl. 8:30 - 10:30 12	JAMES BOND kl. 10:20 síð sýn 12
FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D kl. 6 DIGITAL-3D L	
SEX DRIVE kl. 5:50 12	

NÝTT Í BÍÓ!

52.000 MANNNA Á 17 DÖGUM!

NICK & NORAH'S INFINITE PLAYLIST

PRIDE AND GLORY

QUANTUM OF SOLACE

ÞAÐ SÍÐASTA SEM ÞÚ VILT KOMAST AÐ, ER SANNLEIKURINN. HÖRKUPENNANDI MYND UM SPILLTA LÖGREGLUMENN.

LÚXUS

IGOR

QUARANTINE

TRAITOR

REYKJAVÍK-ROTTERDAM

IGOR TALAR ISLENSKU!

SMÁRA BÍÓ	REGNBÖGINN
NICK AND NORAH'S... kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 L	650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!
IGOR 500 kr. kl. 4 - 6 L	NICK AND NORAH'S... kl. 6 - 8 - 10 L
QUANTUM OF SOLACE kl. 5.30 - 8 - 10.30 12	IGOR 500 kr. kl. 6 L
QUANTUM OF SOLACE LÚXUS kl. 5.30 - 8 - 10.30 12	TRAITOR kl. 8 - 10.20 12
QUARANTINE kl. 10.10 16	QUANTUM OF SOLACE kl. 5.30 - 8 - 10.20 12
MY BEST FRIENDS GIRL kl. 8 - 10.20 14	MY BEST FRIENDS GIRL kl. 5.45 - 8 14
REYKJAVÍK-ROTTERDAM kl. 5.50 - 8 14	QUARANTINE kl. 10.15 16
SKJALDBAKAN & HÉRINN kl. 3.45 500 kr. L	
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR kl. 3.45 500 kr. L	
HÁSHÖLLA BÍÓ Sími 530 1919	BORGAR BÍÓ Sími 462 3500
PRIDE AND GLORY kl. 5.30 - 8 - 10.40 16	QUANTUM OF SOLACE kl. 5.50 - 8 - 10.10 12
QUANTUM OF SOLACE kl. 5.30 - 7 - 8.30 - 10 12	NICK AND NORAH'S... kl. 8 - 10 L
REYKJAVÍK-ROTTERDAM kl. 5.40 - 8 - 10.10 14	IGOR 500 kr. kl. 5.50 L
IGOR 500 kr. kl. 5.30 L	



Mögnuð sýning hjá Sigur Rós

Tónleikar Sigur Rósa í Laugardalshöll á sunnudagskvöldið voru þeir síðustu á tónleikaferðinni sem þeir hafa verið á síðasta hálfu árið til að fylgja eftir plötunni Með suð í eyrum við spilum endalaust sem kom út í vor.

Þegar ég kom í salinn rúmlega átta var hljómsveitin For A Minor Reflection á sviðinu og salurinn orðinn nokkuð þétt skipaður. Tónlistin þeirra er tilraunakennt instrumentál gítarrokk sem minnir á köflum svoltið á Sigur Rós. Löggin eru löng og epísk og strákarnir spiluðu þau af innlifun. Þetta eru svona gaurar sem horfa niður á gólfid og sveifa hausunum í fíling. Svoltið einhæft, en samt kraftmikil sveit sem gaman verður að fylgjast með í framtíðinni.

Eftir nokkurt hlé birtist svo Sigur Rós á sviðinu og hóf dagskrána á laginu Svefn-g-englar. Eins og undanfarnar vikur voru þeir Georg, Jónsi, Kjartan og Orri bara fjórir á sviðinu í Höllinni, en það er í fyrsta sinn sem þeir hafa þann háttinn á síðan árið 2001. Þeir stíllu sér flott upp og notuðu allt sviðið, Kjartan og Orri til hliðanna

og horfðu inn til miðju og Jónsi og Georg á milli þeirra. Þrátt fyrir að vera bara fjórir byrjuðu þeir tónleikana af krafti.

Sjónrænt voru þessir tónleikar reyndar alveg frábærir. Maður hefur sjaldan séð jafn vel útfærða lýsingu og sjóid var allt sérstaklega vel heppnað. Auk lýsingarinnar var myndefni á stjóru tjaldi bak við sveitina og ýmis önnur meðul voru notuð til að auka á áhrifamáttinn, m.a. vatn, skuggar og marglitir bréfsneplar sem var blásið yfir sviðið og út í sal.

Sigur Rós spilaði í tæpa tvo tíma. Dagskráin samanstóð af lögum frá öllum ferlinum, en lög af Með suð í eyrum ... voru áberandi og vöktu einna mesta lukku í fullum salnum. Það var mikið fagnað þegar lög eins og Við spilum endalaust og Inní mér syngur vitleysingur voru flutt, enda stuðlög sem brjóta svoltið upp þessa dæmigerðu Sigur Rósa-stemningu. Hljómsveitin endaði svo á Gobbledigook, en í því hjálpuðu For A Minor Reflection-strákarnir til við trommslátt og Jónsi fékk reyndar „gamla fólkið í stúkunn“ til að standa upp og klappa í takt með trommunum líka. Gobbledigook er frábært lag, ólíkt öllum hinum og fær mig alltaf til að hugsa um það hvað Sigur Rós á mikið af ónýttum möguleikum. Þeir geta gert hvað sem er

TÓNLEIKAR

Sigur Rós

Laugardalshöll 23. nóvember

★★★★

Sigur Rós skilaði kraftmiklum og flottum tónleikum í Höllinni á sunnudagskvöldið, án aukamanna, en með tilkomumikilli ljósasýningu.

Þessir strákar. Það eru engin takmörk. Eftir mikið upplapp kom sveitin aftur á svið og spilaði tvö lög til viðbótar, fyrst hið ljúfa loklag af Með suð í eyrum ..., *All Alright* og svo *Popplagið*. Salurinn hélt áfram að fagna, en þó að sveitin hafi komið í tvígang fram á sviðið aftur til að þakka fyrir sig, klappa og hneigja sig þá tók hún ekki fleiri lög og áhorfendur streymdu að því er virtist ánægðir út í nóttina.

Á heildina litið voru þetta finir tónleikar. Náttúrutónleikarnir í Laugardalnum í sumar voru frábærir. Þessir voru öðruvísi, en engu síðri. Þeir Sigur Rósa-drengir geta greinilega vel komist af án stengisveitar og blásara og gaman að fá tækifæri til að bera saman þessar tvær útfærslur af bandinu með svona stuttu millibili.

Trausti Júlíusson

FRÍÐA BJÖRK INGVARSDÓTTIR, MORGUNBLAÐIÐ

„... bráðfyndin allegorísk barnasaga handa fullorðnum.“

★★★★

KRISTJÁN HRAFN GUÐMUNDSSON, DV

„... allt í senn, einstaklega fyndin, áleitin og óþægileg.“

FRÍÐA BJÖRK INGVARSDÓTTIR, MORGUNBLAÐIÐ

www.forlagid.is

Eltihrellir dæmdur

Eltihrellirinn Steven Burky hefur verið dæmdur í nálgunarbann eftir að Jennifer Garner lagði fram kærur á hendur honum.

Jennifer sagðist óttast um líf sitt og dóttur sinnar Violet sem hún á með leikaranum Ben Affleck, vegna ógnvekjandi hegðunar Burky.

Burky mun hafa elt Jennifer um Bandaríkin og sent henni pakka og bréf með óviðeigandi skilaboðum. Með árunum virtist hegðun hans verða ágengari sem leiddi til kærur Jennifer. Dómarinn Richard Rico virtist kunnugur máli Burky og hikaði ekki þegar hann dæmdi hann í nálgunarbann til ársins 2011.



ÓTTAÐIST UM LÍF SITT Steven Burky hefur elt Jennifer Garner um nokkurt skeið og hefur nú verið dæmdur í nálgunarbann.

Montin Atómstöð í útrás

Lag Atómstöðvarinnar, Think No, er að finna á safnplötunni Riot on Sunset vol. 14 sem bandaríska útgáfufyrirtækið 272 Records gefur út.

„Þeir sögðu að lagið væri grípandi og að þeir hefðu trú á að það fengi spilun úti,“ segir Óli Rúnar Jónsson úr Atómstöðinni.

Think No er fyrsta lag safnplötunnar og að sama skapi það fyrsta sem er gefið út á smáskífu. Að sögn Óla Rúnars sendu 272 Records þeim félögum tölvupóst eftir að hafa heyrt lagið á Myspace-síðu sveitarinnar og heillast upp úr skónum. „Það er mikill heiður að fá að vera með í þessu og við erum gríðarlega montnir af því að vera með lag númer eitt, við bjuggumst alls ekkert við því,“ segir hann.

Safnplatan er til sölu á vefsíðunni Amazon.com og í plötubúðum í Kaliforníu auk þess sem henni hefur verið dreift á fjölda net- og háskólaútarpsstöðva í Bandaríkjunum. Hefur lag Atómstöðvarinnar þegar fengið spilun á þó nokkrum útarpsstöðvum.

Óli játar að góð tækifæri gætu falist í þessari nýju



ATÓMSTÖÐIN Rokkarnir í Atómstöðinni eiga lag á safnplötu bandaríska útgáfufyrirtækisins 272 Records.

útgáfu, þar á meðal útgáfusamningur og spíla-mennska erlendis. „Við sjáum til hvernig þetta lendir. Alla vega eru talsvert meiri möguleikar en áður.“

Hljómsveitin hefur aldrei spilað erlendis en vonast til að einhver tækifæri bjóðist núna. „Það var hugmyndin að fara til Evrópu fyrst en maður veit ekkert hvað gerist eftir þetta,“ segir hann.



GUÐMUNDUR PÉTURSSON Hefur gefið út Ologies, sem telst vera hans fyrsta alvöru sólóplata.

Fyrsta alvöru sólóplatan

Gítarleikarinn snjalli Guðmundur Pétursson hefur gefið út sólóplötu-una Ologies. Hann segir að hún sé fyrsta alvöru sólóplata sín en fyrir mörgum árum gaf hann út tilraunakennnda plötu sem fór frekar hljótt um.

„Hún tafðist í margar vikur í framleiðslu út af gjaldeyris-kreppu,“ segir hann um nýju plötuna. „Framleiðslan var komin það langt að það var engin ástæða til að snúa aftur en hún fór í gang á óheppilegum tíma.“

Á plötunni blandar Guðmundur saman margvíslegum stefnum, þar á meðal rokki, djassi, kvikmynda- og heimstónlist og óhefðbundinni tónlist. Honum til halds og trausts eru meðal annars Matthías Hemstock trommu- og slagverksleikari, Hrafnkell Orri Egilsson sellóleikari og Styrmir Hauksson hljóðhönnuður. Að sögn Guðmundar fór gríðarlegur tími í gerð plötunnar, sem hann byrjaði að semja í byrjun síðasta árs.

Eftir að hafa unnið í henni í heilt ár notaði hann síðastliðið sumar í eftirvinnslu.


Guðmundur stefnir á tónleika-hald eftir áramót og er þegar búinn að setja saman nýja hljómsveit, sem bætist í hóp þeirra fjölmörgu sveita sem hann hefur spilað með í gegnum tíðina.

Hvíla sig á upptökum

Breska hljómsveitin Arctic Monkeys ætlar að spila á tónlistarhátíðinni Big Day Out í Ástralíu í janúar þrátt fyrir að vera enn á kafi í gerð sinnar þriðju plötu.

„Okkur fannst þetta dálítið óhefðbundið að klára ekki plötuna fyrst en af hverju ekki að kýla á það og hugsa um hina hlutina síðar? Auk þess höfum við aldrei fengið tækifæri til að njóta ástralska sumarsins,“ sagði trommarinn Matt Helders.

Josh Homme, forsprakki Queens of the Stone Age, aðstoðar þá félagi við gerð nýju plötunnar og lofar Helders því að útkoman verði eitthvað alveg nýtt.



Stelpupakki

Sæktu tvær 15“ pizzur með tveimur áleggs-tegunundum, 2 ltr. Coke og stóran skammt af brauðstöngum á 4.500.- kr. og þú færð dvd myndina --**Sex and the City**-- frítt með.

Strákapakki

Sæktu tvær 15“ pizzur með tveimur áleggs-tegunundum, 2 ltr. Coke og stóran skammt af brauðstöngum á 4.500.- kr. og þú færð dvd myndina --**3:10 To Yuma**-- frítt með.



Sjö Hróa Hattar staðir
Eitt símanúmer 55 44444

Kópavogur: Smiðjuvegi 2, Reykjavík: Fákafeni 11, Hringbraut 119, Langarima 21, Hafnarfjörður: Hjallahrauni 13, Mosfellsbær: Þverholti, Selfoss: Austurvegi 22.

> Kristinn dæmir í Úkraínu

UEFA hefur úthlutað Kristni Jakobssyni leik Shaktar Donetsk og Basel í næstu umferð Meistaradeildarinnar en leikurinn fer fram á morgun. Heimildir Fréttablaðsins hermdu að Kristinn fengi þennan leik eða viðureign Álaborgar og Celtic og úr varð að Kristinn fer til Úkraínu. Þetta er fyrsti leikurinn í Meistaradeildinni sem Kristinn dæmir og mikil viðurkenning á hans störfum að fá þennan leik en Kristinn hefur lengi stefnt að því að ná þessu markmiði. Verður áhugavert að fylgjast með framgöngu hans í leikum.



sport
sport@frettabladid.is

DAVIÐ HILDIBERG AÐALSTEINSSON ÚR ÍRB: VANN FIMM EINSTAKLINGSGULL Á ÍM Í SUNDI UM HELGINA:

Það verður gaman að vinna Örn einhvern tímann

Davíð Hildiberg Aðalsteinsson stóð sig frábærlega á Íslandsmeistararóttinu í 25 metra laug sem fram fór í Laugardalslauginni um helgina. Davíð vann fimm greinar og bætti sig mikið í þeim öllum. „Ég er rosalega ánægður með hvernig gekk. Þetta var aðeins betra en ég ætlaði mér," segir Davíð sem hefur mikinn áhuga á öllu tengdu sundinu og fylgist meðal annars vel með því sem er að gerast í sundheiminum. „Ég er aðallega að fylgjast með tímum hjá mönnum og þegar einhver fer á góðum tíma þá kíkir maður á Youtube og skoðar sundið og reynir að læra eitthvað af þessu. Maður verður að hafa áhuga á þessu til þess að nenna þessu því þetta er íþrótt sem krefst rosalega mikils af öllum frítíma," segir Davíð sem er einnig litríkur í lauginni og fagnar oft á skemmtilegan hátt. „Það er bara gaman að fagna aðeins. Maður verður að sýna eitthvað en ekki vera bara í lauginni og brosa kannski smá," segir hann í léttum tón. Davíð náði lágmarkinu á EM í 25 metra laug

um helgina en ætla ekki að fara þar sem SSÍ borgar ekki fyrir sundfólkið á mótið og mótið er á sama tíma og prófin eru. Fram undan er því keppnistímabilið í 50 metra lauginni. „Ég á að geta bætt mig helling í 50 metra lauginni. Ég ætla að reyna að komast á mína fyrstu smáþjóðaleika og mér finnst ég vera frekar pottþéttur þangað. Síðan langar mig á HM í Róm en það verður erfiðara en að komast inn á EM," segir Davíð. Davíð náði langþráðu takmarki um helgina þegar hann náði að synda undir tíma þjálfara síns, Eðvarðs Þórs Eðvarðssonar. „Það var gaman að vinna tímana hans um helgina því ég var búinn að bíða lengi eftir því," sagði Davíð sem bætti árangur Eðvarðs í 50 og 100 metra baksundi en þeir voru á sínum tíma Íslandsmet. Davíð sýndi annars mikla yfirburði í öllum þremur baksundsgreinunum. „Ég er í sérflöki í baksundinu þegar Örninn er ekki með," svarar Davíð spurður um stóra sigra sína um helgina og takmarkið er að ná Erni Arnarsyni sem bætti baksundmetin mikið á sínum tíma. „Það verður gaman að vinna hann einhvern tímann," segir Davíð að lokum.



Meistaradeild Evrópu:

Arsenal þarf að klára Kiev

FÓTBOLTI Fimmta umferð Meistaradeildarinnar hefst í kvöld með átta leikjum.

Lítil spennan er í E- og F-riðlum en þar eru Man. Utd, Villarreal, Lyon og Bayern München svo gott sem öll komin áfram.

Meiri spennan er í G- og H-riðlum. Arsenal er í basli þessa dagana og þarf að klára Dynamo Kiev heima til að lenda ekki í frekari vandræðum. Kiev jafnar Arsenal að stigum með sigri og Porto gæti skotist upp fyrir Arsenal með sigri á Fenerbahce.

Real Madrid má svo afar illa við því að misstíga sig gegn Valsbönunum í BATE Borisov en töpin tvö gegn Juventus hafa komið rísum frá Madrid í nokkur vandræði. Madrídangar treysta því á að Juventus standi sig í Pétursborg. - hbg

LEIKIR KVÖLDSINS:

E-riðill:

Villarreal-Man. Utd Sport 3

Alaborg-Celtic

F-riðill:

Bayern München-Steaua Búkarest

Fiorentina-Lyon

G-riðill:

Arsenal-Dynamo Kiev Stöð 2 Sport

Fenerbahce-Porto

H-riðill:

BATE Borisov-Real Madrid Sport 4

Zenit St. Petersburg-Juventus

Draumur minn er að fara til FCK

Stórskyttan efnilega, Rúnar Kárason, segir að það sé draumur sinn að spila með danska úrvalsdeildarfélaginu FCK. Rúnar skoðaði aðstæður hjá þýska félaginu Fuchse Berlin í gær. Rúnar kom sér sjálfur í samband við FCK, sendi þjálfaranum spólur með sér sem hreifst af stráknum efnilega og hringdi í hann.

HANDBOLTI Einn eftirsóttasti handboltamaður landsins þessa dagana er örvhenta stórskyttan Rúnar Kárason sem spilar með Fram. Rúnar hefur vakið mikla athygli hjá erlendum félögum upp á síðkastið og fátt sem bendir til þess að hann muni leika á Íslandi næsta vetur.

Rúnar spilaði með Fram gegn Gummersbach um helgina og fór síðan í gærmorgun til Berlínar þar sem hann hitti forráðamann þýska úrvalsdeildarfélagins Fuchse Berlin að máli en félagið hefur haft mikinn áhuga á Rúnari um nokkurn tíma.

„Ég var með íþróttastjóra félagsins í dag og hann sýndi mér aðstöðu félagsins og nýju, glæsilegu höllina þeirra. Mér leist ágætlega á þetta og mun bara skoða þetta mál," sagði Rúnar við Fréttablaðið í gær. Aðalástæðan fyrir því að hann ætla ekki að taka neina ákvörðun með Berlín strax er sú staðreynd að hann vill fara til Danmerkur.

„Draumurinn minn er að detta inn vonandi fljótlega. Ég hef verið að láta mig dreyma um að spila með FCK í Kaupmannahöfn og viðræður við þá eru farnar í gang," sagði Rúnar sem biður ekki eftir



ÖFLUGUR OG EFTIRSÓTTUR Rúnar Kárason skoðaði aðstæður hjá Fuchse Berlin í gær en vill helst komast til FCK í Danmörku.

því að draumarnir rætist af sjálfu sér heldur hjálpaði til við að láta þennan draum ræstast.

„Ég byrjaði að hafa samband

við félagið sjálfur í haust, sendi spólur til þjálfarans [Magnus Andersson] og hann hófði svo loksins á spólurnar, varð hrifinn og

hringdi í mig í kringum síðasta landsliðsverkefni. Það væri afar spennandi byrjun á mínum atvinnumannafæri að spila með þessu sterka liði frá Kaupmannahöfn. Það er ekki of stórt stökk. Kys það frekar en að fara til Þýskalands í upphafi. Ég sé mig frekar vaxa þar en í Þýskalandi þar sem ég vil svo spila síðar," sagði Rúnar brattur. Hann segir Andersson hafa verið afar jákvæðan í hans garð og vildi ólmur fá hann til að skoða aðstæður og spjalla. FCK vantar styrkingu í stöðu Rúnars og því ekki skrítið að Andersson hafi áhuga á að klófesta Rúnar.

Rúnar hélt beint frá Berlín aftur til Kölnar þar sem hann fékk að gista hjá Róberti Gunnarssyni en þeir félagarnir fóru síðan til móts við íslenska landsliðið í morgun. Það eru mikil meiðslí á hægri vængnum hjá landsliðinu og því fær Rúnar að spila talsvert stórt hlutverk með landsliðinu gegn Þjóðverjum um næstu helgi.

„Vonandi fær maður tækifæri og nýtir það tækifæri vel. Ég verð að nýta þau tækifæri sem ég fæ til þess að minna á mig," sagði Rúnar að lokum.

henry@frettabladid.is

MERYL STREEP PIERCE BROSNAN
MAMMA MIA!
LENDIR Í ELKO 27. NÓVEMBER

SENDU SMS EST MAM Á NÚMERIÐ 1900
- ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MAMMA MIA Á DVD!
9. HVER VINNUR!
VINGINGAR: MAMMA MIA Á DVD - ABBA SINGSTAR - TÓNLISTIN ÖR MYNDINNI MAMMA MIA!
PEPSI MAX - FULLT AF ÖÐRUM DVD MYNDUM OG TÖLVELEIKJUM.

Guðmundur valdi 16 manna leikmannahóp fyrir leikina gegn Þjóðverjum:

Tækifæri fyrir ungu strákana

HANDBOLTI Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari valdi sextán leikmenn sem munu mæta Þjóðverjum í tveim vínáttulandsleikjum um næstu helgi. Íslenska liðið leikur einnig æfingaleik gegn Dormagen á fimmtudag en Guðmundur þjálfaði það félag á sínum tíma.

Gríðarleg forföll eru í íslenska landsliðinu og vantar sex stráka úr silfurhópnum í sumar. Ólafur Stefánsson gefur ekki kost á sér og þeir Snorri Steinn Guðjónsson, Alexander Petersson, Ásgeir Örn Hallgrímsson, Arnór Atlason og Sigfús Sigurðsson eru allir meiddir. Þarna vantar báða miðjumenn liðsins sem og hægri vænginn.

LANDSLIÐSHÓPURINN

Markverðir:

Hreiðar Levý Guðmundsson Savehof

Björgvin Páll Gústavsson Bittenfeld

Aðrir leikmenn:

Aron Pálmarsson FH

Bjarni Fritzon St. Raphael

Einar Hólmgeirsson Grosswallstadt

Guðjón Valur Sigurðsson R-N Löwen

Ingimundur Ingimundarson Minden

Logi Geirsson Lemgo

Ragnar Óskarsson Dunkerque

Róbert Gunnarsson Gummersbach

Rúnar Kárason Fram

Sigurbergur Sveinsson Haukar

Sturla Ásgeirsson Düsseldorf

Sverre Andreas Jakobsson HK

Vignir Svavarsson Lemgo

Þórir Ólafsson Lübbecke



HAUSVERKUR Það var ekki auðvelt verk fyrir Guðmund þjálfara að velja hópinn enda margir leikmenn meiddir.

„Það er vissulega mjög erfitt við þetta að eiga og ekkert auðvelt að mæta sterku liði Þjóðverja með lið sem hefur ekki spilað mikið saman. Engu að síður er þetta mikilvægt tækifæri fyrir ungu strákana og þeir munu fá að spila mikið. Það er alveg ljóst," sagði Guðmundur og vísaði þar klárlega til þeirra Arons, Rúnars og Sigurbergs sem allir hafa staðið sig vel hér heima í vetur.

Guðmundur er að fara að stað með svokallað 2012-landslið sem á að vera byggt á framtíðarmönnum

landsliðsins. Kom ekki til greina að gefa öllum fastamönnum frí og mæta með það lið til Þýskalands?

„Jú, það kom upp í umræðunni. Þjóðverjarnir eru aftur á móti búnir að auglýsa þessa leiki grimmt og gera út á að þeir séu að fara að mæta silfurliðinu frá ÓL þannig að þeir yrðu ekkert kátir ef við hefðum gert það. Þess vegna fórum við með þennan hóp sem er okkar sterkasti sem stendur," sagði Guðmundur.

- hbg

ÚRSLITIN Í GÆR

Enska úrvalsdeildin

Wigan-Everton 1-0
1-0 Henri Camara (50).

Enska b-deildin

Barnsley-Burnley 3-2
Jóhannes Karl Guðjónsson lék fyrstu 55 mínúturnar í liði Burnley og fór útaf í stöðunni 3-0 fyrir Barnsley.

Iceland Express kvenna

KR-Grindavík 68-56 (26-34)
Stig KR: Sigrún Ámundadóttir 22 (16 frák., 5 varin), Hildur Sigurðardóttir 15 (9 frák., 4 stoðs.), Guðrún Ósk Ámundadóttir 15, Helga Einaradóttir 8 (9 frák., 3 varin), Sigurbjörg Þorsteinsdóttir 4 (7 frák.), Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 2, Guðrún Anna Sigurðardóttir 2.
Stig Grindavíkur: Ingibjörg Jakobsdóttir 15, Íris Sverrisdóttir 9, Helga Hallgrímsdóttir 7 (13 frák., 5 varin), Lilja Ósk Sigmarsdóttir 6 (8 frák.), Berglind Anna Magnúsdóttir 6, Ólöf Helga Pálsdóttir 5, Petrunella Skúladóttir 5, Jovana Lilja Stefánsdóttir 3.

STAÐAN Í DEILDINN:

Haukar	7	6	1	494-432	12
Keflavík	7	5	2	565-459	10
Hamar	7	5	2	553-455	10
KR	8	5	3	534-497	10
Grindavík	8	3	5	544-554	6
Valur	7	3	4	410-420	6
Fjölnir	7	1	6	385-562	2
Snæfell	7	1	6	430-536	2



TIL SVÍPJÓÐAR Margrét Lára spilar með einu sterkasta liði Svíþjóðar á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Margrét Lára Viðarsdóttir: Samdi við Linköping í gær

FÓTBOLTI Landsliðskonan Margrét Lára Viðarsdóttir er búin að gera eins árs samning við sænsku bikarmeistarana Linköping sem er eitt sterkasta félaglið heims. Margrét Lára hefur átt í samningaviðræðum við sænska liðið í nokkrar vikur en nú er samningurinn í höfn.

„Nú er bara að vinna sér sæti í liðinu. Liðið er með sjö sænskar landsliðskonur og það verður mjög hörð samkeppni um stöðurnar,“ segir Margrét Lára sem fer til Svíþjóðar í febrúar.

Margrét Lára segir Linköping spila sóknarbolta og að henni lítist mjög vel á að spila með þessu sterka liði sem endaði í 2. sæti sænsku deildarinnar á síðasta tímabili.

- 66j



ALLT Í ÖLLU Helena Sverrisdóttir er að gera góða hluti hjá TCU. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Helena Sverrisdóttir hjá TCU: Búnar að vinna alla leikina

KÖRFUBOLTI Helena Sverrisdóttir og félagar hennar í TCU halda áfram sigurgöngu sinni í bandaríska háskólaboltanum og hafa nú unnið fjóra fyrstu leiki tímabilsins.

Helena var stíghæst í þriðja leiknum í röð þegar hún skoraði 17 stig á 23 mínútum í 89-75 sigri á Sam Houston State. Helena hefur nýtt 58 prósent skota sinna og 85 prósent vítanna í þessum leikjum og er efst hjá liðinu í stigum (17,8 í leik), fráköstum (7,0) og stoðsendingum (5,0).

- 66j

KR tryggði stöðu sína í 4. sæti Iceland Express-deildar kvenna með 12 stiga sigri á Grindavík í gærkvöldi:

Systurnar voru í stuði á úrslitastundu

KÖRFUBOLTI Stórleikur systranna Sigrúnar og Guðrúnar Óskar Ámundadætra lagði grunninn að fjórða sigri KR í röð í Iceland Express-deild kvenna þegar liðið vann 12 stiga sigur á Grindavík, 68-56, í baráttuleik um 4. sætið í deildinni.

Eftir leikinn munar fjórum stigum á liðunum og KR er auk þess með mun betri innbyrðisstöðu í baráttunni um síðasta sætið inn í efri hluta deildarinnar. Systurnar skoruðu saman 37 stig í leiknum í gær þar af 21 af þeim í fjórða leikhlutann sem KR vann 31-17.

Grindavíkurlíðið byrjaði mun betur, komst í 5-9 og 7-16 og var

með átta stiga forskot í hálfleik, 26-34. Leikurinn einkenndist af baráttu og litlu stigaskori en þegar á reyndi þá fór KR-liðið í gang á hárréttum tíma.

KR-konur lögðu grunninn að sigrinum með því að skora 19 stig í röð í fjórða leikhluta og breyta stöðunni úr 46-50 fyrir Grindavík í 65-50 fyrir KR. Grindavíkurlíðið skoraði þá ekki í rétt tæpar fimm mínútur en á sama tíma skoruðu systurnar 14 stig, Sigrún 8 og Guðrún 6.

Hin 16 ára Heiðrún Kristmundsdóttir átti líka góða innkomu í seinni hálfleik og var meðal annars með 4 stoðsendingar á 14 mínútum



22 STIG OG 16 FRÁKÖST Sigrún Sjöfn Ámundadóttir var öflug í liði KR gegn Grindavík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

og saman með Hildi Sigurðardóttur náði hún að koma KR-sókninni í gang.

Sigrún Ámundadóttir átti góðan leik í liði KR og endaði með 22 stig, 16 fráköst og 5 stolna bolta. Guðrún endaði með 15 stig og 56 prósent skotnýtingu á 24 mínútum. Hildur Sigurðardóttir var líka traust með 15 stig, 9 fráköst og 4 stoðsendingar og þá var Helga Einaradóttir seig.

Grindavík hefur nú tapað þremur leikjum í röð og staða liðsins í baráttunni um sæti í efri hlutanum er orðin slæm. Helga Hallgrímsdóttir og Ingibjörg Jakobsdóttir voru bestar.

- 66j

Nýtt
í Skífunni!

Nýtt upphafi!
Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifanis

Raggi Bjarna

Lögin sem ekki mega gleymast

Raggi Bjarna syngur ásamt gestum lögin sem ekki mega gleymast. Hann tileinkar plötuna minningu Hauks Morthens, Óðins Valdimarssonar og Alfreðs Clausen.

Skemmtileg og fjölbreytt plata og meðsóngerar eru m.a. Ellen Kristjáns, Kristjana Stefáns, Bjarni Ara og Jónsi. Agnar Már Magnússon stýrði upptökum.

> Lauren Graham

„Það að hafa góða yfirsýn skiptir öllu máli í lífinu.“ Graham fer með hlutverk Lorelai Gilmore í þættinum Mæðgurnar (Gilmore Girls) en Sjónvarpið byjar að sýna nýja þáttaröð í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON VILL FYNDIÐ

Sjónvarpsefni framleitt á krepputímum?

Það verður gaman að sjá hvaða áhrif kreppan hefur á efni kvikmynda og sjónvarps innanlands og utan. Hvort sjónvarpsmóguar fari að slá af raunveruleikþætti um ríkar eiginkonur í Beverly Hills og lærlinga hjá Donald Trump og setji alla „lífsstíls“- og „gourmet“-þætti í frystikistuna. Ætli fólk vilji bara lita á sjónvarpið sem flóttu frá raunveruleikanum og vilji ekkert sjá nema myndir? Að raunveruleikþættirnir séu á niðurlæið og yfirborðslega myndir þættir sefi massann? Við sex ára sonur minn erum greinilega með samstilltan humor því hann horfði á mig þunglyndislega eftir endursýningu á Spaugstofunni og sagði með skeifu á vör. „Ég held að ég sé ekkert myndir lengur, mamma. Mér finnst ekkert myndir sem öðrum finnst myndir. Mér finnst

bara eitthvað allt annað myndir en þá hlæ ég bara einn úti í horni og enginn hlær með mér.“ Ég fullvissaði hann um að hann ætti þó móður sína að til að flissa úti í horni með yfir hlutum sem okkur finnst myndir. En vonandi fara bandarísku stúdíóin ekki einungis út í framleiðslu á fleiri sérlega ófyrirgjörðum sjónvarpsþættum. Fyrsta heimskreppan á fjórða áratugnum sýndi og sannaði að fólk vill ekki bara horfa á froðu þegar hart er í ári. Kreppuárin komu með surreáliskan humor Marx-bræðrana, krimma með James Cagney, hryllingsmyndir frá Universal Studios og evrópska kvikmyndagerðarmeistarana eins og Fritz Lang og Jean Renoir. Þá sannaðist það að góð list hreinlega blómstrar á kritískum tímum.



SKARPUR OG SKRÝTINN HÚMOR Marx-bræðrum slógu í gegn í Bandaríkjunum á krepputímum.

EKKI MISSA AF



▶ **19.30 Arsenal – Dinamo**
Kíev STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10 Survivor** SKJÁREINN



▶ **20.20 Two and a Half Men**
STÖÐ 2



▶ **20.30 Ally McBeal**
STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.25 Rannsókn málsins**
SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

- 16.05 Sportið** (e)
16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.15 Tákn málsfréttir
17.25 Bjargvætturinn (Captain Flamingo) (5:26)
17.50 Latibær (e)
18.15 Sunnudagskvöld með Evu M. (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Mæðgurnar (Gilmore Girls VII) (1:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-ríki og dóttur hennar. Aðalhlutverk: Lauren Graham, Alexis Bledel, Keiko Agena og Yanic Truesdale.
20.55 Með blæju á háum hælum (Med slør og høje hæle) (6:6) Danskir ferðabættir frá Austurlöndum nær.
21.25 Annað líf Ný íslensk fræðslumynd er um fyrirkomulag líffæragjafa hér á landi.
22.00 Tíufréttir
▶ **22.25 Rannsókn málsins – Spjallmynd** (Trial & Retribution XIV: Mirror Image) (1:2) Bresk spennmynd frá 2007 í tveimur hlutum. Lögreglufoingi og kona hans eru myrt og grunur beinist að ættingi um sem hagnast á láti þeirra. Aðalhlutverk: David Hayman, Victoria Smurfit og Dorian Lough.
23.35 Njósnaeildin (Spooks)(9:10) Breskur sakamálaflökkur um úrvalsveit innan bresku leyfingastöðunar sem glímir m.a. við skipulagða glæpastarfsemi. (e)
00.30 Kastljós (e)
01.00 Dagskrárlok

BÍÓ

- 08.00 Land Before Time XII: Day of the Flyers**
10.00 Music and Lyrics
12.00 Lucky You
14.00 The Object of Beauty
16.00 Land Before Time XII: Day of the Flyers
18.00 Music and Lyrics
20.00 Lucky You
22.00 The 40 Year Old Virgin
00.00 Kicking and Screaming
02.00 Wet Hot American Summer
04.00 The 40 Year Old Virgin
06.00 My Super Ex-Girlfriends

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2** Smá skrifnir foreldrar, Louie, Fifi, Ruff's Patch og Stóra teiknimyndastundin.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella (199:300)
10.15 America's Got Talent (9:15)
11.05 Jamie's Chef (2:4)
12.00 Grey's Anatomy (17:25)
12.45 Neighbours
13.10 When Angels Come to Town
14.40 The New Adventures of Old Christine (21:22)
15.05 Sjáðu
15.35 Friends (21:24)
16.00 Saddle Club
16.23 Tutenstein
16.48 Ben 10
17.13 Ginger segir frá
17.33 Bold and the Beautiful
17.58 Neighbours
18.23 Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.17 Veður
19.30 The Simpsons (5:25)
19.55 Friends
▶ **20.20 Two and a Half Men** (17:19) Charlie Harper lifði í vellystingum þar til bróðir hans, Alan, flutti inn á hann slappur og snaudur, nýfráskilinn, með son sinn Jack.
20.45 The Big Bang Theory (15:17) Leonard og Sheldon eru eðlisfræðingar sem þekkja eðli alheimsins mun betur en eðli mannsins. Þegar þeir kynna nágrenna sínum Penny, sem er einlæg, fögur og skemmtileg, fara þeir að sjá lífið í nýju ljósi.
21.10 Chuck (13:13)
21.55 Rescue Me (1:13)
22.40 The Daily Show: Global Edition
23.05 Kompás
23.35 Grey's Anatomy (5:24)
00.20 Rennie's Landing
02.05 When Angels Come to Town
03.35 The Daily Show: Global Edition
04.00 Chuck (13:13)
04.45 The Simpsons (5:25)
05.10 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

- 16.20 Þýski handboltinn** Hver umferð gerð upp. Handknattleikur á heimsmælikvarða.
16.50 Fréttabáttur Meistaradeildar Evrópu Fréttabáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem hver umferð er skoðuð í bak og fyrir.
17.20 Meistaradeild Evrópu Bein útsending frá leik Zenit og Juventus.
19.20 Meistaradeild Evrópu Hitað upp fyrir leikina í Meistaradeild Evrópu.
▶ **19.30 Meistaradeild Evrópu** Bein útsending frá leik Arsenal og Dinamo Kiev. Sport 3: Villarreal - Man. Útd Sport 4: Bate Borisov - Real Madrid
21.40 Meistaradeild Evrópu Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð úr Meistaradeild Evrópu.
22.20 Meistaradeild Evrópu Útsending frá leik Villarreal og Man. Útd í Meistaradeild Evrópu en leikurinn er sýndur beint á Sport 3 kl. 19.35.
00.10 Meistaradeild Evrópu Útsending frá leik Bate Borisov og Real Madrid í Meistaradeild Evrópu en leikurinn er sýndur á Sport 4 kl. 19.35.
02.00 Meistaradeild Evrópu Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð úr Meistaradeild Evrópu.
SPORT 2 enski boltinn
07.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Wigan og Everton.
16.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Middlesbrough og Bolton.
18.00 Premier League World Enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.
18.30 Coca Cola mörkin Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðuð í þessu magnaða markaði.
19.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Tottenham og Blackburn í ensku úrvalsdeildinni.
20.40 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Sunderland og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.
22.20 Ensku mörkin Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðuðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrífir á einum stað.
23.15 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Liverpool og Fulham í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 06.00 Óstöðvandi tónlist**
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
17.00 Vörutorg
18.00 Dr. Phil Sjónvarpsálfraeðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólk að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frá-bærar sögur og gefur góð ráð.
18.45 America's Funniest Home Videos (26:42) Bráðskemmtilegar fjölskyldubáttur þar sem sýnd eru myndir mynd-brot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu. (e)
19.10 Singing Bee (10:11) Íslensk fyrirtæki keppa í skemmtilegum leik þar sem keppendur þurfa ekki að kunna að syngja heldur einungis að kunna textann við vinsæl lög. (e)
▶ **20.10 Survivor** (8:16) Vinsælasta raunveruleikasería allra tíma. Að þessu sinni fer leikurinn fram innan um villt dýr í frumskógum Gabon í Afríku. Kynnir er sem fyrr sjármórin Jeff Probst.
21.00 Innlit / Útlit (10:14) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Nadia Banine og Amar Gauti koma víða við. Þau heimsækja skemmtilegt fólk og áhugaverð fyrirtæki. Sýndar verða hagnýtar og skemmtilegar lausnir fyrir heimilið sem þurfa ekki að kosta mikið.
21.50 In Plain Sight (10:12) Sakamála-sería um hörkukvendi sem vinnur fyrir bandarísku vitnaverndina. Natasha, vitnið sem Mary hjálpaði að fara í brjóstastækkun, kemst að því að nýi kærastinn hennar er einnig í vitnaverndinni.
22.40 Jay Leno Spjallbáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.
23.30 CSI: New York (14:21) (e)
00.20 Vörutorg
01.20 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

- 18.15 Fréttir og Að norðan** Endurtekið á klt. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
21.00 Bæjarstjórnarfundur á Akureyri
N4 Sjónvarp Norðurlands
Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

BYLGJAN
989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

alla virka daga kl. 16

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.55

Rescue Me – NÝTT

Fjórða serían um Tommy Gavin og félag hans á slökkvistöð 62 í New York. Síðast var skilið við Tommy þar sem hann lenti í skelfilegum eldsvoða. Hann sætir sjálfur rannsókn þar sem upptök eldvoðans eru enn óljós. Ekki lagast vandamálin heima fyrir því Tommy og félagar hans eru einstaklega lagnir við að koma sér í klandur hjá betri helmingnum. Denis Leary fer með aðalhlutverkið í þessari frábæru þáttaröð.



ÞVIÐ MÆLUM MED

Annað líf

Sjónvarpið kl. 21.25

Sjónvarpið sýnir í kvöld nýja fræðslumynd um líffæragjafir á Íslandi. Fjallað verður um fyrirkomulag líffæragjafa hér á landi og læknar og hjúkrunarfólk útskýra hvernig þær ganga fyrir sig. Rætt verður við aðstandendur og líffæraþega sem segja frá reynslu sinni. Höfundur handrits og stjórnandi upptöku var Páll Kristinn Pálsson. Fræðslumyndin verður endursýnd næsta sunnudag kl. 11.00.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	15.30 Heimsauga
06.40 Veðurfregnr	16.00 Síðdegisfréttir
06.50 Bæn	16.10 Veðurfregnr
07.30 Fréttayfirlit	16.13 Hlaupanótan
08.00 Morgunfréttir	17.03 Víðsjá
09.05 Okkar á milli	18.00 Kvöldfréttir
09.45 Morgunleikfimi	18.16 Auðlindin
10.03 Veðurfregnr	18.23 Fréttayfirlit og veður
10.13 Músík og mas	18.26 Spegillinn
11.03 Samfélagið í nærmynd	18.50 Dánarfregnr og auglýsingar
12.00 Fréttayfirlit	19.00 Endurómur úr Evrópu
12.02 Hádegisútlarp	20.00 Leynifélagið
12.20 Hádegisfréttir	20.30 Útlínur
12.45 Veðurfregnr	21.00 Í heyranda hljóði
12.50 Dánarfregnr og auglýsingar	22.07 Veðurfregnr
13.00 Vít og breitt	22.12 Orð kvöldsins
14.03 Stef	22.15 Fimm fjórðu
15.03 Útlarpssagan: Bulgari sambandið	00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskylda útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.00 Hollyoaks (66:260)
- 16.30 Hollyoaks (67:260)
- 17.00 Seinfeld (4:24)
- 17.30 Ally McBeal (23:23)
- 18.15 The War at Home
- 18.35 Kenny vs. Spenny (12:13)
- 19.00 Hollyoaks (66:260)
- 19.30 Hollyoaks (67:260)
- 20.00 Seinfeld (4:24) Jerry Seinfeld er uppstandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur.
- 20.30 Ally McBeal (23:23) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
- 21.15 The War at Home Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglíngana á heimilinu. Þar er alltaf líf og fjór enda sjá foreldramir ekki hlutina með sömu augum og unglíngarnir.
- 21.35 Kenny vs. Spenny (12:13) Kenny og Spenny eru æskufélagar sem hafa gaman að því að keppa hvor við annan. Þeir eita kappi meðal annars í nektarkeppni og danskeppni, bíblíusölu og kossakeppni.
- 22.00 Men In Trees (8:17)
- 22.45 Journeyman (7:13)
- 23.25 The Unit (18:23)
- 00.10 Help Me Help You (7:13)
- 00.35 Tónlistarmyndbönd frá Skífunni TV

- 20.00 Hrafnáping Í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar.
 - 22.00 Kristinn H. Umræðuþáttur í umsjá Kristins H. Gunnarssonar.
 - 21.30 Guðjón Bergmann Heilsufar Íslandinga er til umræðu hjá Guðjóni Bergmann sem fær til sín góðan gest.
- Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

- 12.00 Aftershowet med Vejret 12.30 Pígeliv
- 13.00 Det lille hus på prærien 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 DR Update - nyheder og vejr
- 14.10 Boogie Mix 15.00 SPAM 15.30 Godnat, Elmer Fjot 15.35 Ninja Turtles 16.00 Agent Nørd
- 16.30 Lille Nørd 17.00 Aftershowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftershowet med Vejret
- 18.30 Ha' det godt 19.00 Hammerslag 19.30 Testen - De bedste sygehuse 20.00 TV Avisen
- 20.25 Kontant 20.50 SportNyt 21.00 Wallander 22.30 Sommer

NRK1

- 12.00 NRK nyheter 12.05 Jessica Fletcher 13.00 NRK nyheter 13.05 Niklas' mat 13.35 'Allo, 'Allo!
- 14.00 NRK nyheter 14.03 MGPJr 2008 - finsk finale 15.00 NRK nyheter 15.10 MGPJr 2008 - finsk finale 15.45 Viva Piñata 16.00 NRK nyheter
- 16.10 Oddasat - nyheter på samisk 16.25 Røst 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Dora utforskeren 17.00 Dora utforskeren 17.25 Dykk Olli, dykk!
- 17.40 Distriktnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Ut i naturen 18.55 Jordmødrene i Sverige 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktnyheter
- 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Brennpunkt 21.20 Extra-trekning 21.30 Safari 22.00 Kveldsnytt 22.15 Bleak House 00.05 4-4-2. Bakrommet. Fotballmagasin

SVT 1

- 11.35 Toppform 12.35 Kärlek 65 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Rapport 15.05 Bobster 15.30 Lilla sportspegeln 16.00 Tess och Ubbe 16.15 Slut för idag... tack för idag 16.30 Jakten på moroten 16.40 Utmaningen 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport 17.10 Regionala nyheter 17.15 Go'kväll 18.00 Kulturyheterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Packat & klart 19.50 Andra Avenyn 20.00 Dom kallar oss artister 20.30 Morgonsoffan 23.00 Kulturyheterna 23.15 Höök 00.15 Sändningar från SVT24

Ráð við kvefi

Bólgu í munn og hálsi má lina með því að...

- Sjúga Strepsils-hálstöflur
- Drekkja heita drykki - til dæmis kamillute með hunangi
- Forðast tóbaksreyk

Stíflaðar nasir má lina með því að...

- Nota nefúða - til dæmis Otrivin
- Sofa með hátt undir höfði - sem dregur einnig úr hósta

Þegar maður er með kvef og særindi í hálsi er almennt gott að...

- Drekkja mikið af vökva
- Þvo hendurnar oft
- Forðast líkamlega áreynslu
- Lofta vel og vandlega heima fyrir en forðast þó vind og kulda
- Nota snýtupappír og henda eftir notkun



Otrivin auðveldar þér andardrátt þegar þú ert með kvefi!

- Otrivin skal úða einu sinni í hvora nös eftir þörfum, 2-3 sinnum á dag.
- Nota í mesta lagi 10 daga í röð.

OTRIVIN nefúði og nefdroparnir innihalda xylometasólín sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Otrivin 1 mg/ml: Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 10 ára. Otrivin 0,5 mg/ml: Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Einungis ætlað 2-10 ára börnum að læknisráði. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xylometasólín ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

Strepsils, við særindum í hálsi!

Strepsils er fánlegt með fjórum bragðtegundum:

- Ávaxtabragði
- Sítrónu- og hunangsbragði
- Sítrónu- og jurtabragði (sykurlaust)
- Mentólbragði

STREPSILS töflur innihalda: Amýlmetakresól 0,6 mg, 2,4 tvíklóróbensýlalkóhól 1,2 mg. Strepsils töflur eru láttnar renna í munn og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sóttþreinsandi áhrif í munn og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla láttn leysast hægt upp í munn á 2-3 klst. fresti. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt í eina viku. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislik viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsgötföflur, sem eru í hentugum þynnupökkningum. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.



„Það myndi vera American Style. Við förum þangað alltaf, strákarnir. Þar er hægt að fá fína borgara og svo má náttúrulega ekki gleyma að áfyllingin á gosid er ókeypis.“

Aron Pálmarsson, landsliðsmaður í handknattleik og leikmaður FH.

Lúdó og Stefán slógu í gegn hjá Sigur Rós

Eftir velheppnaða tónleika Sigur Rósar í Höllinni á sunnudagskvöldió hélt hljómsveitin, samstarfsfólk og heppnir gestir í fundi „aftershow“-partí á Nasa. Barinn var opinn upp á gátt og Lúdó og Stefán tryllti lýðinn. „Þetta var geysifjör og eiginlega með ólíkindum hvað var tekið vel á móti okkur,“ segir Stefán Jónsson söngvari. „Þarna var auðvitað yngri kynslóð en við erum vanir og alveg trúfullt hús, 400 manns eða svo. Það var klappað eftir hvert einasta lag og svo



gargað á meira þegar við vorum búnir. Þá tókum við eitt aukalag en hefðum getað spilað miklu lengur.“ Í ár heldur Lúdó og Stefán upp á 50 ára afmæli sitt. Þrjú upprunalegir meðlimir spila enn með sveitinni. Það var nóg að gera á sunnudaginn því auk þess að skemmta Sigur Rós og gestum hélt Lúdó og Stefán uppi stuðinu í lönó þar sem Sæmi rokk kynnti nýútkomna ævisögu sína. „Þar var náttúrulega önnur kyn-



Á MEÐAN VIÐ STÖNDUM Í LAPPINAR HÖLDUM VIÐ ÁFRAM Lúdó og Stefán skemmti Sigur Rós og gestum á Nasa á sunnudagskvöldið. Enginn komst inn nema með bóðsmiða.

slóð. Sæmi og Didda tóku sporið og Raggi Bjarna kom og söng þrjú lög,“ segir Stefán og bætir við að hljómsveitin sé langt því frá að

leggja upp laupana. „Á meðan við höfum gaman af þessu og stöndum í lappinarn erum við ekkert að fara að hætta.“ - drg

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. eyja í Asíu, 6. guð, 8. bók, 9. látin, 11. tveir eins, 12. fáni, 14. mentastofnun, 16. í röð, 17. rakspáði, 18. er, 20. fyrir hönd, 21. þjappaði.

LÓÐRÉTT
1. gryfja, 3. rykkorn, 4. vitsmunamissir, 5. sigað, 7. nakinn, 10. draup, 13. gaul, 15. innýfla, 16. kærleikur, 19. svörð.

LAUSN
16. ást, 19. mó.
LÓÐRÉTT: 1. gríð, 3. ar, 4. viltíð, 5. 18. sem, 20. þr, 21. tróð.
LÁRÉTT: 2. Java, 6. ra, 8. rí, 9. óll, 11. tít, 12. flagg, 14. skóli, 16. áb, 17. ið, 18. átt, 7. allsber, 10. lak, 13. gól, 15. ióra.

RÚNAR F. RÚNARSSON: Í ÚRSLIT Í DÖNSKUM RAUNVERULEIKAÞETTI

Danskir fjölmiðlar heillast af íslenskum söngvara

„Síminn hringir látaust,“ segir Akureyringurinn Rúnar F. Rúnarsson, eða Rúnar Eff, sem er kominn í úrslit í danska raunveruleikaþettinum All Stars. Lokabátturinn verður í beinni útsendingu á sjónvarpsstöðinni TV2 á föstudagskvöld.

1,2 milljónir Dana hafa horft á þáttinn í viku hverri og hefur áhorfið aldrei verið meira þar í landi. Rúnar hefur vakið mikla athygli, bæði fyrir sönghæfileika sína og fyrir að vera eini Íslendingurinn sem tekur þátt í keppninni. Hann segist vongóður um sigur á föstudaginn. „Það þýðir ekkert annað. Það er mikið af fólki sem styður okkar lið. Þegar ég söng um daginn lagið Joanna náðum við 48% atkvæða,“ segir Rúnar, sem var umsetinn af fjölmiðlum daginn eftir. Fór hann meðal annars í viðtöl hjá Berlingske Tidende og Extra Bladet, tveimur af stærstu blöðum Danmerkur. „Þau sögðu að Íslendingur hefði tryggt þeim sigurinn og gerðu grín að því að þetta væru einu góðu fréttirnar frá Íslandi.“

Rúnar var einnig drifinn í viðtal hjá tímaritinu Billet Bladet sem hefur einbeitt sér að slúðri um dönsku konungsfjölskylduna. „Þeir voru að taka myndir af prinsinum í veiðiferð í Óðinsvéum og renndu svo við og töluðu við mig,“ segir Rúnar, sem hefur einnig farið í viðtal hjá Se og Hör, auk þess sem sjónvarpsstöðvar hafa rætt við hann.

Fjórar danskar poppstjörnur tóku þátt í fyrsta þætti All Stars og fékk hver þeirra að hafa tuttugu manna kór á bak við sig. Rúnar tekur þátt sem meðlimur í kór rapparans MC Clemens og á dögnum söng Rúnar einsamall hið



UPPI Á SVIÐI Rúnar Eff syngur lag Kims Larsen, Joanna, í raunveruleikaþettinum All Stars á sjónvarpsstöðinni TV2.

vinsæla lag Joanna eftir Kim Larsen. „Þetta alveg steinlá bara. Ég er búinn að fá heilmikla athygli eftir það.“ Framtíðin virðist brosa við Rúnar í Danmörku því hann á nú í viðræðum við danskan umboðsmann um samstarf auk þess sem TV2 íhugar að gefa út Joanna með söng hans. Jafnframt er útgáfa Rúnar af lagi A-ha, Take One Me, á leið í spilun á dönskum útvarpsstöðvum.

Í úrslitunum á föstudaginn syngur Rúnar lagið Joanna á nýjan leik og því næst syngur MC Clemens með aðstoð kórsins lagið I kan ikke slå os ihjel, sem er baráttsöngur Kristjáníu. Fari svo að þeir beri sigur úr býtum renna sigurlaunin, um sex milljónir íslenskra króna, í uppbyggingu á hljóðveri fyrir ungt fólk í Sønderborg, heimaborg MC Clemens.

freyr@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Undirbúningur fyrir Áramótaskaup sjónvarpsins stendur nú sem hæst en það er **Silja Hauksdóttir** sem leikstýrir því. Óvenju fáir útitökudagar eru skipulagðir í tengslum við Skaupið en ástæðan er sú að það verður með nýstárlegu sniði. Verulegur hluti þess verður tekinn upp fyrir framan áhorfendur og mun það að nokkru sverja sig í ætt við Saturday Night Live-gamanþættina sem margir þekkjá.

Enginn efast um gagnsemi auglýsinga en hitt er að þar gildir að láta ekki staðreyndir og sparðatíslu standa í vegi fyrir góðri sögu. Eins og þegar **Páll Óskar** hefur gamlan gsm-síma sinn til marks um fjárhagslega heilsu sína þegar hann auglýsir Byr. Gamli sími Páls er þing sem hann svarar í, hringir úr, tekur myndir af og spilar Snake. Þeir sem hins vegar hafa reynt að hringja í Pál fá oft en ekki tálhólf sem tilkynnir að ekki þýði að reyna að ná í hann því Páll sé bókaður út árið og vel það.

Þegar **Guðni Ágústsson** hætti á þingi og sem formaður Framsóknarflokksins urðu þingmenn hvumsa. Enda nokkuð óvænt brotthvarf þessa eins sérstæðasta stjórnmálamanns þjóðarinnar sem nú unir hag sínum vel á Klóruar. En menn leita eftir sennilegri skýringu. Þegar **Lára Ómarsdóttir** Ragnarssonar hætti á Stöð 2 hittu Guðni Ómar fyrir tilviljun í Kaupmannahöfn. Spurði Guðni Ómar hvort hann væri ekki stoltur af dóttur sinni fyrir að hafa hætt og bætti við: „Það mættu fleiri taka hana sér til fyrirmyndar.“ Hvort þarna hafi hugmyndin kviknað í kolli Guðna við þessi orð, að hætta við fyrsta tækifæri, er svo spurning. - jbg

Jólin þín hefjast á Vísi

Jólaalög Jólasögur

Gjafahugmyndir

Jólamatur Jólafréttir

VÍSIR.IS

Baltasar gerir mynd í Kanada

„Ég veit ekki hvort þetta verður næsta kvikmyndin mín. Ef öll plön ganga upp þá verður hún það. Ef ekki þá hef ég alltaf Grafarþögn og svo víkingamyndina,“ segir Baltasar Kormákur, leikstjóri og margfaldur Eddu-verðlaunahafi.

Frá því er greint í kvikmyndabíbliunni Variety að kanadíska kvikmyndafyrirtækið Whisbang hafi tryggt sér starfskrafta Baltasars og muni framleiða næstu kvikmynd hans, The Bird Artist. Kvikmyndin er byggð á verðlaunabók Howard Newman og er dramatísk ástorsaga sem gerist á Nýfundnalandi árið 1911. „Reyndar er ég að skoða möguleikana á því að taka hana upp hér á landi en við verðum bara að

sjá hvernig efnahagsumhverfið fer með okkur.“ Kanadísk kvikmyndagerð hugsar sér nú til hreyfings og hyggst nema ný lönd. Fram kemur í Variety að kanadískar kvikmyndir þyki fremur þunglyndislegar og þrúgandi þar sem sérkennileg kynhneigð eða eiturlyfjaneysla sé oftast í forgrunni. Nú eigi hins vegar að blása í herluðra og reyna að búa til „alþýðlegar“ kvikmyndir sem skili einhverjum aukum aftur í kassann. Telefilm, kanadíski kvikmyndasjóðurinn, hefur því ákveðið að veita þremur framleiðslufyrirtækjum aukafjármagn til að gera áhorfsvænni kvikmyndir og er Whisbang eitt þeirra.

Íslenski leikstjórinn gat ekki upplýst um neina leikara enda hefðu þeir ekki verið ráðnir. Vonir stæðu síðan til að tókur hæfust snemma á næsta ári. Baltasar þarf hins vegar ekkert að kvíða verkefnaskorti því að eigin sögn þá hrúgast handritin inn á borð til hans. Ekki hefur skemmt fyrir að fjallað var um sigur Brúðgumans á Eddu-verðlaunum í flestum helstu kvikmyndatímaritum. - fgg

Í NÓGU AÐ SNÚAST Baltasar Kormákur getur ekki kvartað undan verkefnaskorti. Næsta verkefni Baltasars verður að öllum líkindum að hefja kanadíska kvikmyndagerð til vegs og virðingar á nýjan leik.



ÞAÐ ER MITT VAL AÐ VERA Í GÓÐU FORMI

“Ég nýt þess að búa til hollan og góðan mat.

Ég hreyfi mig reglulega og nota Slendertone til að fá stinnari líkama.

Ég nota beltið á morgnana á meðan ég tek mig til fyrir daginn, þegar ég fer út að ganga, þegar ég er að elda matinn, vinn við tölvuna eða bara þegar mér hentar.

Frábært að geta nýtt tímann svona vel. Tækið er ótrúlega einfalt, þægilegt í notkun og akkurat engin fyrirhöfn.

Gaman að sjá glæsilegan árangur eftir aðeins nokkrar vikur”.

Sigríður Arnardóttir, Sirrý fjölmiðlakona og ráðgjafi í almannatengslum



Kíktu á heimasíðuna www.sirry.is og fáðu upplýsingar um námskeið og fl.

SLENDERTONE™

System belti fyrir kviðvöðva dömu / herra
kr. 29.900,-



Eitt stjórnæki með hleðslurafhliðum, sem þú getur notað við allar tegundir Slendertone System

DÖMUPAKKI 1*

Belti + armar
þjálfar kviðvöðva og
upphandleggsvöðva
kr. 36.900.-

DÖMUPAKKI 2*

Belti + buxur
þjálfar rass og læri og
kviðvöðva
kr. 39.900.-

DÖMUPAKKI 3*

Belti + buxur + armar
þjálfar kviðvöðva, rass og
læri og upphandleggsvöðva
kr. 46.900.-

HERRAPAKKI 1

Belti + armar
þjálfar kviðvöðva og
upphandleggsvöðva
kr. 36.900.-

SLENDERTONE™
System

* væntanlegir í byrjun desember

20 mínútur með Slendertone jafngildir 120 uppsetum

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

www.hreysti.is

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



Gesthús Dúna
Tveggja manna herbergi
á kr. 5.000 nóttin

Uppbúið rúm
í svefnpokapláss
á kr. 2.000 nóttin

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantaní: 588-2100 / duna@islandia.is



BAKPANKAR
Jóns Sigurðar
Eyjólfssonar

Vinalegir þjófar

Júnínótt eina árið 1994 sté ég úr hótélrekkju í Amsterdam og ákvað að bregða mér í reiðhjólatur um borgina. Ég rataði vissulega ekkert en nóttin var að renna sitt skeið á enda og ég átti að taka lest til Parísar að morgni og ég vildi ekki hætta á það að sofna í morgunsárið og sofa fram á miðjan dag. Ætlaði ég heldur að þrauka án þess að sofa um nóttina, og í þeim tilgangi fór ég í hjólreiðatúrinn, en sofna svo í lestinni og vakna stálsleginn í Frans.

EKKI hafði ég hjólað lengi þegar ég áttaði mig á því að ég var villtur. Nokkru síðar varð mér ljóst að ég var villtur á helst til óhentugum stað þar sem svört næturiðja hvers konar var stunduð af kappi. Ég hjólaði því eins og vænn og blóðugur mannabiti innan um hákarlatorfu. Ekki leið á löngu uns tveir skuggalegir menn brugðu sér að mér og spurðu hvað ég vildi. Þeir tóku öllum sögum um hjólreiðatúr ótrúlega. Sögðu að ég þyrfti ekki að vera með nein láta-læti hér því löggan væri hvergi nærri og þeir tvímenningar væru með þennan fína varning. Opnaði annar lófann og sýndi mér alls konar pillur sem mér skilst að hafi verið alsæla eða eitthvað því um líkt.

EN ég var síður en svo alsæll en afar stressaður og sagðist vilja halda för minni áfram. Það var ekki tekið gilt, nú skyldi hjólreiðakappinn láta þá hafa peningana. Nú voru góð ráð dýr því ferðalangurinn óreyndi var með veskið og krítarkortið í innanávasa á gallajakkanum. Ég sagðist því enga peninga hafa. Þá var þeim félögum nóg boðið og trúðu fingrum sínum í alla vasa... nema innanávasann.

EITTHVERT smáræði uppskáru þeir en að verki loknu komu þeir mér á óvart. „Jæja, félagi, hvaðan ert þú?“ spurði annar kumpánlega. Spjölluðum við nokkra stund og sýndu þeir þá af sér mun meiri þokka en stundarkorni áður. Fékk annar síðan að sitja aftan á hjá mér spölkorn meðan ég hélt út í aðra óvissu.

ÞAD er nú svo undarlegt að þótt það sé vissulega mikið áfall að verða rændur þá vona ég nú þrátt fyrir allt saman að þessir kumpánar sem hjálpuðu mér að vaka til morguns hafi ekki leiðst út í þá ógæfu að hafa opnað Icesave-reikning.



GÓÐAN DAG!
Í dag er þriðjudagurinn
25. nóvember, 329. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík 10.29	13.15	16.00
Akureyri 10.34	12.59	15.24

Heimild: Almanak Háskólans



American Express, Borgun og Icelandair vinna saman að átaki til að fjölga erlendum ferðamönnum á Íslandi og auka þannig veltu hjá íslenskum fyrirtækjum. Milljónir American Express korthafa fá beinan markpóst frá okkur þar sem Ísland er kynnt og á vefsíðu átaksins er að finna hagstæð tilboð á flugi, gistingu og fjölmörg önnur tilboð frá íslenskum fyrirtækjum.

JÁKVÆÐ MYND FRÁ ÍSLANDI NÚ LEGGJAST ALLIR Á EITT!



Átakið Discover Iceland, sem stendur til vors, vekur athygli American Express korthafa á sérstæðri náttúru og ferðamannastöðum á Íslandi um leið og kynnt eru hagstæð flugfargjöld, gistimöguleikar og verslunartækifæri. Markmið átaksins er að auðvelda viðskipti, auka veltu hjá fyrirtækjum og fá verðmæta viðskiptavini til landsins á erfiðum tímum.

Fleiri en 60 verslanir, veitingastaðir og þjónustufyrirtæki hafa nú þegar lagt sitt af mörkum með því að leggja fram sérstakan afslátt og við hvetjum fleiri til að vera með okkur í þessu einstæða markaðsátaki fyrir Ísland.

Nú leggjast allir á eitt!

www.americanexpress.is/discovericeland/



KREDITKORT

BORGUN